

**SKOÐUN** Guðríður Arnardóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, skrifar um fjölgun á félagslegum íbúðum í bænum. 21



**MENNING** Húðflúrneminn Aðalborg Birta Sigurðardóttir ætlar að flúra foreldra sína. 46



**SPORT** Páll Axel þarf eina körfu til að bæta metið yfir flestar þriggja stiga körfur í efstu deild karla. 43







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
23. janúar 2014
19. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Hafnar huglægu mati

Menntamálaráðherra segir ekki skynsamlegt að kennarar leggi huglægt mat á nemendur. Nýtt matskerfi er nú í bígerð. Grunnskólakennari segir að nýrri námskrá sé ætlað að mæla það sem ekki er hægt að mæla með hefðbundnum prófum. 10

**Vísa ekki fátækum frá** Dagur B. Eggertsson segir að börnum sé örsjaldan vísað frá leikskóla eða frístundaheimilum. Borgin hjálpi foreldrum í greiðsluerfiðleikum eftir bestu getu. 2

**Afsláttur til Mýflugs** Sjúkratryggingar Íslands gengu fyrir tveimur vikum frá 44 milljóna króna afslætti til handa Mýflugi vegna ábyrgðaryfirlýsingar í tengslum við sjúkraflug. 6




22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | V | 6 |
| Akureyri | 1° | | SV | 3 |
| Egilsstaðir | 2° | | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | | SV | 5 |
| Reykjavík | 2° | | V | 7 |

**Slydda eða rigning** vestan og norðan til en snjókoma á V-fjörðum. Nokkuð bjart allra austast. Strekkingur með S-ströndinni annars hægari vindur. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Nýir Bílar | Fólk**




# Verkalýðhreyfingin klofin í samningum

Um helmingur félagsmanna aðildarfélaga ASÍ hefur fellt nýgerðan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins. Forseti sambandsins segir að nú verði menn að komast að því hvað fólk vilji semja um. Formaður SA segir svigrúm til launabreytinga fullnýtt.

**KJARASAMNINGAR** Um helmingur félagsmanna aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands felldi kjarasamninga sem skrifað var undir í desember. Samtök atvinnulífsins samþykktu samninginn. Þetta þýðir að helmingur launafólks á almenna vinnumarkaðnum er kominn með bindandi kjarasamning til eins árs en hinir verða að reyna að semja upp á nýtt.

Í næsta mánuði ætluðu aðilar vinnumarkaðarins að hefja gerð kjarasamnings til langs tíma, sú samningagerð er nú í uppnámi.

Mjög lítil kosningaþátttaka var hjá flestum verkalýðsfélögunum. Hún var til dæmis innan við 30 prósent hjá Starfsgreinasambandinu og hjá VR var hún tæp fjórtán prósent.

„Það er erfitt að draga víðtækar ályktanir þegar svo mjótt er á munum og lítil þátttaka í atkvæðagreiðslunni. Það má hins vegar lesa úr þessu ákveðna vantrú á að kjarasamningurinn myndi leiða til raunverulegrar kaupmáttaraukningar,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Samningurinn fullnýtti það svigrúm sem Seðlabankinn taldi til launabreytinga sem var upp á fjögur prósent. Svigrúmið eykst ekki þó menn felli samninginn,“ segir Þorsteinn.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að menn hafi vitað að samningurinn væri umdeildur. Nú verði að ræða við baklandið og komast að því hverju fólk hafi verið að hafna.

- eb, - jme / sjá síðu 4.

## Lítið traust á aðgerðum stjórnvalda



Sigurður Bessason, talsmaður Flóabandalagsins, segir menn hafa vitað að erfitt yrði að fá samningana samþykkta, þar sem margt hafi gerst frá því að samið var.

„Það vantaði ýmislegt frá ríkisstjórninni varðandi til dæmis húsnæðismál og skattamál. Kallað var eftir lækkun á lægsta skattþrepinu og meiri hækkun persónuafsláttar en ríkið vildi ekki fallast á það. Þegar verðið er að horfa til stöðugleika og lækkunar verðlags skiptir máli að þetta komi allt saman,“ segir hann.



**ÖSKRA Í RÁÐHÚSINU** Sviðslistahópurinn Shalala afhenti Reykjavíkurborg svokallaðan öskurklefa við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Erna Ómarsdóttir og Ólafur Darri Ólafsson afhentu klefann með miklu öskri og Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, og Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, tóku undir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VALIN Á BERLINALE** Ása Helga hyggst gera kvikmynd upp úr bók Guðbergs Bergssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ása Helga Hjörleifsdóttir:

## Gerir mynd úr Svani Guðbergs

**MENNING** Mynd sem Ása Helga Hjörleifsdóttir hyggst gera eftir bókinni Svaninum eftir Guðberg Bergsson var valin á Berlinale Co-production-markaðinn. Ásu hefur lengi langað að gera kvikmynd eftir bókinni.

„Það gerðist eitthvað þegar ég las þessa bók sem varð til þess að mig langaði að gera bíómyndir. Þessa baksögu gat ég notað í sumar þegar ég var að berjast fyrir réttinum til þess að gera myndina.“

Ása Helga þurfti að keppa um réttinn að bókinni við aðra kvikmyndagerðarmenn. „En ég naut trausts Guðbergs fyrir þessu verkefni. Hann hefur verið mér hliðhollur frá upphafi.“

ue / sjá síðu 46

Ísland tapaði á EM í gær:

## Strákarnir fengu skell

**HANDBOLTI** Ísland mátti þola níu marka tap gegn léttleikandi liði Dana, 32-23, á EM í gær – þrátt fyrir að þeir dönsku hafi hvílt þrjá af sínum bestu leikmönnum í leiknum. Ekkert var í húfi fyrir liðin því úrslit leiksins breyttu engu um lokastöðu riðilsins.

Ísland spilar um fimmta sæti mótsins gegn Póllandi á morgun. „Það væri frábært að ná fimmta sætinu og kveðja á góðan hátt. Við munum gera allt til þess,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson eftir leikinn í gær.

Leikurinn gegn Póllandi hefst klukkan 15.00 á morgun.

- esá / sjá síðu 42






Póst- og fjarskiptastofnun mun fylgja eftir tilmælum til fjarskiptafélaga:

# Munu sannreyna gagnaeyðingu

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) mun ganga úr skugga um að fjarskiptafyrirtæki geymi ekki gögn um símtöl lengur en í sex mánuði eins og lög segja til um.

Stofnunin sendi fjarskiptafyrirtækjum bréf þann 6. desember þar sem óskað var eftir því að fyrirtækin færu yfir verklag sitt, öryggisráðstafanir og skipulag í ljósi árásarinnar á tölvukerfi Vodafone þann 30. nóvember. Eftir atvikum átti að uppfæra stjórnskipulag og verklagsreglur fyrirtækjanna. Fyrirtækin fengu frest til loka þessarar viku til að skila gögnum til PFS. Nú þegar hafa stofnuninni borist einhver gögn.

„Við munum svo fara yfir þessi gögn á næstu dögum og vikum og í framhaldi af því munum við gera vettvangsathugun á stöðu þessara mála hjá öllum félögunum,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar. Um er að ræða viðamikið verkefni og telur Hrafnkell gott ef það klárast fyrir páska. „Við munum sannreyna þetta eins og kostur er.“

- skó

> **Við munum sannreyna þetta eins og kostur er.**
>
> *Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar*







## SPURNING DAGSINS



Sveinn, eru þetta klikkuð lög?

**„Já, þetta eru klikkuð lög. Það þarf að leggja þau inn og það með nauðung ef vel á að vera.“**

Sveinn Rúnar Hauksson, varformaður Geðhjálpar, telur lög sem heimila nauðungarvistum geðsjúkra ekki eiga rétt á sér.

Einu af stærstu olíufélögum heims veitt sérleyfi á Drekasvæðinu:

# Markar þáttaskil í olíuleitinni

**ORKUMÁL** Innkoma kínverska ríkisolíufélagsins CNOOC á Drekasvæðið, sem formlega var innsigluð í gær, markar þáttaskil í olíuleitinni, að mati stjórnarformanns íslenska félagsins Eykons.

Nokkrir tugir einstaklinga með mótmælaspjöld gegn olíuleit gerðu hróp að fulltrúum olíufélaganna og stjórnvalda þegar þeir gengu í Þjóðmenningarhúsið. Aðrir handhafar leyfisins eru norska ríkisolíufélagið Petoro og Eykon.

Varaforseti CNOOC, Cheng Ming, sagði fyrirtækið koma til Íslands í von um árangursríka leit. Þetta væri ónumið svæði sem hefði lítið verið rannsakað. Því þyrfti að leggja í mikla vinnu til að staðfesta að þar væri olía.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra sagði að nú væri að ljúka fyrsta áfanga á langri leið sem ekki væri útséð með hvernig endaði. Leyfismálum væri nú lokið og nú gætu fyrirtækin hafist handa.

Heiðar Már Guðjónsson, stjórnarformaður Eykons, sagði bergmálsmælingar hefjast strax næsta sumar. Boranir gætu í fyrsta lagi hafist eftir fjögur ár en í síðasta lagi eftir átta ár. **- kmu**



**MÓTMÆLI** Nokkrir tugir mótmæltu undirritun samnings vegna olíuleitar á Drekasvæðinu í gær. MYND/ÁRNI FINNSSON

Þingmenn deila á Frosta:

# Sagður koma óorði á Alþingi

**STJÓRNMÁL** Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu Frosta Sigurjónsson, formann efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, harðlega á Alþingi í gær fyrir að verða margsaga um tilurð frískuldamarks bankaskatts í fjölmiðlum.

Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingar, sagði þar að misvísandi fullyrðingar Frosta hefðu komið óorði á Alþingi. Bjarkey Gunnarsdóttir (VG) kallaði eftir afsökunarbeiðni frá Frosta. **- hks**



**ALLT Á FLOTI** Sumir á bátum, aðrir í vatni upp að mitti í höfuðborginni Jakarta. NORDICPHOTOS/AFP

Náttúruhamfarir hrekja tugi þúsunda Indónesa að heiman:

# Höfuðborgin á kafi í vatni

**INDÓNESÍA Meira en fimmtíu þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sitt í Djakarta, höfuðborg Indónesíu, vegna mikilla flóða þar undanfarið.**

**Flóðin eru árviss á þessum slóðum en hafa verið með meira móti í ár. Þau hafa kostað tugi manna lífið en hjálparstofnanir og stjórnvöld segjast, enn sem komið er, ráða nokkuð vel við ástandið.**

**Annars staðar í þessu stóra landi, á norðanverði eyjunni Súmötru, hafa meira en 25 þúsund manns þurft að flýja heimili sín vegna eldgoss í fjallinu Sinabung, sem hefur spúð eldi og ösku síðan í haust.** **- gb**

# Börnum ekki vísað frá vegna fátæktar

Dagur B. Eggertsson segir að í örfáum tilfellum sé börnum vísað frá leikskóla eða frístundaheimilum. Það sé til dæmis þegar foreldrar vilji ekki greiða tilskilin gjöld en borgin reyni að hjálpa foreldrum í greiðsluerfiðleikum eftir bestu getu.

**REYKJAVÍK** „Það er engin þöggun í gangi. Svar til Sóleyjar er líklega komið til hennar núna, það fór með útsendum gögnum fyrir borgarráðsfund sem er í dag,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, um þau orð Sóleyjar Tómasdóttur að meirihlutinn þaggi niður óþægileg mál.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Sóley væri búin að bíða í marga mánuði eftir svari frá meirihluta borgarstjórnar um misræmið sem er á innheimtureglum um skólamáltíðir annars vegar og leikskóla- og frístundapláss hins vegar, en þaðan hefur börnum verið vísað frá ef um vangoldnar skuldir foreldra eru að ræða.



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

Börnum er aftur á móti aldrei vísað frá skólamáltíðum. Sóley kallar eftir samræmi í innheimtureglum þegar kemur að grunnþjónustu við börn og vill að reglan sé sú að í engum tilfellum sé börnum vísað frá, sama hvað foreldrar skulda mikið.

„Við vísum engu barni úr röð eftir skólamáltíð,“ segir Dagur. „En í örfáum tilfellum er börnum sagt upp leikskóla- eða frístundaplássi. Nýlega var reglunum breytt til að tryggja að það sé ekki gert vegna efnahags foreldra.“

Hann segir borgina vilja gera allt til að styðja fjölskyldurnar. „Við viljum ekki vísa börnum frá og gerum það ekki vegna fjárhagserfiðleika foreldra. Í þeim örfáu tilfellum sem barni er vísað frá þá er ekki um foreldra í greiðsluvanda að ræða heldur er hreinlega ekki greiðsluvilji til staðar. Það er heldur ekki vilji til að þiggja aðstoð eða það eru ekki forsendur fyrir hendi um að foreldrarnir fái aðstoð.“

Dagur tekur fram að greiðslur vegna þjónustugjalda berist í 97-98 prósentum tilfella og því sé um lítinn hóp að ræða sem skuldar gjöld.

„Nýlega var búinn til verkferill sem tryggir að betur sé tekið á málum fjölskyldna sem eru í greiðsluvanda. Við viljum koma til móts við þessar fjölskyldur, aðstoða þær og grípa inn í áður en vandinn hleðst upp og verður óviðráðanlegur.“

Foreldrum í greiðsluvanda er boðið í viðtal hjá ráðgjöfum þjónustumiðstöðva þar sem farið er yfir fjármál fjölskyldunnar.

„Í flestum tilfellum finnst lausn á málunum og því ekki þörf á að grípa til aðgerða. En svo eru það þessi örfáu tilfelli þar sem samstarfsvilji er ekki fyrir hendi og þá getum við ekki útilokað að grípa þurfi til þess að vísa barni frá þjónustunni.“ **erlabjorg@frettabladid.is**



**SKÓLAMÁLTÍÐ** Borgin vísar engum börnum úr röðinni eftir skólamáltíð, sama hver skuldastaða foreldra er. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Ekki er um foreldra í greiðsluvanda að ræða heldur er hreinlega ekki greiðsluvilji til staðar.**

*Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs*

Mafíósar handteknir á Ítalíu:

# 90 handteknir í áhlaupi á mafíu

**ÍTALÍA** Lögreglan á Ítalíu handtók í gær 90 manns í umfangsmikilli aðgerð gegn skipulagðri glæpastarfsemi þar í landi. Þá lagði lögreglan hald á eignir fyrir um tæpa 35 milljarða króna hjá fyrirtækjum sem rekin eru af Contini-fjölskyldunni. Sú fjölskylda er hluti af Camorra-samtökunum.

Í frétt á vef BBC segir að aðgerðirnar hafi að mestu farið fram í Napólí, en einnig í Flórens og Róm. Meðal þeirra fyrirtækja sem aðgerðin beindist að var vinsæll veitingastaður sem er nálægt þinghúsunum í Róm. **- skó**

Samningarnir hjálpa til:

# Verðbólguálag lækkar hratt

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólguálag skuldabréfa hefur lækkað hratt það sem af er árinu, að því er fram kemur á vef Samtaka atvinnulífsins (SA).

„Verðbólguálagið er mismunur vaxta á óverðtryggðum og verðtryggðum skuldabréfum með sama líftíma og endurspeglar verðbólguvæntingar aðila á skuldabréfamarkaði,“ segir á vef SA. „Verðbólguálagið á skuldabréfum til fimm ára var 4,22% í ársbyrjun en hafði lækkað í 3,71% um miðjan mánuðinn.“ Skýringin er sögð liggja í markmiði kjarasamninganna um hjöðnun verðbólgu. **- óká**




Lögreglan í Úkraínu varð tveimur mótmælendum að bana í gær:

# Átökin í Kænugarði harðna

**ÚKRAÍNA** Lögreglan í Úkraínu skaut á mótmælendur í Kænugarði í gærmorgun með þeim afleiðingum að tveir mótmælendur létu lífið.

Óttast er að enn muni harkan í borginni aukast í kjölfar atburða gærdagsins. Þegar líða tók að kvöldi hafði fjöldi fólks flykkst niður í miðborgina til liðs við þá sem fyrir voru.

Evrópusambandið hefur fordæmt framferði lögreglunnar og bandarísk stjórnvöld hafa ógilt vegabréfsáritanir nokkurra úkraínskra embættismanna.

Þá hafa forsetar Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins fordæmt ofbeldið í Úkraínu.

Viktor Janúkovítsj, forseti Úkraínu, hefur dögum saman hundsað leiðtoga stjórnarandstöðunnar en átti nokkurra klukkustunda fund með þeim í gær.

Mótmælin hófust í nóvember eftir að Janúkovítsj ákvað að hætta við samstarfssamning við Evrópusambandið en efla í staðinn tengslin við Rússland. **- gb**



**ÁTÖK Í KÆNUGARÐI** Mótmælandi beitir barefli sínu á hóp lögreglumanna sem bera skildi sína fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ENNEMM / SIA / NM61092

# Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka þakkar fyrir gott samstarf 2013

GARÐABÆR

Útgáfa og umsjón með skráningu skuldabréfaflokks

TM

Umsjón með almennu útboði og töku til viðskipta

EIK FASTEIGNAFÉLAG

Ráðgjöf við hlutafjáraukningu. Umsjón með skráningu skuldabréfaflokks



FAST-1 SLHF.

Umsjón með skráningu skuldabréfaflokks



HEKLA

Ráðgjafi kaupanda

ÍSMAR

Ráðgjafi seljanda



NORDIC VISITOR

Ráðgjafi seljanda

HTO ehf.
(Höfðatorg)

Umsjón með opnu söluferli



Reginn FASTEIGNAFÉLAG

Sala og útgáfa skuldabréfaflokks

N1

Umsjón með almennu útboði



Frumherji

Fjárhagsleg endurskipulagning

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## SVONA ERUM VIÐ



**630.000** var fjöldi gesta

**bókasafna Borgarbókasafns á árinu 2013.**

Fjöldi gesta á bókasöfnum borgarinnar hefur farið minnkandi undanfarin ár. Árið 2011 voru gestir 656.000 talsins, en árið 2012 fækkaði þeim í 637.000. *Heimild: Reykjavíkurborg*

Djúpstæður ágreiningur um stöðu Assads Sýrlandsforseta:

# Engar sættir virðast í sjónmáli

**SVISS** Djúpstæður ágreiningur um stöðu Assads Sýrlandsforseta kom strax upp á yfirborðið við upphaf Sýrlandsráðstefnunnar í Sviss í gær.

Walid al Moallem, utanríkisráðherra Sýrlands, hafnaði því að afsögn Assads yrði hluti af friðarsamningum. Amhad al Jarba, leiðtogi sýrlenskra stjórnarandstæðinga á ráðstefnunni, sagði strax á eftir að aldrei yrði hægt að sætta sig við annað en að Assad hætti.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafði fyrr um morguninn útilokað að Assad yrði aðili að bráðabirgðastjórn, sem lögð hefur verið til sem lausn á deilunni. Assad hafi glatað öllum trúverðugleika eftir að hafa ráðist gegn eigin þjóð og engin leið verði til að bæta úr því.

Meira en 130.000 manns hafa fallið í átökunum síðustu þrjú ár.

Á ráðstefnunni eru auk fulltrúa sýrlensku stjórnarinnar og stjórnarandstæðinga staddir fulltrúar Bandaríkjanna, Rússlands, Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins og fjölmargra annarra ríkja. - gb



**WALID AL MOALLEM** Utanríkisráðherra Sýrlands er meðal fundarmanna á ráðstefnunni í Montreaux. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ESB kynnir tillögur sínar:

# Ný markmið í loftslagsmálum

**EVRÓPUMÁL** Framkvæmdastjórn ESB hefur kynnt tillögu um að aðildarríki muni árið 2030 hafa dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent frá því sem var árið 1990.

Framkvæmdastjórnin hefur áður verið gagnrýnd fyrir að ganga ekki nógu langt í kröfum um aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar verður nú lögð fyrir Evrópuþingið og leiðtogaráðið. - gb

## SVEITARSTJÓRNARMÁL



**Elín vill 2.-3. sæti**

**Elín Oddný Sigurðardóttir** fulltrúi VG í Reykjavík í mannréttindaráði og varamaður í velferðarráði og hverfisráði Háaleitis, gefur kost á sér í 2.-3. sæti á valfundi Vinstri grænna til borgarstjórnarkosninga.



**Dóra í fjórða sæti**

**Dóra Magnúsdóttir** gefur kost á sér í fjórða sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík. Hún er stjórnsýslufræðingur að mennt, fædd og uppalin í Reykjavík og vann hjá Reykjavíkurborg frá 2003 til 2013, sem markaðsstjóri hjá Höfuðborgarstofu.



**Sóley vill leiða VG áfram**

**Sóley Tómasdóttir** býður sig fram til að leiða áfram lista Vinstri grænna í borgarstjórn á næsta kjörtímabili. Hún hefur starfað á vettvangi borgarstjórnar frá 2006 og verið oddviti flokksins frá 2010.



**Dóra Lind gefur kost á sér**

**Dóra Lind Pálmarsdóttir** gefur kost á sér í 4. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ. Hún er byggingartæknifræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og starfar á byggingasviði Eflu verkfræðistofu.

# Verkalýðshreyfingin klofin í afstöðu til kjarasamninga

Um helmingur félagsmanna aðildarfélaga ASÍ hefur fellt nýgerðan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins. Forseti sambandsins segir að nú verði menn að tala við baklandið og komast að því hvað fólk vilji semja um.

**KJARASAMNINGAR** Flókin staða er komin upp á vinnumarkaði eftir að um helmingur félagsmanna aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands felldi kjarasamninga sem skrifað var undir í desember. Samtök atvinnulífsins samþykktu samninginn. Þetta þýðir að helmingur launafólks á almenna vinnumarkaðnum er kominn með bindandi kjarasamning til eins árs en hinir verða að reyna að semja upp á nýtt.

Í næsta mánuði ætluðu aðilar vinnumarkaðarins að hefja gerð kjarasamnings til langs tíma, sú samningagerð er nú í uppnámi.

Flest félög Starfsgreinasambandsins felldu samninginn og það sama gerðu rafiðnaðarmenn.

Mikill meirihluti verslunarmanna samþykkti hann, svo og Samiðn.

Mjög lítil kosningaþátttaka var í flestum verkalýðsfélögunum. Hún var til dæmis innan við 30 prósent hjá Starfsgreinasambandinu og hjá VR var hún tæp fjórtán prósent.

Hjá mörgum félögum var samningurinn felldur eða samþykktur með litlum mun.

„Það er erfitt að draga víðtækar ályktanir þegar svo mjótt er á mununum og lítil þátttaka í atkvæðagreiðslunni. Það má hins vegar lesa úr þessu ákveðna vantrú á að kjarasamningurinn myndi leiða til raunverulegrar kaupmáttaraukningar,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir að ekki sé svigrúm til frekari kauphækkana en búið var að semja um sé mönnum alvara með að ná fram verðstöðugleika hér á landi.

„Samningurinn fullnýtti það svigrúm sem Seðlabankinn taldi til launabreytinga sem var upp á fjögur prósent. Svigrúmið eykst ekki þó menn felli samninginn,“ segir Þorsteinn.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að menn hafi vitað að samningurinn væri umdeildur.

„Þetta var skammtímasamningur sem fól í sér ákveðnar launabreytingar. Þetta var samningur við stjórnvöld um gengis- og peningamál en líka um skatta- og verðlagsmál. Svo átti að leggja upp með forsendur inn í framtíðina fyrir lágri verðbólgu og lágum vöxtum.“ Gylfi segir að nú verði að ræða við baklandið og komast að því hvað fólk vilji semja um og hverju það hafi verið að hafna þegar það felldi samningana. johanna@frettabladid.is



**FRÁ KARPHÚSINU** Fulltrúar SA og ASÍ fögnuðu undirskrift kjarasamninga fyrir áramót með hefðbundnum hætti. Nú hefur um helmingur félagsmanna aðildarfélaga ASÍ hafnað samningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN JÚLÍUS

### ➜ Fara yfir gagnrýni



Í desember stóðu menn frammi fyrir því að vera komnir á botninn án þess að fara í átök. Niðurstaðan var svo lögð fyrir félagsmenn, sem felldu samninginn, og nú þarf að skoða aftur það sem þeir settu út á hann. Þetta er lýðræðisleg niðurstaða og nú skoðum við málin áður en næstu skref verða ákveðin.

*Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins*

### ➜ Bíða átekta



Staðan er einfaldlega sú að félagsmenn VR samþykktu samningana og það koma inn hækkanir um næstu mánaðamót. Staðan í heild gæti þó haft áhrif á okkar niðurstöðu því samningarnir byggja á aðfararsamningi, sem snýr að því að allir vinni saman að stöðugleika og kaupmáttaraukningu. Við verðum að sjá hvað gerist á næstu dögum.

*Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR*

### ➜ Veik aðkoma ríkis



Menn vissu að þetta yrði erfitt, þar sem margt hefur gerst síðan samið var. Það eru mismunandi ástæður fyrir því að félögin felldu samningana en ein ástæðan er hvað ríkisstjórnin kom veikt að samningnum og lítið til móts við kröfur. Það er lítið traust á aðgerðum stjórnarinnar. Næst er að ræða við sáttasemjara og kalla saman samninganefndina.

*Sigurður Bessason, talsmaður Flóabandalagsins*

### ➜ Flækir stöðuna



Þetta flækir stöðuna að því að leyti að helmingur félaga ASÍ er með samþykkta samninga og hinn ósamþykkta. Við erum að meta hvað við gerum. Við höldum miðstjórnarfund á fimmtudag og munum ákveða þar næstu skref. Líklega þurfum við að setjast aftur að borðinu með SA og sjá hvort það er eitthvað frekar í boði, sem ég held að sé ekki.

*Kristján P. Snæbjörnsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**Á morgun**
Strekkingur og sums staðar hvassviðri.



**Laugardagur**
Strekkingur sunnanlands en hægari vindur norðan til.

**HITASTIGIÐ ROKKAR** heldur upp og niður næstu daga og þó sveiflurnar verði ekki miklar nægja þær til þess að úrkoman verður nokkuð breytileg, ýmist snjókoma, slydda eða rigning. Snjókoman verður þó að mestu bundin við norðanvert landið.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Berlín | -2° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 19° | New York | -7° | París | 7° |
| Aþena | 16° | Billund | 0° | Gautaborg | 0° | London | 6° | Orlando | 16° | San Francisco | 17° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 14° | Ósló | -7° | Stokkhólmur | -5° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# 1 AF HVERJUM 3
## HEFUR SAFNAÐ FYRIR ÖKUTÆKI

HVITA HUSID/SIA 13-0651

## FYRIR HVERJU
## LANGAR ÞIG AÐ SAFNA?

Einfaldasta leiðin til að safna fyrir því sem þig langar í er að setja þér markmið og leggja fyrir.

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir Arion banka í ýmsum tilgangi, til lengri eða skemmri tíma, með stór eða smá markmið.

**Reglulegur sparnaður** í sjóðum og sparnaðarreikningum er einföld og áhrifarík leið að settu marki.

Farðu inn á **arionbanki.is/sparnaður** og skoðaðu hvernig þú nærð þínum markmiðum eða hafðu samband við næsta útibú Arion banka.




REGLULEGUR SPARNAÐUR

M.v. 10.000 kr. reglulegan sparnað á mánuði og 4% vexti

Arion banki

Samkvæmt sparnaðarkönnun Capacent og Arion banka

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu gömul voru símtölin sem lögreglan fékk hjá Vodafone við rannsókn á kynferðisbrotamáli?
**2.** Í hve mörgum verslunum í Bandaríkjunum selur Sigurður Kjartan Hilmarsson skyr?
**3.** Hvaða verk setti Þorleifur Örn Arnarsson upp í Bonn?

**SVÖR:**
1. 5 ára. 2. 4.000. 3. Niflungana.

Ísland er sagt sífellt vinsælli vetrarviðkomustaður hjá bresku ferðafólki:

# Breska ferðamenn skortir krónur

**VIÐSKIPTI** Spá bresku Ferðamálastofunnar gerir ráð fyrir því að yfir 100.000 Bretar sæki Ísland heim á þessu ári. Frá því er greint á vef DigitalJournal.com að opinberar tölur í Bretlandi bendi til þess að 95 þúsund hafi komið hingað í fyrra, en gert er ráð fyrir sex prósenta aukningu milli ára.

Um leið er varað við skorti á krónum á breskum gjaldeyrismarkaði og vísað í umfjöllun The Telegraph þar Bretar eru hvattir til þess að sýna fyrirhyggju í að útvega sér gjaldeyri. Thomas Exchange Global, sem sérhæfir sig í gjaldeyrisskiptum, tilkynnti hins vegar í gær að það hefði tryggt sér nægar birgðir af krónum til að anna eftirspurn ferðafólks.

„Aukagjöld leggjast á þegar fólk notar kredit- eða debetkort í fríi sínu á Íslandi til að greiða fyrir vörur og þjónustu og svo gæti skiptigengi verið óhagstætt á hótelum og veitingastöðum fyrir pund, dollara og evrur," er haft eftir Trevor Samuel, sérfræðingi Thomson Exchange Global. **- óká**



**PENINGAR** Fyrirtæki sem sérhæfir sig í gjaldeyrisskiptum segist hafa tryggt sér nægar krónur til að anna eftirspurn bresks ferðafólks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Danskir kennarar ósáttir:

# Fjöldi flýtir töku eftirlauna

**DANMÖRK** Annríki er nú hjá danska kennarasambandinu við útreikninga á eftirlaunum. Í frétt á vef danska ríkisútvarpsins segir að fjöldi kennara hyggist flýta starfslokum og fara á eftirlaun vegna breyttra reglna um vinnutíma og breytinga í grunnskólanum vegna nýrra laga. Það er mat margra kennara að nýju grunnskólalögin hindri störf kennara. Ekki er talið að skortur verði á kennurum í fyrstunni. Hans kunni þó að verða vart eftir eitt eða tvö ár. **- ibs**

ERRÓ

TIL SÖLU 2 MÁLVERK OG NOKKRAR GRAFÍKMYNDIR EFTIR LISTAMANNINN ERRÓ.

NÁNARI UPPL. Í haukur@fastis.is eða 822-4850.

# Fá 44 milljóna króna afslátt á bankaábyrgð

Sjúkratryggingar Íslands gengu fyrir tveimur vikum frá 44 milljóna króna afslætti til handa Mýflugi vegna ábyrgðaryfirlýsingar í tengslum við sjúkraflug. Ástæðan er sögð vanefndalaus viðskipti frá upphafi. Engin skjöl séu til um þessa ákvörðun.

**STJÓRNSÝSLA** Mýflug hefur fengið 44 milljóna króna afslátt af ábyrgðaryfirlýsingu sem félaginu er skylt að leggja fram vegna samnings síns um sjúkraflug fyrir ríkið.

„Mýflug hefur sinnt skyldum sínum án vanefnda frá upphafi viðskipta," segir í svari Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um ástæður þess að upphæð ábyrgðaryfirlýsingarinnar var lækkuð úr 88,5 milljónum króna í 44 milljónir. Bankaábyrgðin er frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Þá segja Sjúkratryggingar að einnig sé litið til þess að Mýflug hafi til ráðstöfunar tvær varaflugvélar í stað einnar varavélar sem kröfur í útboði kváðu á um.

„Sjúkratryggingar Íslands hafa því fallist á þá röksemd að líkur á vanefndum sem ábyrgðinni er ætlað að dekka, svo sem vegna rekstrarstöðvunar eða sambærilegra atriða, séu minni en upphaflega var gert ráð fyrir," segir í svari stofnunarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá SÍ er ekkert skjal til um þessa ákvörðun sem virðist hafa verið endanlega staðfest fyrir tveimur vikum. „Fimmtudaginn 9. janúar síðastliðinn var lokið við að undirrita samkomulag um breytingar á samningnum milli SÍ og Mýflugs sem fyrrgreind ákvörðun byggir á," hljóðar svar Sjúkratrygginga þegar spurt er hvort ekkert sé skráð hjá stofnuninni um þá ákvörðun að lækka ábyrgðaryfirlýsingu Mýflugs.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu var samþykkt með fjáraukalögum á Alþingi fyrir jól að greiða nýjan 43 milljóna króna sjúkrabúnað í stað þess sem ríkið átti og eyðilagðist er sjúkraflugvél Mýflugs fórst á Akureyri í ágúst. Upphæðin var færð á liðinn „tapaðar kröfur og tjónabætur" hjá ríkinu. „Í því tilviki sem um ræðir var ljóst að búnaðurinn var tapaður," svarar fjármálaráðuneytið um ástæður þess.

Í samningi við Mýflug er þó tekið fram að félagið beri ábyrgð á tjóni sem SÍ eða aðrir verði fyrir við framkvæmd sjúkraflugsins. Ekki var gerð tilraun til að innheimta þessa kröfu gagnvart Mýflugi og ákvæðisins var hvorki getið í minnisblaði heilbrigðisráðherra til fjármálaráðherra né í greinargerð sem lögð var fyrir Alþingi. Heilbrigðisráðuneytið segir ákvæðið ekki hafa verið nefnt í minnisblaðinu því það sé hefðbundið ákvæði slíkra samninga sem staðfestir séu af fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem sé því kunnugt um þessa grein samningsins.

Er heilbrigðisráðuneytið var spurt um málið fyrr í þessum mánuði sagði það rétt að samkvæmt samningi hafi Mýflugi borið ábyrgð á meðferð sjúkrabúnaðarins.

„Í þessu máli er ekki augljóst að ríkið eigi kröfu á hendur Mýflugi vegna búnaðarins. Þessi mál verða skoðuð í heild en ekki er tímabært að fullyrða neitt að svo stöddu," útskýrði ráðuneytið 7. janúar. Eftir það hefur ráðuneytið sagst ekki mundu tjá sig frekar um hugsanlega kröfu á hendur Mýflugi á meðan málið sé til skoðunar.

**gar@frettabladid.is**




### Ábyrgð og tryggingar í sjúkraflugi



Verksali ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka, og auk þess því tjóni er SÍ eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess. Verksali skal sjá um að keyptar séu allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal verksali að lágmarki kaupa óafturkallanlega og óafturkræfa verktryggingu banka fyrir því að verksali efni skyldur sínar samkvæmt samningi. Miða skal við að upphæð tryggingar samsvari 50% samtölu grunngjalds (X) fyrir 12 mánaða tímabil (87.500.000 krónur). Fjárhæð tryggingar verðtryggist í samræmi við verðtryggingu samningsins. Ábyrgðaryfirlýsingin skal þannig orðuð að SÍ geti krafist greiðslu tryggingarinnar án undangengins dómsúrskurðar.

*9. grein samnings Sjúkratrygginga Íslands og Mýflugs um sjúkraflug.*




ÁTVR segir innflytjanda að vodkadrykkur höfði til ungmenna undir 20 ára:

# Varar við geðþóttaákvörðunum

**VERSLUN** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur varað víninnflytjanda við því að nafn á vodkadrykk sem hann hyggst flytja inn höfði sérstaklega til ungmenna undir 20 ára aldri. Innflytjandinn sakar ÁTVR um að taka geðþóttaákvarðanir.

Í bréfi frá ÁTVR kemur fram að verslunin samþykki að taka drykkinn Tempt Skinny B*tch í reynslusölu. Þar er innflytjandinn varaður við því að Alþingi fjalli nú um lagafrumvarp þar sem ÁTVR fái heimild til að hafna drykkjum á þeirri forsendu að þeir höfði sérstaklega til ungmenna.

Í bréfi ÁTVR segir að verði frumvarpið að lögum megi búast við því að ákvörðun um að taka drykkinn í sölu verði endurskoðuð. Í framhaldinu gæti þá verslunin ákveðið að hætta sölu hans.

Sigurður Örn Bernhöft, framkvæmdastjóri áfengisheildsölunnar HOB vín, varar við því að ÁTVR fái frekari heimildir til að taka geðþóttaákvarðanir um sölu á drykkjum. Hann segir enga þörf á því að breyta fyrirtækinu í eftirlitsstofnun. Aðrir aðilar séu betur til þess fallnir að gæta að lýðheilsu landsmanna en áfengissmásali. **- bj**



**VODKABLANDA** Nafnið Tempt Skinny B*tch höfðar að mati starfsmanna ÁTVR til ungmenna undir 20 ára aldri.

# IT'S MORE THAN FOUNDATION

## it's bareMinerals®




## Hefur þú upplifað töfra bareMinerals?

Förðunarfræðingar bareMinerals verða í Hagkaup Kringlunni, Garðabæ og Smáralind dagana 23. - 29. janúar. **25% afsláttur af Starter Kit.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Neyðarástand í Taílandi næstu tvo mánuðina:

# Mikil harka í róstum

**TAÍLAND, AP** Taílandsstjórn lýsti seint í fyrrakvöld yfir tveggja mánaða neyðarástandi í landinu eftir skotárás á einn stuðningsmanna stjórnarinnar.

Kwanchai Praipana, sem hafði verið í forystu meðal stuðningsmanna stjórnarinnar, varð fyrir tveimur skotum þegar vopnaðir menn óku fram hjá heimili hans og skutu af byssum sínum. Hann liggur nú á sjúkrahúsi.

Mikil harka hefur færst í mótmæli í landinu síðustu daga þar sem gerðar hafa verið árásir á mótmælendur, meðal annars var handsprengjum varpað á þá á föstudag og sunnudag með þeim afleiðingum að einn maður lét lífið og tugir særðust.

Alls hafa þá níu manns látist og meira en 550 særst í átökum sem tengjast mótmælunum gegn stjórninni síðustu mánuðina.

Stjórnarandstæðingar hafa allt frá því í nóvember krafist þess að ríkisstjórn Yingluck Shinawatra segi af sér. **- gb**







# Augljós kostur fyrir björgunarmiðstöð

Risastórt leitar- og björgunarsvæði þýðir að Ísland ber mikla ábyrgð á björgunaraðgerðum lendi skip í vandræðum, segir Ásgrímur L. Ásgrímsson hjá Landhelgisgæslunni. Ísland er að hans mati augljós kostur fyrir alþjóðlega björgunarmiðstöð.

**Svavar Hávarðsson**
Skrifar frá Tromsö
svavar@frettabladid.is



**Arctic Frontiers - ráðstefna um málefni norðurslóða**

„Reynslan af fjölþjóðlegum leitar- og björgunaræfingum sýnir að Ísland er augljós kostur fyrir alþjóðlega björgunarmiðstöð fyrir hafsvæðið á milli Íslands og Grænlands og langt norður eftir. Innviðirnir eru til staðar,“ segir Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, en hann hélt erindi um öryggismál á norðurslóðum á Arctic Frontiers ráðstefnunni sem stendur yfir í Tromsö í Noregi. Uppbygging björgunarmiðstöðvar segir hann alltaf vera langtímaverkefni, en leitar- og björgunarsvæði Íslands er um 1,8 milljónir ferkílómetra að flatarmáli.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá er unnið að undirbúningi alþjóðlegrar leitar- og björgunarmiðstöðvar á Íslandi. Málið verður sérstaklega rætt í febrúar þegar varnar- og utanríkisráðherrar Norðurlandanna funda á Íslandi.

### Fjölþættur styrkur

Ásgrímur segir styrk Íslands liggja í alþjóðaflugvelli og að stutt sé þaðan í stóra spítala. Eins sé auðvelt að hýsa fjölda fólks í Reykjavík og í Reykjanesbæ svo ekki sé talað um aðstöðuna á gamla varnarsvæðinu.

„Það er freistandi að stefna að uppbyggingu björgunarmiðstöðvar með það í huga að þörfin fyrir slíka miðstöð er raunveruleg þegar til framtíðar er litið. Menn hafa mest hugsað um tækjakostinn í þessu samhengi; björgunarskipin og flugvélarnar, en minna rætt um hvert á að fara með þá sem komast af þegar slys, til dæmis á farþegaskipi, verða. Einhvers staðar þarf að hýsa björgunarfólkið sem kæmi að stórri aðgerð og miðstöð þarf að vera til staðar til að flugvélar og skip geti tekið eldsneyti, eins þarf aðstöðu til að geyma búnað sem er nauðsynlegur,“ segir Ásgrímur en hann ræddi sérstaklega í erindi sínu um siglingar farþegaskipa til Íslands, Grænlands og víðar á norðurslóðum.

Hann segir að innviðir til björgunarstarfs séu einfaldlega ekki til staðar á Grænlandi lendi skip í alvarlegum erfiðleikum. Slíkt verði að hafa hugfast í ljósi þess að siglingar farþegaskipa eru nokkuð algengar við Grænland, þótt enn þá séu það frekar minni skipin en þau stærri sem þangað sækja.

Ásgrímur vísar til reynslunnar af stórum fjölþjóðlegum leitar- og björgunaræfingum sem haldnar voru við Grænland árið 2012 og í fyrra; undir heitinu SAREX Greenland Sea. Æfingin 2013 fór fram norðaustarlega á Grænlandshafi, milli Daneborg og Meistaravíkur, og haldin á grunni samkomulags norðurskautsríkjanna um öryggi á norðurslóðum en tilgangur hennar var að þjálfa leitar- og björgunaraðila þjóðanna átta sem liggja að norðurheimskautinu í að bregðast við áföllum sem verða á afskekktum svæðum norðurheimskautsins. Í fyrra voru æfð viðbrögð þegar skemmtiferðaskip lendir í áföllum á afskekktri austurströnd Grænlands. Auk Íslands sendu Grænland, Færeyjar, Danmörk, Kanada, Noregur og Bandaríkin menn og búnað.

### Allt tekur lengri tíma

Spurður hvort ekki sé lítið hægt að gera ef skemmtiferðaskip lendir í áföllum við Grænland svarar Ásgrímur að allt taki miklu lengri tíma en á öðrum svæðum þar sem styttra er til þeirra sem veita aðstoðina. „Viðbragðstíminn er langur á meðan aðstæðurnar bjóða ekki upp á það að hægt sé bíða lengi eftir aðstoð,“ segir Ásgrímur. Hann bætir við að ef farþegaskipi hlekkist á við Grænland, eða við Ísland, þá séu í raun allir kallaðir út sem vettlingi geta valdið – stærð verkefnisins sé slík.

„Þó að norðurskautsþjóðirnar hafi einar komið að æfingum á svæðinu þá segir það ekkert um viðbrögðin ef slíkur hörmungarviðburður ætti sér stað. Þá yrði leitað víðar – í raun til allra sem gætu á einhvern hátt veitt aðstoð af einhverju tagi.“

Ásgrímur segir að ekkert sé í spilunum sem bendi til þess að uppbygging innviða á austurströnd Grænlands geti tekið yfir hlutverk Íslands fyrir miðstöð leitar- og björgunarverkefna á hafsvæðinu á milli landanna. „Ísland verður lengi besti kosturinn hvað þetta varðar.“

### Aukin umferð farþegaskipa

Siglingar farþegaskipa um hið erfiða hafsvæði á norðurslóðum verða algengari með hverju árinu sem líður. Á ráðstefnunni í Tromsö hafa fjölmargir lýst áhyggjum sínum af þessari þróun, og málsmetandi menn hafa viðrað þá skoðun sína á ráðstefnunni í Tromsö að það sé í raun umdeilanlegt að markaðssetja norðurslóðir sem tækifæri til farþegasiglinga eins og núna er gert. Hætturnar séu einfaldlega svo miklar, og líkur á stórslysi eftir því.

Ásgrímur bendir á að komur skemmtiferðaskipa yfir árið til Íslands séu rúmlega hundrað og þau sigli oft frá höfn á Íslandi til Svalbarða og Grænlands.

„En mestallan tímann eru þau innan íslenska leitar- og björgunarsvæðisins og á okkar ábyrgð. Það er alltaf þessi hætta, að skipin sigli á ísjaka, og alltaf er hættan á því að eldur komi upp í skipum, hér sem annars staðar. Það er ekki þar með sagt að við þurfum að útvega allar björgunareiningarnar og því myndum við leita til alþjóðasamfélagsins. En í svona tilfellum myndum við stjórna aðgerðum. Ef svona verkefni kemur upp þurfum við að koma fólki í land, og oft á spítala. Bæði heima og kannski erlendis, því það er ekki gefið að íslenska heilbrigðiskerfið gæti ráðið við það ef margir eru brenndir eða illa slasaðir,“ segir Ásgrímur og bætir við að huga þurfi að því hvernig fólk sem er í alvarlegu áfalli er stutt og hvernig best sé að haga málum til að koma fólki sem fyrst til síns heima eftir alvarlegt áfall.

Ásgrímur segir einnig að hafa beri hugfast í umræðu um stórslys á sjó að þetta er ekki nýtt af nálinni. „Í gegnum aldirnar, og sérstaklega síðustu öld eftir Titanic-slysið, tók alþjóðasamfélagið á málinu og ýmsar samþykktir og lög hafa verið sett um hvernig standa eigi að leit og björgun á hafinu. Sjófarendur bera ábyrgð samkvæmt alþjóðalögum á að koma að aðstoð ef á þarf að halda.“

## LEITAR- OG BJÖRGUNARSVÆÐI ÍSLANDS



**VÍÐFEÐMT SVÆÐI** Leitar- og björgunarsvæði Íslendinga er afar stórt og nær yfir um 1,8 milljónir ferkílómetra. Það þýðir, að mati Ásgríms L. Ásgrímssonar, að Ísland beri mikla ábyrgð á björgunaraðgerðum á svæðinu.

> **Það er freistandi að stefna að uppbyggingu björgunarmiðstöðvar með það í huga að þörfin fyrir slíka miðstöð er raunveruleg þegar til framtíðar er litið.**
>
> *Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar*






















Goði Þorrabakki lítill **1.399**kr.
Goði Þorrabakki Stór **1.598**kr.
Goði Súrmatur í fötu 700gr. **1.598**kr.

30% afsláttur
Fjallalamb Svið
Verkuð á gamla mátann
**349** kr/kg
~~498 kr/kg~~

30% afsláttur
Ostahúsið
Rófustappa 250gr
**205** kr/pk
~~293 kr/kg~~

**Tilboðin gilda 23. - 26. jan 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Tveir handteknir í Texas:

## Með stolin kort frá Target

**BANDARÍKIN, AP** Tveir Mexíkóar voru handteknir af lögregluyfirvöldum í Texas fyrir að hafa undir höndum aðgang að um 100 debet- og kreditkortum sem stolið var af verslanakeðjunni Target fyrir jól. Kreditkortaupplýsingum fjörutíu milljóna viðskiptavina verslunarinnar var stolið eftir að þeir notuðu kort sín í búðunum.

Lögregla telur þó ólíklegt að þeim takist að hafa hendur í hári hakkaranna sjálfra. - fbj

Opnun hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á Vífilsstöðum gengur ágætlega:

## Búið að flytja 30 sjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það gengur vel að opna á Vífilsstöðum,“ segir Gyða Baldursdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri lyflækningasviðs Landspítala.

Fyrir jól voru fluttir þangað 18 aldraðir sjúklingar af Landakoti og í byrjun janúar voru fluttir þangað tólf af Landspítalanum. Um miðjan febrúar er stefnt að því að búið verði að flytja tólf til viðbótar og þá verður búið að fylla öll plássin.

Í haust var ákveðið að opna hjúkrunarheimili á ný á Vífilsstöðum til að létta álagi af lyflækningasviði Landspítalans og mæta þörf fólks sem beið eftir varanlegri dvöl á hjúkrunarheimili og var með gilt færni- og heilsumat.

Á síðasta ári voru 136 milljónir króna settar í verkefnið en talið er að það kosti tæpar 350 milljónir á ári að reka Vífilsstaði.

Gyða segir að vel hafi gengið að manna stöður á Vífilsstöðum, betur en menn hafi þorað að vona, þegar ákveðið var að opna þar á ný. - jme



**GENGUR VEL** Búið er að flytja þrjátíu aldraða sjúklinga á hjúkrunarheimilið á Vífilsstöðum. Fleiri verða fluttir þangað í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Lögreglan ekki nógu virk:

## Færri ákærðir fyrir afbrot

**SVÍÞJÓÐ** Ákærum í Svíþjóð hefur fækkað um 15 prósent á fjórum árum, samkvæmt könnun á vegum sænska blaðsins Dagens Nyheter. Á sama tíma fjölgaði tilkynningum um afbrot til lögreglunnar um 1,8 prósent.

Málum sem berast saksóknara frá lögreglu hefur fækkað um 12 prósent frá 2010. Haft er eftir saksóknara hjá ríkissaksóknaraembættinu að málið snúist að miklu leyti um hvernig lögreglan stýrir starfsemi sinni. - ibs

Könnun MMR á fylgi flokka:

## Samfylkingin bætir við 3,5 prósentustigum

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin bætir við sig 3,5 prósentustigum í nýrri könnun MMR og mælist nú með 17,1 prósents fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 26,3 prósenta fylgi og bætir við sig 1,1 prósentustigi. Framsóknarflokkurinn mælist nú 17,0 prósent samanborið við 17,3 prósent í síðustu mælingu í desember.

Björt framtíð bætir við sig einu prósentustigi og mælist með 15,9 prósenta fylgi. Vinstri græn mælast með ellefu prósenta fylgi og missa 1,5 prósentustig. Píratar mælast með 6,9 prósenta fylgi, samanborið við níu prósent áður. Aðrir flokkar voru með innan við 1,4 prósenta fylgi. 981 svaraði könnuninni. - skó



**RÁÐHÚSIÐ** Ákvörðun um að endurskoða ekki styrk til RIFF er gagnrýnd. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA.

Sjálfstæðismenn ósáttir:

## Vilja endurskoða RIFF-ákvörðun

**REYKJAVÍK** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks gagnrýndu á borgarstjórnarfundi í gær að ákvörðun um að veita ekki styrk til kvikmyndahátíðarinnar RIFF væri ekki endurskoðuð. Var meirihlutinn sakaður um að skýla sér á bak við ákvörðun faghóps Bandalags íslenskra listamanna.

Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs, segir að ekkert bendi til þess að nokkuð í ferlinu við styrkúthlutunina hafi verið rangt. - eb

# Hafnar einkunnum vegna sjálfsmyndar

Menntamálaráðherra segir ekki skynsamlegt að kennarar leggi huglægt mat á nemendur. Nýtt matskerfi er nú í bígerð. Grunnskólakennari segir að nýrri námskrá sé ætlað að mæla það sem ekki er hægt að mæla með hefðbundnum prófum.

**MENNTAMÁL** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra ætlar að láta endurskoða þá þætti nýrrar aðalnámskrár grunnskóla er lúta að mati á persónulegum þáttum og viðhorfum nemenda og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Svipaðar hugmyndir voru uppi varðandi framhaldsskólann en búið er að slá þær út af borðinu.

„Ég hafna því að kennarar verði látnir gefa nemendum sem eru að útskrifast úr tíunda bekk einkunnir eða umsögn fyrir sjálfsmynd eða hvort kennarar telji þá hæfa til að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi,“ segir Illugi.

Hann segir að það sé ekki skynsamlegt að kennarar leggi huglægt mat á nemendur, þeir geti hins vegar gefið nemendum einkunnir fyrir færni.

Aðalnámskráin er ekki ný af nálinni, hún var unnin í menntamálaráðuneytinu samkvæmt pólitískri forskrift fyrrverandi ríkisstjórnar. Þegar Illugi kom í ráðuneytið ákvað hann að fresta því um ár að sá hluti námskrárinnar er tekur til breytinga á einkunnakerfi, það er að gefa einkunnir í bókstöfum og að kennarar gefi skriflegt mat, taki gildi.

Illugi bendir á að það eigi að sameina Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun og eitt af þeim stóru verkefnum sem nýja stofnunin fær er að þróa nýtt matskerfi fyrir grunnskólann.

Það hafa verið skiptar skoðanir um nýju námskrána. Skólastjórnendur hafa sagt að það sé ekki á færi þeirra eða kennara að leggja dóm á persónuleika nemenda.

Í svipaðan streng taka samtökin Heimili og skóli, en Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, segir hins vegar að málið sé ekki svo einfalt að það sé hægt að vera alfarið með eða á móti nýrri aðalnámskrá grunnskólanna. Hún sé að mörgu leyti góð, en beri þess merki að vera samin eftir hrun þegar fólk fór almennt að velta fyrir sér siðferðilegum gildum og lýðræðislegum þáttum.

„Það er hins vegar afar vandmeðfarið að ætla að fara að gefa einkunn fyrir slíka þætti og fella um leið dóma um persónuleika nemenda,“ segir Hrefna.

Önnur skoðun er svo sú að kennarar geti lagt siðferðilegt mat á nemendur.

Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara, segir að það sé alltaf erfitt að leggja siðferðilegt mat á nemendur grunnskóla og gefa einkunnir fyrir þá þætti. „Nýrri námskrá er ætlað að mæla það sem ekki er hægt að mæla í prófum og sýna fram á að einstaklingurinn er annað og meira en það sem hægt er að mæla með hefðbundnu námsmati hvort sem það eru verkleg eða skrifleg próf.“

Guðbjörg segir að hugsunin sé sú að kennarar hvers nemanda ræði saman og komi sér saman um ákveðið mat og ákvarði einkunnir út frá því. Það sé þó afar tímafrekt. Að hennar mati væri betra að gefa skriflegar umsagnir um nemendur.

„Hugsunin með námskránni er að koma fleiri þáttum inn í námsmatið og sýna fram á að nemendur geti staðið sig vel á öðrum sviðum en í hefðbundnum prófum. Það getur líka komið þeim nemendum til góða sem standa höllum fæti í hefðbundnu námi,“ segir Guðbjörg.

johanna@frettabladid.is



**ILLUGI GUNNARSSON**



**GUÐBJÖRG RAGNARSDÓTTIR**



**Í ENDURSKOÐUN** Menntamálaráðherra ætlar að láta endurskoða þá þætti nýrrar aðalnámskrár grunnskóla er lúta að mati á persónulegum þáttum og viðhorfum nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







Fer fram á að notkun nafns Netflix verði hætt:

## Netflix kvartar undan auglýsingu Tals

**VIÐSKIPTI** Efnisveitan Netflix fer fram á að símafyrirtækið Tal hætti notkun á nafni Netflix í auglýsingum sínum. Þetta kemur fram í tölvubréfi sem Netflix sendi Tal og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í bréfinu segir meðal annars að það stríði gegn notendaskilmálum Netflix að hvetja neytendur til þess að fara í kringum reglur til að nota þjónustuna.

Neytendastofa staðfestir að samkvæmt íslenskri neytendalöggjöf er bannað að nota auðkenni annars fyrirtækis án leyfis. Atvik sem þessi komi reglulega upp og eru þau metin hvert fyrir sig.

Petrea Guðmundsdóttir, forstjóri Tals, segir í tölvubréfi til Fréttablaðsins að ekki sé ólöglegt að nefna nafn Netflix í kynningarefni Tals. Á heimasíðu Tals sé skýrt tekið fram að fyrirtækið selji ekki áskrift að efnisveitunni. Til standi að kynna fyrir Netflix hvaða upplýsingar eru um efnisveituna á síðunni. Geri Netflix athugasemdir í kjölfarið verði málið unnið áfram í samráði við þá. - eb




**NETFLIX ÓSÁTT** Efnisveitan Netflix hefur gert athugasemd við framsetningu í kynningarefni Tals. Þetta er skjáskot af vef Tals.

# DEBENHAMS

# BLÁA BOMBAN

**VERÐSPRENGJA!**

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT SUNNUDAG

## 20%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM HERRAVÖRUM FRÁ

redherring

Gildir út sunnudag



Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Kanadískir vísindamenn:

# Lyf við hita auka smithættu

Þeir sem taka mikið af hitastillandi lyfjum vegna flensu eða kvefs geta aukið hættuna á að aðrir smitist. Þetta segja David J. D. Earn og starfsfélagar hans við McMaster-háskólann í Kanada í grein í Proceedings of the Royal Society B.

Vísindamennirnir segja smithættuna aukast af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi bendi rannsóknir til að færri bakteríur og veirur myndist í líkamanum þegar hitinn hækkar. Þá minnki samtímis hættan á að aðrir smitist. Í öðru lagi líði mönnum betur eftir að hafa tekið hitalækkandi lyf og fari þá þess vegna frekar í vinnuna.




**LYF** Menn fara frekar í vinnu eftir að hafa tekið hitalækkandi lyf og smita þá aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er mat vísindamannanna að tugir þúsundir smitist á hverju ári í Norður-Ameríku vegna lyfjainntöku annarra.

Kaffidrykkja á morgnana:

# Morgunbollinn ónauðsynlegur

Það þjónar engum tilgangi að drekka kaffi á morgnana ef menn ætla að hressa sig því að þegar farið er að birta er magn streituhormónsins kortisóls í líkamanum sem mest. Sé kaffi drukkið á þessum tíma verða menn háðari koffíni og þurfa að auka skammtinn, segir bandaríski vísindamaðurinn Steven Miller. Hann segir að bíða eigi með að drekka fyrsta kaffibolla morgunsins þar til klukkan er 9.30 því á þeim tíma dagsins sé heilastarfsemin ekki mikil.

# Heilsuæðið brenglar viðhorf barnanna

Ung börn eru farin að taka upp hætti foreldra sem eru á matarkúrum, segir danskur sérfræðingur. Börnum hentar ekki að borða kolvetnasnautt fæði, segir doktor Anna Sigríður Ólafsdóttir. Svengd kemur niður á lund og líðan barna.

Heilsuæði og matarkúrar foreldra geta haft þær afleiðingar að viðhorf barna til matar brenglast. Danskir sérfræðingar vara nú foreldra við, samkvæmt frétt á vef Kristilega Dagblaðsins í Danmörku.

Þar er meðal annars vitnað í Jon Fuglsang, sem starfar við Professionshøjskolen Metropol. Hann kveðst hafa heyrt af því að börn í fyrsta bekk í grunnskóla vilji ekki pasta af því að þau fitni af því. Hann segir börn taka upp hætti foreldranna.

Doktor Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent í næringarfræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands, segir að forðast þurfi að draga upp svarthvíta mynd af hollustu og óhollustu. „Í staðinn þarf að kenna börnunum að hlusta betur eftir svengd og seddu. Besta leiðin til að tryggja að barnið borði hollt er að hafa nóg af hollum mat á boðstólum og borða hann sjálfur. Um leið og maður útilokar margar tegundir er líklegt að barnið fari líka að gera slíkt. Við erum sem foreldrar sterkustu fyrirmyndir barnanna okkar og þau taka upp eftir okkur bæði góða og slæma siði.“

Hún getur þess að út frá þeim tískustraumum sem verið hafi hér á landi undanfarið sé sérstaklega mikilvægt að ítreka að börnum hentar alls ekki að borða kolvetnasnautt fæði. „Og reyndar er það svo að mjög próteinríkt fæði getur ýtt undir ofþyngd hjá börnum.“

Sömu grundvallarráðleggingar gilda fyrir börn frá tveggja ára aldri og fyrir allan almenning, að sögn Önnu Sigríðar. „Börn þurfa jafnframt heldur fitumeira fæði á leikskólaaldri. Þau þurfa umfram allt að fá næga orku til vaxtar og viðhalds auk þess sem tryggja þarf að þau borði reglulega. Þau yngstu þurfa að borða á 2-3 tíma fresti en eldri á 3-4 klukkustunda fresti.“



**HOLLIR BITAR** „Lykillinn að hollu fæði fyrir börn er fjölbreytni og henni verður ekki auðveldlega náð ef foreldrar útiloka of margt úr sínu fæði,“ segir Anna Sigríður Ólafsdóttir. NORDICPHOTOS/GETTY



**„Um leið og maður útilokar margar tegundir er líklegt að barnið fari líka að gera slíkt. Við erum sem foreldrar sterkustu fyrirmyndir barnanna.**

*Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent í næringarfræði*

Anna Sigríður tekur það fram að börn megi mun síður við því að sleppa máltíðum en fullorðnir. „Það kemur niður á lund þeirra og líðan. Svengd lýsir sér oft í erfiðri hegðun.“

Hún segir að hafa þurfi holla bita, eins og grænmeti og ávexti, sýnilega. „Börn eiga líka að borða gróft kornmeti, 2-3 mjólkurskammta á dag eða annan kalkgjafa, fisk að minnsta kosti tvisvar í viku og kjöt reglulega svo þau fái nóg af járni. Lykillinn að hollu fæði fyrir börn er fjölbreytni og henni verður ekki auðveldlega náð ef foreldrar útiloka of margt úr sínu fæði.“ ibs@frettabladid.is

Niðurstöður mælinga meðal grunnskólanema í gegnum Skólapúlsinn:

# Minna einelti í Reykjavík

Færri nemendur í Reykjavík segjast hafa orðið fyrir einelti á síðastliðnum 12 mánuðum en nemendur annars staðar á landinu. Átta af hverjum tíu segjast upplifa gleði og brosa eða hlæja nær daglega. Tólf til fimmtán prósent upplifa reglulega streitu, reiði eða hafa áhyggjur af einhverju sem tengist daglegu lífi þeirra.

Þetta kom fram í mælingum í gegnum Skólapúlsinn á haustönn. Frá hausti 2008 hafa allir nemendur í 6. til 10. bekk í landinu svarað í gegnum Skólapúlsinn spurningum um námsáhuga, stuðning og samskipti við kennara, tengsl við nemendahópinn og um almenna líðan.

Á vef Reykjavíkurborgar segir að að loknum mælingum á haustönn megi sjá að nemendum líði almennt vel og að áhugi þeirra á námsgreinum í grunnskólanum sé mikill.

Reykvískir nemendur eru mjög ofarlega í samanburði við önnur sveitarfélög hvað snertir ánægju af lestri og náttúrufræði. Þá hefur áhugi á stærðfræði aukist verulega frá því að mælingar hófust 2008.

Nemendur í Reykjavík eru einnig jákvæðari í garð kennara sinna en í upphafi mælinga og telja þá meðal annars áhugasama um að þeim líði vel og hlusti á tillögur þeirra. Nær enginn munur mælist á viðhorfum nemenda til kennara eftir aldri eða kyni. - ibs



**Í GRUNNSKÓLA** Nemendur í Reykjavík eru jákvæðari í garð kennara sinna en í upphafi mælinga 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í baki!




Voltaren

VOL130101

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren Dolo 25 mg húðaðar töflur. Inniheldur 25 mg kalíumdíklófenak. Er notað við vægum verkjum eins og höfuðverk, tannverk, tíðaverk, gigt- og bakverk. Skammtar fyrir fullorðna og börn 14 ára og eldri: Upphafsskammtur er 1 tafla, en síðan 1 tafla á 4-6 klukkustunda fresti, þó mest 3 töflur (75 mg) á sólarhring og lengst í 3 sólarhringa. Meðhöndla á í eins skamman tíma og í eins litlum skömmtum og mögulegt er. Töfluna á að gleypa í heilu lagi með glasi af vatni, helst fyrir máltíð. Ekki má taka Voltaren Dolo ef þú ert: yngri en 14 ára, með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, acetýlsalicýlsýru eða öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum, með sár eða blæðingu í meltingarvegi, hjartabilun, skerta lifrar eða nýrnastarfsemi, mikla blóðflagnafæð, á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitaðu ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en þú tekur lyfið ef þú: ert með astma, hjartasjúkdóm, sjúkdóm í meltingarvegi, notar önnur lyf, notar verkjastillandi lyf við höfuðverk í langan tíma, ert næmur fyrir vökvaskorti, ert með sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðstorku, ert að fara í aðgerð, ert eða ætlar að verða þunguð eða ert með barn á brjósti. Gæta skal þess að lyfið getur dulið einkenni sýkingar. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



Litríkar pottaplöntur
á 20% afslætti
BÓNDADAGURINN ER Á MORGUN
BLÓMVENDIR
SEM GLEÐJA
2 FYRIR 1
MEÐ ÖLLUM BLÓMUM*
Á MYNDINA
DALLAS BUYERS CLUB
Í LAUGARÁSBÍÓ
PRIMO
RISTORANTE
OG AF PIZZUM Á
PRIMO RISTORANTE
*Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
GJÖF GRILLARANS
GJAFABRÉF Í GRILLSKÓLA
GARÐHEIMA OG WEBER
EÐA GRILLVÖNDUR
Grillskóli
Garðheima og Weber
SKRÁNING HAFIN
Í GRILLSKÓLANN
SJÁ WWW.GARDHEIMAR.IS
GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# ÚTSALA




**Evolution The Human Story**
Verð kr. 2.749
Verð áður ~~kr 5.499~~




**The Military History Book**
Verð kr. 3.499
Verð áður ~~kr 6.999~~




**No Return**
Verð kr. 999
Verð áður ~~kr 1.999~~




**Marilyn Monroe**
Verð kr. 4.999
Verð áður ~~kr 9.999~~




**The Hunter**
Verð kr. 999
Verð áður ~~kr 1.999~~




**The Secretary**
Verð kr. 1.749
Verð áður ~~kr 3.499~~




**Sleep No More**
Verð kr. 999
Verð áður ~~kr 1.999~~




**Betrayal**
Verð kr. 999
Verð áður ~~kr 1.999~~




**Bones Are Forever**
Verð kr. 999
Verð áður ~~kr 1.999~~




**The Wind Through the Keyhole**
Verð kr. 999
Verð áður ~~kr 1.999~~




**Ash**
Verð kr. 999
Verð áður ~~kr 1.999~~




**Vertical Motion**
Verð kr. 1.749
Verð áður ~~kr 3.499~~

Dr
Ver
Ve

23
ka
Ver
Ver

Si
m
Ve
Ve

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd




**raumsverð**
rð kr. 2.299
rð áður ~~kr 4.499~~




**Spriklandi lax í boði veiðikokka**
Verð kr. 1.299
Verð áður ~~kr 2.999~~




**Lág kolvetna lífsstíllinn**
Verð kr. 2.999
Verð áður ~~kr 4.299~~




**Sæmd**
Verð kr. 3.220
Verð áður ~~kr 5.999~~




**Mánasteinn**
Verð kr. 2.699
Verð áður ~~kr 4.999~~




**atriði um pítalisma**
rð kr. 1.899
rð áður ~~kr 3.499~~




**Maxímús bjargar ballettinum**
Verð kr. 1.899
Verð áður ~~kr 3.499~~




**Strokubörnin á Skuggaskeri**
Verð kr. 2.299
Verð áður ~~kr 4.299~~




**Lygi**
Verð kr. 3.299
Verð áður ~~kr 4.999~~




**Stangveiðar á Íslandi**
Verð kr. 19.999
Verð áður ~~kr 27.999~~




**r Alex Hinn agnaði Ferguson**
rð kr. 2.999
rð áður ~~kr 5.999~~




**Kamban**
Verð kr. 3.799
Verð áður ~~kr 6.999~~




**Afbrigði**
Verð kr. 3.999
Verð áður ~~kr 4.999~~




**Rökkurhæðir 1-5**
Verð frá kr. 2.499




**Megas**
Verð kr. 3.799
Verð áður ~~kr 6.999~~

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn
Eymundsson
Síðan frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 23. janúar til og með 18. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Ný skýrsla um reykingar:

# Rettur enn þá óhollari í dag

Sígarettur eru í dag enn þá óhollari en tíðkaðist fyrir hálfri öld. Þetta kemur fram í skýrslu sem heilbrigðisráðuneytið í Bandaríkjunum gaf út fyrir skemmstu. Þar segir að þrátt fyrir að færri reyki í dag, hafi dauðsföllum vegna reykinga, beinna og óbeinna, ekki fækkað. Orsakavaldurinn er meðal annars sá að síur á sígarettum hleypa nú fleiri skaðlegum efnum í gegn og auk þess inniheldur tóbakið fleiri krabbameinsvaldandi efni. - þj

**NEYTANDINN: Jóhannes Haukur Jóhannesson**

# Miðar á söngleik verstu kaupin

Bestu kaup Jóhannesar Hauks Jóhannessonar, leikara og þáttarstjórnanda á Bylgjunni, eru árskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

„Þetta uppgötvaði ég eftir að ég flutti í Laugardalinn og nú fæ ég ótakmarkaðan aðgang fyrir alla fjölskylduna. Og við fáum frítt í tækin líka þannig að þetta getur margborgað sig," segir Jóhannes og bætir því við að hann fari nú reglulega í garðinn.

„Maður veigrar ekkert fyrir sér að fara í einhverjar stuttar hálftíma heimsóknir rétt til þess að heilsa upp á beljurnar því það kostar ekkert aukalega. Þetta er sérlega hentugt þegar maður býr þarna nálægt," segir leikarinn.

„Verstu kaupin eru miðar sem ég fjárfesti í til að komast á sýningu á Broadway þegar ég fór til New York. Ég ákvað að splæsa í dýrustu sætin, þó maður geti auðvitað fengið ódýr sæti, og þetta kostaði einhvern þrjátíu til fjörutíu þúsund kall," segir Jóhannes og á þá við söngleikinn Spring Awakening.

„Hann var ömurlegur og mér hefði þótt hann alveg jafn ömurlegur í ódýrara sæti þannig að þetta var slæm fjárfesting." - hg



JÓHANNES HAUKUR

Könnun á líkamsrækt:

# Verðmerkingar eru í góðu lagi

Allar 29 líkamsræktarstöðvar sem Neytendastofa gerði úttekt á í janúar voru með verðmerkingar í lagi.

Á heimasíðu Neytendastofu er þessu fagnað, þar sem að í sambærilegri könnun árið 2009 voru aðeins 38% stöðva með merkingar samkvæmt reglum og árið 2011 þegar síðasta könnun var gerð var hlutfallið 70%. Þessar niðurstöður þykja sýna að reglulegt verðmerkingareftirlit skilar góðum árangri. - þj



**MATARINNKAUP** Með bættum tækjabúnaði verður hægt að framkvæma mun fleiri mælingar varnarefna í matvælum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt samstarfsverkefni:

# Matvælaöryggi verður aukið

Samstarfsverkefni þýskra og íslenskra stjórnvalda, Örugg matvæli, hefur nú verið ýtt úr vör. Megintilgangur verkefnisins er að auka matvælaöryggi og neytendavernd á Íslandi með því að auka vöktun á óæskilegum efnum í matvælum.

Í fréttatilkynningu frá Matís segir að verkefnið hafi upphaflega verið hluti af IPA-áætlun vegna aðildarviðræðna Íslands við ESB. Verkefnið gerir íslenskum yfirvöldum, Matvælastofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna betur kleift að framfylgja löggjöf um matvælaöryggi og neytendavernd, sem hefur nú þegar verið innleidd í gegnum EES-samninginn.

Könnun í Bandaríkjunum:

# Fjórða hvert slys vegna farsímanotkunar

Könnun óháðu samtakanna National Safety Council hefur leitt í ljós að ökumenn sem senda smáskilaboð úr farsímum sínum við akstur geta verið valdir að að minnsta kosti 700 þúsund slysum á ári.

Farsímar komu við sögu í að minnsta kosti fjórðungi umferðarslysa í Bandaríkjunum árið 2011. Fjöldi slysa sem verða þegar ökumenn senda smáskilaboð kann að vera 13 prósent. Alls tengdust farsímar 1,5 milljónum umferðarslysa.



**VERSLAÐ Á NETINU** Netverslanir selja oft ódýrari gleraugu en gleraugnaverslanir hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# Fólk kaupi ekki gleraugu á börn á netinu

Formaður Augnlæknafélagsins varar fólk við að kaupa barnagleraugu á netinu og mælir með íslenskum sjóntækjafræðingum. Eigandi netverslunar sem selur gleraugu frá Kína afgreiðir fleiri hundruð pantanir á ári og selur allar tegundir.

„Það er vissulega dálítið keypt af gleraugum á netinu og þetta held ég að sé bara almenn breyting á verslunarháttum landans," segir Brynhildur Ingvarsdóttir, formaður Augnlæknafélags Íslands, spurð hvort hún verði vör við að fólk kaupi gleraugu á netinu í auknum mæli. „En ég vinn mikið með börnum og maður ætti ekki að kaupa gleraugu fyrir börn á netinu," undirstrikar Brynhildur og heldur áfram:

„Sjónin er að þroskast hjá börnum alveg fram til átta ára aldurs, það eru mikilvægustu árin, og maður á alls ekki að kaupa gleraugu handa ungum börnum á netinu því það skiptir máli að þau séu góð og að þau sitji vel á krökkunum."

Brynhildur segir Augnlæknafélagið almennt mæla með því að fólk kaupi sín gleraugu hér heima.

„Við eigum mjög vel menntaða augnlækna á Íslandi og eftir að sjóntækjafræðingar fengu starfsleyfi til að mæla sjón þá er að koma hérna stétt af ungum sjóntækjafræðingum sem eru vel menntaðir. Því mælum við með því að fólk sæki til þeirra sem eru fagmenntaðir."

Hrafnkell Freyr Magnússon, eigandi netverslunarinnar Kreppugler.is, selur gleraugu sem eru framleidd í Kína. Hann afgreiðir að eigin sögn fleiri hundruð pantanir á ári.

„Þetta er búið að vera mjög stöðugt hjá mér en ég hef aftur á móti ekki auglýst síðan ég byrjaði í þessu árið 2009. Þetta var fljótt að stækka og salan hefur verið stöðug síðan," segir Hrafnkell.

Hann segir flestar vörurnar sambærilegar þeim sem hægt er að kaupa í gleraugnabúðum hér á landi. Þar sé bæði um að ræða ódýrar umgjarðir og gler sem og vandaðri gæðavörur.

„Það er hægt að fá hlutfallslega dýrari umgjarðir sem eru sambærilegar margfalt dýrari umgjörðum hér á landi. Enda eru margir farnir að kaupa gleraugun beint frá Kína."



**Þetta er búið að vera mjög stöðugt hjá mér en ég hef aftur á móti ekki auglýst síðan ég byrjaði í þessu árið 2009. Þetta var fljótt að stækka og salan hefur verið stöðug síðan.**

*Hrafnkell Freyr Magnússon*

Halldór Sigurðsson tækjastjóri kaupir sín gleraugu á netinu og hefur gert í mörg ár.

„Ég veit um nokkra sem hafa gert þetta og ég hef boðið fólki aðstoð við að kaupa gleraugu á netinu. Ein kona fór eftir ráðleggingum mínum og keypti á netinu, og gleraugun sem hún fékk kostuðu hingað komin 3.177 krónur í staðinn fyrir einhvern hundrað þúsund kall." haraldur@frettabladid.is



**VIÐ FLUGSTÖÐINA** Starfsmenn Isavia annast stæðavörslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

# Sekt fyrir að leggja ólöglega

Ökumenn sem leggja bílum sínum ólöglega við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli eru nú sektaðir. Í frétt á heimasíðu Isavia segir að Bílastæðasjóður Sandgerðisbæjar hafi um áramótin hafið álagningu stöðubrotsgjalda.

Slysahætta hafi oft skapast vegna mikillar fjölgunar farþega um flugstöðina síðustu ár og tafir orðið vegna bifreiða sem lagt er ólöglega. Þetta eigi sérstaklega við um stæði fyrir framan inngang flugstöðvarinnar.

Til þess að mæta þörfum ökumanna sem vilja skreppa inn í flugstöðina eru fyrstu 15 mínúturnar á skammtímastæðum komu- og brottfararmegin við flugstöðina gjaldfrjálsar. Ef þörf er á lengri dvöl inni í flugstöðinni kostar fyrsta klukkustundin á skammtímastæðum einungis 150 krónur.

Vantar hylki í Sodastream:

# Erfitt að anna eftirspurninni

Borið hefur á skorti á eldri gerð gashylkja fyrir Sodastream-tæki sem Vífilfell hefur, auk annarra, verið með í sölu.

„Það hefur verið erfitt að anna eftirspurninni frá því Ísaga fór að fylla á hylkin fyrir okkur seint á síðasta ári," segir Stefán Magnússon, framkvæmdastjóri markaðs- og söluviðs Vífilfells.

Hann segir takmarkað magn af hylkjum í umferð, og margir kannist eflaust við að eiga tóm hylki í geymslu. Sé þeim ekki skilað inn fækki hylkjum í umferð og þá geti reynst erfitt að anna eftirspurninni. - bj

Neytendasamtökin gagnrýna harðlega 500 króna gjald Íslandspósts fyrir leit að reikningi í pökkum sem tekið var upp um áramót:

# Neytendur kvarta yfir gjaldi á pakka hjá Íslandspósti

Kvartað hefur verið yfir nýju 500 króna gjaldi Íslandspósts fyrir að leita að reikningi í pökkum til Póst- og fjarskiptastofnunar. Neytendasamtökin gagnrýna fyrirtækið harðlega fyrir að rjúfa sátt um að veita verðbólgunni viðnám með því að hækka ekki verð.

Þeir sem fá pakka senda frá útlöndum þurfa að framvísa reikningi til að sýna fram á verðmæti sendingarinnar svo hægt sé að afgreiða hana í tollinum. Hingað til hefur Íslandspóstur innheimt 550 króna gjald fyrir tollmeðferð. Innifalið í því verði hefur verið sú þjónusta að opna pakkana, óski viðtakandi þess, til að finna reikning sem sendandinn hefur látið með sendingunni.

Með breytingum á gjaldskrá Íslandspósts, sem tóku gildi um áramót, hófst innheimta 500 króna gjalds þurfi starfsmenn að opna pakka til að finna reikning. Þeir sem vilja nýta sér þá þjónustu greiða því 1.050 krónur fyrir afgreiðslu pakkans, í stað 550 króna fyrir áramót.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir ákveðna þætti í starfsemi Íslandspósts heyra undir stofnunina. Póst- og fjarskiptastofnun hafi borist kvartanir frá neytendum vegna þessarar nýju gjaldtöku, og stofnunin muni fjalla um þær kvartanir og senda frá sér ákvörðun.

Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Íslandspósts, segir að frá áramótum hafi móttakendur um 1,2 prósenta sendinga sem borist hafi kosið að nota sér þessa þjónustu. Það séu um 1.400 bögglar. Tekjur Íslandspósts af gjaldinu nema því um 700 þúsund krónum á tæpum mánuði.

Brynjar leggur áherslu á að þessi þjónusta sé valfrjáls. Fólk sem panti vörur á netinu eigi að fá reikning í tölvupósti og sé í lófa lagið að koma afriti til póstsins. Flestir kjósi að vísa fram reikningi en aðrir kjósi að kaupa þjónustu af fyrirtækinu.

„Neytendasamtökin hafa áhyggjur af því að með þessu nýja gjaldi sé póstverslun gert enn erfiðara fyrir og gjaldtakan muni hindra samkeppni enn frekar," segir í frétt Neytendasamtakanna. Bent er á að Íslandspóstur hafi átt fulltrúa í starfshópi stjórnvalda sem skilaði tillögum um að einfalda póstverslun og virkja þannig samkeppni að utan. - bj



**HÆKKAR** Þjónusta við þá sem þurfa að fá starfsmenn Íslandspósts til að opna pakka til að ná í reikning hækkaði úr 550 krónum í 1.050 krónur um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÓR


RISA-
ÚTSALA
20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
ELLINGSEN
COLUMBIA
POWDERBUG
KULDASKÓR
Stærðir 25–31
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
50%
AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS
BARNAÚLPUR
25%
AFSLÁTTUR
ALLT
DEVOLD PULSE
40%
AFSLÁTTUR
AÐRAR
DEVOLD VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR
MANNBRODDAR
Stærðir S–XL
1.521 KR.
VERÐ ÁÐUR 1.890 KR.
ZAMBERLAN PARROT
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–48
16.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.
COLUMBIA ROPE
TOW KULDASKÓR
Stærðir 25–31
6.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.
50%
AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA COMBIN
GÖNGUSKÓR
Stærðir 7,5–12
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.
COLUMBIA TRACK
SVEFNPOKI
4.490 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.
DEERHUNTER
ALASKA VEIÐIÚLPA
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.
SKOGSTAD
BARNAÚLPUR
30%
AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR
DEERHUNTER BIB
ALASKA VEIÐIBUXUR
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.
TATONKA
HITABRÚSI 750 ML
3.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.
RAFSKUTLUR
Litur: Svartur, rauður, og blár
79.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 139.900 KR.
DIDRIKSONS TILDA ÚLPA
Stærðir 36–46
13.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.
MERIDA KRAKE
CLASSIC REIÐHJÓL
59.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.
45%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA BUGABOOT
KULDASKÓR
Stærðir 41–50
22.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
BAKPOKAR
30%
AFSLÁTTUR
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Yfirlýsing vegna umfjöllunar um bankaskattinn:

# MP banki hafi ekki valdið ríkissjóði tjóni

MP banki segist ekki vera eina litla fjármálafyrirtækið sem greiðir bankaskatt. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem stjórn bankans sendi frá sér í ljósi þess að bankinn og nafngreindir starfsmenn hans hafa dregist inn í pólitíska umræðu um frískuldamark á bankaskattinum, sem margir hafa talið klæðskerasaumað að þörfum MP banka.

Í yfirlýsingunni segir meðal annars að MP banki fái ekki fullan afslátt af bankaskattinum þar sem frískuldamarkið hafi verið skilgreint undir heildarskuldum bankans.

„Hvernig einstaka stjórnmálamenn og fréttamenn fá það út að frískuldamarkið nýtist MP banka betur en öðrum og hafi jafnvel verið sérsniðið fyrir bankann, ber vott um óvönduð vinnubrögð við að kynna sér opinberar upplýsingar,“ segir í yfirlýsingunni.

Þá segir einnig að MP banki hafi ekki valdið ríkissjóði tjóni þar sem hvergi sé minnst á bankann í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júní 2012 um fyrirgreiðslu ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins, enda hafi ríkissjóður ekki lagt fé til bankans. Bankinn sé í dag eini sjálfstæði einkabankinn sem ekki hafi hlotið ríkisaðstoð eða er í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti.

Að lokum segir í yfirlýsingunni að bankinn hafi greitt endurhverf lán sín að fullu og staðið við allar skuldbindingar sínar að fullu gagnvart Seðlabanka og ríki auk þess sem peningamarkaðssjóður MP banka hafi ekki notið ríkisstyrkja eins og sambærilegir sjóðir föllnu bankanna. - fbj

Nýr fjárfestingarkostur:

## Sérsniðin innlán hjá Arion

Arion banki býður nú, í fyrsta sinn frá árinu 2008, innlendum fjárfestum upp á val um fjárfestingu á innlánaformi með ávöxtun hlutabréfamarkaðarins án þess að hætta sé á að höfuðstóll innlánsins skerðist. Um er að ræða svonefnd sérsniðin innlán sem eru samsett úr bundnu innláni annars vegar og ávöxtunarþætti sem kemur í stað hefðbundinna vaxta hins vegar.

Sérsniðin innlán bankans fylgja ávöxtun íslensku OMXI6CAP-vísitölunnar sem skráð er í Kauphöllina og eru bundin í sex mánuði. Lágmarksinnlán er fimm milljónir króna og höfuðstólstrygging getur verið 100%. Einnig er hægt að velja lægri höfuðstólstryggingu og eiga þar með kost á hærri ávöxtun en sem nemur ávöxtun vísitölunnar á tímabilinu. - fbj



**FLEIRI STÖRF** Atvinnulausum fækkaði um fjögur hundruð frá nóvember 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR.

Aukin atvinnuþátttaka:

## Atvinnuleysi mældist 4,4%

Um 176.000 manns voru starfandi á íslenskum vinnumarkaði í desember síðastliðnum og atvinnuleysi mældist 4,4%. Að jafnaði voru 185.100 manns á vinnumarkaði og atvinnuþátttaka var 80,9%. Frá þessu er greint í nýrri Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Samanburður á mælingum í desember 2012 og 2013 sýnir að atvinnuþátttaka jókst um 0,8% og hlutfall atvinnulausra lækkaði um 1,1%. - hg

# Vandinn er fremur í Noregi en hér á landi

Þegar hitastig fer undir frostmark hafa í Noregi komið upp vandamál tengd hleðslu Tesla-rafmagnsbíla. Hér er langvíðast þriggja fasa rafmagn í húsum og vandamálið ekki komið upp. 13 Tesla S-bílar hafa selst hér og eru eigendurnir sagðir ánægðir.

Dæmi eru um að Tesla S-rafmagnsbílar taki ekki hleðslu í Noregi þegar hitastig fer undir frostmark. Þetta hefur Dagens Næringsliv (DN) fengið staðfest hjá umboðsaðilum Tesla þar.

Tesla S var í september söluhæsti bíllinn í Noregi, en þar í landi njóta rafmagnsbílar og hybrid-bílar töluverðra vinsælda. Þann mánuðinn var Tesla S með 5,1 prósent heildarsölunnar, 616 af 12.168 bílum.

„Verkfræðingar okkar hafa haft samband við þá viðskiptavini sem málið snertir og tæknifólk okkar er að greina gögn og framkvæma prófanir í Noregi,“ hefur DN eftir Esben Pedersen, upplýsingafulltrúa Tesla Motors á Norðurlöndum. Hann segir vandamálið einskorðast við Noreg þar sem norska straumnetið sé ekki jarðtengt.

„Það hafa nokkrir viðskiptavinir lent í þessu, en ekkert bendir til þess að um stórvandamál sé að ræða,“ segir Pedersen og kveður enn verið að leita lausnar á málinu.

Gísli Gíslason, sem fer með söluumboð Tesla-bíla á Íslandi, segist hafa haft auga með vandkvæðum Norðmanna. „Kerfið hjá þeim er aðeins öðru vísi og hægt að leysa málið með sérstökum græjum, sem við höfum til öryggis pantað til að eiga hér. Annars búum við svo vel hér á Íslandi að það er þriggja fasa rafmagn í nánast öllum húsum,“ segir hann. Þannig fullhlaði hann sinn bíl í frosti á átta tímum. Og með litilli hraðhleðslugræju geti sá tími farið niður í fjóra tíma.

„Við vitum hins vegar um nokkur hús hér sem eru með þessu gamla kerfi, en 70 prósent eru með 380 volta kerfi.“ Þar að auki segir hann veður óvíða henta rafmagnsbílum jafn vel og hér, þar sem hvorki verði of heitt og sjaldnast of kalt, tíu gráða frost og þar fyrir neðan. „Núna eru þrettán bílar komnir á númer og þrátt fyrir miklar væntingar segja allir upplifunina af bílnum betri en búist var við.“

olikr@frettabladid.is



**TESLA-SPORTBÍLL Í HLEÐSLU** Rafmagnsbílar eru hagkvæmir í rekstri samanborið við bensínbíla. Tesla S kostar hins vegar frá tæpum tólf milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Drægi rafmagnsbíla í verstu aðstæðum

Þýska bílablaðið Auto Bild kannaði nýverið drægi rafmagnsbíla í frosti í Ölpunum. Munaði nálægt helmingi á getu þeirra og uppgefnu drægi. Renault Zoe var tómur eftir 59 kílómetra, Mitsubishi i-Miev og BMW i3 komust 61 kílómetra og Nissan Leaf 69 kílómetra. Þeir eru sagðir komast 100 til 200 kílómetra á hleðslu. Lengst komst Tesla S, 207 kílómetra, en uppgefið drægi er 480 kílómetrar.

„Þeir voru náttúrlega að fara upp allan tímann,“ segir Gísli Gíslason, sem í september ók Tesla S í striklotu frá Reykjavík til Akureyrar með skriðstillinn stilltan á 90 kílómetra hraða þar sem mátti. „Og á Akureyri voru 22 kílómetrar eftir á hleðslunni.“



**Þrátt fyrir miklar væntingar segja allir upplifunina af bílnum betri en búist var við.**

*Gísli Gíslason, lögmaður*




# Daglega




D3 vítamín styrkir m.a. ónæmiskerfi, tennur og bein og hjálpar til við upptöku kalks. Nutra eru gæða vítamín á betra verði.

nutra BÓNUS HAGKAUP

LEYNIVOPNID

Hvernig á að framkvæma nýja námsmatið?

# D mínus í siðgæði

Í síðustu viku sló Illugi Gunnarsson út af borðinu hugmyndir starfsmanna menntamálaráðuneytisins um að nemendum sem ljúka framhaldsskólaprófi yrði gefin umsögn sem sneri að persónuleika þeirra, siðferði og lífsskoðunum. Í gær sagði Fréttablaðið frá því að sambærilegar hugmyndir hefðu ratað inn í nýja aðalnámskrá grunnskóla, sem tekur gildi á næsta skólaári. Gildistöku ákvæða hennar um breytt námsmat hefur reyndar verið frestað til vors 2016.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Samkvæmt nýja námsmatinu á að gefa einkunnir í bókstöfum, frá A til D, fyrir ýmsa þætti sem snúa að færni nemenda. Þar á meðal eru hlutir eins og hvort fólk geti „tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt“, hvort það hafi „skýra sjálfsmynd“, hvort það geti „nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi“, verið „meðvitað um siðferðislegt gildi ábyrgrar netnotkunar“ og tekið „ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum“.

Í námskránni stendur reyndar líka að matsniðurstöður eigi að byggja á „traustum gögnum“. Hver eru eiginlega gögnin sem hjálpa kennurum að ákveða hvort nemandi sé upp á A eða D sem virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi? Og eiga nemendur endilega að tjá tilfinningar sínar í skólanum? Hafa kennarar minnstu hugmynd um hvort þeir taka ábyrgð á sjálfum sér á netinu – og hvort sú ábyrgð er upp á B eða C?

Þetta er því miður bull, eins og því miður svo margt annað sem frá menntamálaráðuneytinu kemur. Á bak við liggur sú fallega hugsun að skólinn eigi að búa fólk undir lífið með því að kenna því fleira en hefðbundnar námsgreinar. Hún er út af fyrir sig góðra gjalda verð. Hlutverk grunnskólans hefur klárlega breikkað á undanförnum árum.

Það verða hins vegar í fyrsta lagi að vera til einhverjar haldbærar aðferðir til að mæla árangur skólastarfsins. Eins og skólastjórnendur í Réttarholtsskóla, sem rætt var við í Fréttablaðinu í gær, benda á hlýtur að vera þrautin þyngri fyrir hóp kennara að gefa nemanda siðferðiseinkunn, því að kennararnir í hópnum geta haft mjög ólíkt siðferðismat. Þeir ættu hins vegar að öllum líkindum auðvelt með að meta hvort fólk hafi náð árangri í stærðfræði eða ensku, út frá frammistöðu í prófum og verkefnum.

Í öðru lagi er hætta á að með svona æfingum missi grunnskólinn sjónar á meginverkefni sínu; að kenna fólki grunnfærni í viðurkenndum námsgreinum. Það er ekki hlutverk skólans að ala fólk upp, heldur foreldranna. Og út af fyrir sig út í hött að skólinn gefi einkunn um það hvernig til hefur tekizt hjá forráðamönnum sextán ára unglinga. Þessi þróun er sömuleiðis líkleg til að ýta enn undir það viðhorf hjá sumum foreldrum að hægt sé að ýta uppeldinu yfir á herðar kennaranna og vera sjálfur stikkfrí.

Í þriðja lagi hlýtur það enn að dreifa kröftum kennara, sem þegar eru störfum hlaðnir, að eiga að fara að meta persónuleika og siðgæði fólks út frá litlum eða engum gögnum. Kennarar hljóta í raun að afþakka það verkefni.

Menntamálaráðherra boðar að nýja námsmatið verði endurskoðað. Það virðist engin vanþörf á því.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fiskistofu leyfist flest**

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi starfsaðferðir Fiskistofu á þingi. Fiskistofa legði hald á heimilisbókhald, persónulegt bókhald eigenda og starfsmanna en svo viti enginn hvað verði af persónulegum gögnum sem tekin séu í tilefnislausum og árangurslausum rannsóknum. Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra svaraði Ásmundi og sagði að það væri nauðsynlegt að skoða sérstaklega rannsóknarheimildir og úrskurðarvald Fiskistofu.



**Hefur stórt hlutverk**

Fiskistofu er ætlað stórt hlutverk sem er að sjá til þess að auðlindin sé nýtt skynsamlega og menn fari eftir þeim leikreglum sem settar hafa verið. Það hlýtur því að þurfa að binda í lög að Fiskistofa verði að fá dómsúrskurð áður en hún ræðst inn á heimili og í fyrirtæki og leggur hald á þau gögn sem þar er að finna. Jafnframt hljóta að þurfa að vera skýrar reglur um hvernig farið sé með slík gögn og skil á þeim til réttra eigenda.

**Sá engin vinnugögn**

Frostamálið verður sífellt vandræðalegra og ekki til þess að auka virðingu Alþingis. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, hefur sett fram mismunandi skýringar á því hvernig upphæð frískuldamarks var fundin upp, en margir telja að ákveðið hafi verið að hafa upphæðina 50 milljarða til að hygla MP banka. Vilhjálmur Bjarnason, Sjálfstæðisflokki, sem situr í efnahags- og viðskiptanefnd sagði á Alþingi í gær að hann vissi ekki hvernig upphæðin hefði verið ákveðin. Hann hefði ekki séð nein vinnugögn um málið.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Eigi síðar en strax

HÚSNÆÐI



**Svavar Gestsson**
fv. félagsmálaráðherra

Vorið 1980 gengum við frá breytingum á húsnæðislögum í samkomulagi við verkalýðshreyfinguna. Þá var við völd ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen. Ég var félagsmálaráðherra í þeirri stjórn. Breytingarnar á húsnæðislögunum voru hluti af félagsmálapakka verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda. Í lögunum var miðað við að reyna að ná því marki að þriðjungur þeirra lána sem færu til íbúðarhúsnæðis yrði til félagslegra bygginga, kallað verkamannabústaðir. Hvað var það? Til íbúða í verkamannabústöðum voru lánuð 90 prósent kostnaðar í flestum tilvikum, en í undantekningartilfellum 100 prósent. Þessi lán voru til langs tíma, 40 ára, og þau báru lága vexti. Vextirnir voru lægri en almennt gerðist því ríkissjóður borgaði vaxtamuninn.

Nú skilja allir allt í einu að það hefði verið betra að hafa svona kerfi. En hvernig? Það er mikið skrifað og talað en það er ekki farið í saumana á því hvernig á að fjármagna breytingarnar. Það mætti gera svona:

Lífeyrissjóðirnir lána húsnæðisstofnun/íbúðalánasjóði fjármuni til að byggja félagslegt húsnæði í stórum stíl. Segjum að það verði ákveðið að byggja 1.000 íbúðir til að byrja með. Þær kosta um það bil 25 milljónir hver eða alls um 25 milljarða.

**➜ Sveitarfélögin verða að koma að þessu máli til dæmis með því að leggja til ókeypis/ódýrar lóðir. Íbúðunum má svo dreifa eftir stærð sveitarfélaganna.**

Lífeyrissjóðirnir þurfa vexti af þessum peningum, segjum þrjú til fjögur prósent. Það gerir tíu milljarða á ári miðað við fjögur prósent, annars 7,5 milljarða. Þeir sem eignast íbúðir í verkamannabústöðum borga segjum eitt prósent vexti. Það sem lendir á ríkissjóði eru því um sjö milljarðar króna, smáaurar miðað við það sem nú er ausið ómarkvisst í aðra hluta húsnæðismála. Þetta mætti til dæmis fjármagna með bankaskatti.

Það er svona átak sem þarf að koma til. Strax. Þetta kerfi verður ekki opið öllum, en mörgum og það fer eftir tekjum. Þeir sem hafa meiri tekjur verða að bjarga sér sjálfir – af því að þeir geta það vel. Sveitarfélögin verða að koma að þessu máli til dæmis með því að leggja til ókeypis/ódýrar lóðir. Íbúðunum má svo dreifa eftir stærð sveitarfélaganna. Í hverju sveitarfélagi þarf úthlutun íbúðanna að vera sanngjörn og gagnsæ.

Semsé: Strax. Þörfin fyrir íbúðir NÚNA er ekki teygjanlegt hugtak.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hægfara hnignandi hagkerfi

EFNAHAGSMÁL



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Til þess að koma vel menntuðu og hæfu vinnuafli í arðbær störf þarf nýsköpun og fjárfestingu. Vegna smæðar íslenska hagkerfisins þurfum við erlenda fjárfestingu. Fjárfesting í virkjunum og orkufrekum iðnaði hefur náð að skapa fjölbreyttara atvinnulíf, en þar er komið að endimörkum og alls ekki verjandi að stuðla að frekari atvinnuskopun á því sviði, nema þess hærra verð fáist fyrir orkuna.

Sú leið sem flestar nágrannaþjóða okkar hafa farið til nýsköpunar og fjárfestingar er að leita eftir samvinnu við aðrar þjóðir og nægir þar að vísa til Dana, Íra, Svía og Finna auk Eystrasaltsþjóðanna, en um margt er staða íslenska hagkerfisins svipuð þeim aðstæðum sem þeir glíma við.

Þessi einfalda staðreynd um gildi náinnar samvinnu við aðrar þjóðir hafa vinaþjóðir okkar áttað sig á og því er það þeim kappsmál að gerast fullgildir aðilar í samfélagi sjálfstæðra þjóða sem er beinlínis stofnað til þess að örva erlenda fjárfestingu og hagvöxt. Þetta samfélag sjálfstæðra þjóða nefnist Evrópusambandið, ESB. Þessi grundvallaratriði virðast gleymast í málflutningnum um mögulega aðild Íslands að ESB og umræðan föst í heitstrengingum og brigslyrðum en ekki köldu stöðumati.

**Treystandi?**

Og í stað þess að gefa þjóðinni tækifæri á að fá að sjá samning við ESB þá lætur ríkisstjórnin röksemdafærsluna „…teljum að hagsmunum sé betur borgið“ duga í stað þess að staðreyna hvað er í boði. Þannig fær lítill hópur einstaklinga sem „telur“ og „heldur“ að ráða fjöreggi þjóðarinnar. Þessi litli hópur, sem telur sig einan vita, fær með þessum hætti að koma í veg fyrir að þjóðin geti staðreynt hvað henni stendur til boða í því samfélagi sjálfstæðra þjóða sem allar helstu nágranna- og vinaþjóðir okkar hafa kosið að taka þátt í.

Á meðan er þjóðinni haldið á snakki um eitthvað sem kannski kann að koma einhverntíma í framtíðinni. Eitthvað á borð við olíuvinnslu, skipaferðir í norðurhöfum, viðskipti við Kína o.s.frv. án þess að það sé í nokkurri andstöðu við aðild okkar að ESB, eða geti skoðast sem valkostur við aðild.

Gjaldeyrishöftin sem þjóðin býr við eru ein mesta ógn sem steðjar að íslensku efnahagslífi. Miðað við þá reynslu sem við höfum af sjálfstæðum gjaldmiðli þá ætti enginn að velkjast í vafa um að fyrst ekki tókst að varðveita verðgildi íslensku krónunnar í höftum á þeim 90 árum sem krónan hefur verið sjálfstæð mynt, þá er ljóst að án fjármagnshafta mun það alls ekki ganga. Þetta ætti reynslan að hafa kennt okkur. Sennilega yrði einn stærsti fjárhagslegi ávinningur Íslendinga við aðild að ESB fólginn í upptöku evrunnar og þó svo það verði ekki á næstu árum þá er ljóst að aðild, samhliða áætlun um upptöku evru, færi langt með að færa okkur kosti evru-aðildarinnar strax.

Um þá valkosti sem þjóðinni standa til boða fær hún aftur á móti ekki að segja sitt álit en þess í stað er henni boðið upp á málflutning manna sem láta nægja að segjast „halda“ og „telja“ hvernig hagsmunum þjóðarinnar er best borgið. Kannski hnignar hagkerfi okkar miklu hraðar en „hægfara“?

**➜ Sennilega yrði einn stærsti fjárhagslegi ávinningur Íslendinga við aðild að ESB fólginn í upptöku evrunnar…**

# Tölum um það sem skiptir máli

HÚSNÆÐI



Guðríður Arnardóttir
bæjarfulltrúi í Kópavogi

Þúsundir Íslendinga búa við ömurlegar aðstæður á leigumarkaði í dag. Þessi stóri hópur fjölskyldufólks og einstaklinga hefur ekki bolmagn til þess að kaupa eigin fasteign af ýmsum ástæðum og reynir að fóta sig á markaði sem engan veginn annar eftirspurn. Á þessum markaði ríkur verðið upp þegar framboð er minna en eftirspurn. Kytrur og skúmaskot eru jafnvel boðin til leigu fyrir okurfé og fólk sem er í húsnæðishraki á ekki val um marga kosti.

Þannig virka markaðsöflin, þau eru af hinu góða þegar framboð og eftirspurn haldast í hendur en þegar ójafnvægi ríkir er voðinn vís. Nú þegar liggja fyrir álit og skýrslur og ber allt að sama brunni, við munum ekki koma böndum á leigumarkaðinn nema með aðkomu hins opinbera. Þá er sérstaklega bent á skyldur sveitarfélaga í því sambandi. Þegar markaðurinn er að bregðast verður hið opinbera að grípa inn í, ekkert endilega um alla framtíð, heldur tímabundið á meðan markaðurinn nær jafnvægi.

**Samkvæm sjálfum okkur**

Eftir að hafa talað fyrir traustum langtíma leigumarkaði um árabil fékk Samfylkingin í Kópavogi samþykkta tillögu í bæjarstjórn Kópavogs um að fjölga félagslegu húsnæði í bænum og byggja tvær íbúðablokkir til útleigu fyrir hinn almenna leigumarkað. Við settum þetta á oddinn í kosningabaráttunni 2010 og höfum talað fyrir því allt kjörtímabilið. Við höfum verið sjálfum okkur samkvæm í þessum málum, létum reikna dæmið út á fyrri hluta kjörtímabilsins en höfum ekki haft meirihlutastuðning við það fyrr en nú. Þetta er stefnumál flokksins sem við kjörnir fulltrúar fylgjum eftir af heilindum.

Verkefnið verður fjármagnað af lóðasölu þessa árs og næsta, mun ekki hafa neikvæð áhrif á rekstur bæjarsjóðs og við munum áfram verða innan ramma eftirlitsnefndarinnar um lögbundið skuldahlutfall.

**Aðgerða þörf**

Hlutverk kjörinna fulltrúa er að berjast fyrir velferð og hagsmunum almennings. Það felur í sér fjárútlát úr bæjarsjóði til margra góðra verka, t.d. byggingar leik- og grunnskóla, íþróttamannvirkja í forvarna- og heilsuskyni, uppbyggingar þjónustu fyrir fatlað fólk, gamalt fólk og svo framvegis. Forgangurinn ræðst af því hvar þörfin er mest á hverjum tíma.

Stóra verkefni sveitarstjórnarmanna núna er að koma til móts við þúsundir einstaklinga og fjölskyldna sem búa við óásættanlegar aðstæður á leigumarkaði.

**➜ Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogs sýndi áræði og kjark þegar hann samþykkti skýra viljayfirlýsingu um aðgerðir.**

Ekki hvað síst ungt fólk sem er að hleypa heimdraganum, stofna fjölskyldu og vill eiga venjulegt líf.

Og það er einmitt það sem er kjarni málsins. Við getum alveg rætt málin fram og til baka, í stofunni heima eða við félaga okkar í vinnunni. Skrifað greinar og bloggað fram á næstu öld. En það mun ekki leysa vandamálið – aðgerða er þörf.

Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogs sýndi áræði og kjark þegar hann samþykkti skýra viljayfirlýsingu um aðgerðir. Þetta er lítið skref fyrir stórt sveitarfélag en stórt skref fyrir íslenska leigjendur.

# Um trúverðugleika vísindamanna og orðræðu stjórnmálamanna

VÍSINDI



Þórarinn Guðjónsson
forseti Vísindafélags Íslendinga

Í heimi vísinda og fræða skiptir trúverðugleiki miklu máli. Vísindamenn vinna út frá forsendum og tilgátum, greina gögn og draga ályktanir eftir bestu vitund. Skoðanir og niðurstöður vísinda- og fræðimanna eru alls ekki yfir gagnrýni hafnar. Þvert á móti. Vísindi nærast á akademískri gagnrýni sem byggir á rökstuddri umræðu um viðfangsefnin.

Í nýlegu viðtali við Sigurð Inga Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, í þætti Gísla Marteins Baldurssonar „Sunnudagsmorgni“ hinn 12. janúar var hann spurður um álit sitt á athugasemdum sérfræðinga úr faghópi eitt í öðrum áfanga Rammaáætlunar. Athugasemdirnar birtust í DV 10. janúar í kjölfar tillögu ráðherra um breytingar á Rammaáætluninni. Ráðherra dró fagmennsku vísindamannanna í efa án þess að útlista nánar hvað hann ætti við annað en að hugsanlega væru viðkomandi vísindamenn í pólitískum erindagjörðum. Þess ber að geta að hópurinn samanstóð af 11 vísinda- og fræðimönnum frá mismunandi stofnunum og ólíkum fræðasviðum. Ráðherra til hróss sá hann eftir þessum ummælum og baðst afsökunar á þeim (sjá hádegisfréttir RÚV 15. janúar).

**Skyldur vísindamanna**

Sambærileg atvik hafa áður komið upp og vekur þetta spurningar um skyldur vísindamanna til að miðla upplýsingum á opinberum vettvangi um málefni þar sem þeirra sérþekking liggur. Á vísindamaðurinn að þegja þrátt fyrir að hann telji sig búa yfir mikilvægum upplýsingum sem eigi erindi til almennings? Að vegið sé að trúverðugleika fólks án rökstuðnings er óásættanlegt.

**Viðsnúningur**

Slík vinnubrögð hafa hins vegar gjarnan tíðkast meðal stjórnmálamanna þegar þeir berjast innbyrðis og vega hver að öðrum. Kannski er það ein ástæða þess að stjórnmálin skortir trúverðugleika og að Alþingi er sú stofnun sem fólk ber hvað minnst traust til. Auðvitað geta vísindamenn haft rangt fyrir sér eins og aðrir og er það bara mannlegt en þá takast menn bara á í upplýstri umræðu um málefnin. Það eru ákveðin teikn á lofti um að hluti þingmanna vilji breyta orðræðu í stjórnmálum til hins betra og er það gott. Slíkur viðsnúningur mundi skila sér í betri samskiptum manna á milli og án efa efla samskipti og samvinnu stjórnmálamanna við ráðgefandi hópa í þjóðfélaginu hvort sem það eru vísinda- og fræðimenn eða aðrir. Það er afar mikilvægt að við bætum umræðuhefðina í samfélaginu, hættum að fara í manninn og ræðum málefnin á grundvelli raka.

**➜ Það er afar mikilvægt að við bætum umræðuhefðina í samfélaginu, hættum að fara í manninn og ræðum málefnin á grundvelli raka.**


VERÐLAUN NÝSKÖPUN Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU 2014

VIÐURKENNING NÝSKÖPUN Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU 2014

## Skapandi opinber þjónusta

### Afhending nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu

föstudaginn 24. janúar 2014 kl. 11:45-14:00
á Grand hótel Reykjavík

Skráning: www.stjornsyslustofnun.hi.is, þátttökugjald 5400.- , hádegisverður innifalinn.

1. Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra flytur ávarp.
2. Dr. Marga Pröhl framkvæmdastjóri European Institute of Public Administration EIPA.
3. Dr. Hilmar Bragi Janusson forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands.
4. Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra en verkefni þeirra komust í úrslit Evrópsku nýsköpunarverðlaunanna í opinberum rekstri 2013 (European Public Sector Awards).
5. Afhending nýsköpunarverðlauna. Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Fundarstjóri: Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Félag forstöðumanna ríkisstofnana
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
HÁSKÓLI ÍSLANDS
rannís
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# Samvinnuhugsjónin á erindi við þjóðina

Íbúar jarðar eru um 7 milljarðar um þessar mundir og af þeim er um 1 milljarður skráður í samvinnufélag. Samvinnufélögin eru gríðarsterk um allan heim, þau eru nærri ein og hálf milljón talsins og starfa á fjölmörgum sviðum samfélagsins. Hér á landi er verslunarrekstur þeirra aðalsvið, en auk þess starfa þau í landbúnaði og útgerð. Í öðrum löndum fást félögin við heilsugæslu, fjármálastarfsemi,


VIÐSKIPTI



**Skúli Þ. Skúlason**
formaður stjórnar Kaupfélags Suðurnesja


tryggingastarfsemi, rekstur íþróttafélaga, búsetufélaga, útfararþjónustu, fjarskiptafyrirtækja og svona mætti áfram telja.

Í löndum, þar sem atvinnulíf og mikilvægir innviðir samfélagsins eru vanþróaðir, ganga æ fleiri framleiðendur til liðs við samvinnuhugsjónina og á það ekki síst við um matvælaframleiðendur, og þá einkum bændur. Markmiðið er að bæta lífskjörin, en það er einmitt megintilgangur samvinnufélaganna, að stuðla að efnahagslegum ávinningi félagsmanna og um leið samfélagsins í heild. Grundvöll sinn byggja þau á lýðræði félagsmanna og jöfnum atkvæðisrétti við stjórnun félaganna, þar sem ákvarðanir eru teknar í þágu samfélags og samvinnu, ekki í þágu sérhagsmuna.

### Samvinnufélögin algeng

Það er því kannski ekki tilviljun að í vaxandi hagkerfum BRIC-landanna, Brasilíu, Rússlands, Indlands og Kína, eru um 15 prósent landsmanna í samvinnufélagi og þar með eigendur að félögunum. Það er e.t.v. heldur ekki tilviljun að fjórðungur þýska bankakerfisins er rekinn í samvinnuformi, né heldur að um 42 milljónir Bandaríkjamanna fái heimilisrafmagnið frá samvinnufyrirtæki á sviði raforkusölu. Í Bandaríkjunum einum eru um 30 þúsund samvinnufélög, sem skapa um tvær milljónir starfa. Í Kenía afla samvinnufélög 45% þjóðarframleiðslunnar.

Í samvinnufélagi eru meðlimir þess jafnframt eigendur félagsins. Sú er jafnframt

**➜ Markmiðið er að bæta lífskjörin, en það er einmitt megintilgangur samvinnufélaganna, að stuðla að efnahagslegum ávinningi félagsmanna og um leið samfélagsins í heild.**

grunnforsenda samvinnustarfsins. Í Asíu eru 536 milljónir manna eigendur að samvinnufélagi, 171 milljón manna eigendur að samvinnufélagi, 171 milljón manna eigendur að hlutafélögum. Í Evrópu eru um 123 milljónir manna í samvinnufélagi, 58 milljónir eigendur að hlutafélögum. Á Íslandi eru í dag rúmlega 30 þúsund manns í samvinnufélagi, eða um 10% þjóðarinnar.

### Heimsþekkt vörumerki

Samvinnufélög framleiða margar þekktustu vörur heims, þeirra á meðal er ein elsta og þekktasta vara Frakka, kampavínið frá Champagnehéraði. Lurpak er eitt þekktasta vörumerki í smjöri í Evrópu. Það er framleitt og í eigu átta þúsund samvinnubænda í Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi. Um 90% heildarframleiðslu Parmesanostsins á Ítalíu eru framleidd hjá samvinnubændum. Hráefnið í sinnepið Colman's English kemur frá breskum samvinnumönnum.

### Fairtrade frá Mexíkó

Fairtrade er vaxandi viðskiptasáttmáli í alþjóðaviðskiptum og valkostur við hinar hefðbundnu alþjóðlegu viðskiptavenjur. Fairtrade lofar stöðugu verðlagi og langtíma viðskiptasambandi. Það stuðlar jafnframt að því að framleiðendur í þróunarlöndunum fái hærra verð en áður hefur tíðkast, að því tilskildu að þeir verji meira fjármagni til að bæta vinnuskilyrði, afla hreinna vatns og taki þátt í samfélagslegum verkefnum. Fairtrade var stofnað af samvinnuhreyfingunni í Mexíkó. Nú eru um 75% vara undir merkjum Fairtrade framleidd af samvinnufélögum.

Eins og fyrr segir eru íslensk fyrirtæki mörg hver rekin í samvinnufélögum, þeirra á meðal eru útgerðarfyrirtæki og verslanir, auk félaga á öðrum sviðum. Það er því ekki að efa að enn eiga grunngildi samvinnustarfs um þátttöku, jafnræði og samfélagslega ábyrgð erindi við íslenska þjóð.

## ÞOKUBAKKAR ÞINGNEFNDAR

Þokan liggur enn eins og mara á viðskipta- og efnahagsnefnd Alþingis. Ekki er vitað, hvernig 50 milljarða tala spratt úr höfði Frosta Sigurjónssonar. Ekki er heldur vitað, hvaða



nefndarmenn fengu að vita hvað og hvaða meðferð málið fékk í nefndinni. Auðvitað eiga fylgiskjöl að vera skráð og opin og fundir geymdir á myndskeiðum. Í rekstri alvöru fyrirtækja eru verkferli á hreinu og eru rekjanleg. En í þessari nefnd grúfir bara þokan ein. Við vitum samt, að formaðurinn rambaði meðvitundarlítill í þokunni miklu. Þannig virðist ástand hans vera enn. Flóttasvipurinn er að minnsta kosti ekki horfinn í sjónvarpi.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*


LEXUS ICELANDAIR

Golfstöðin

# Tiger snýr aftur!

Tiger Woods byrjar árið 2014 með því að verja titil sinn í Farmers Insurance Open golfmótinu sem hefst á morgun. Heimsklassa kylfingar á borð við Phil Mickelson og Bubba Watson ætla sér þó ekkert að gefa eftir í ár. Birgir Leifur Hafþórsson, fimmfaldur Íslandsmeistari í höggleik og atvinnumaður í golfi, mun lýsa lokahringnum.

**Ekki missa af þessari golfveislu!**




Fáðu þér áskrift! 365.IS

Vissir þú að... Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti
Barnaheill Save the Children á Íslandi

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME

# ÚTSALA 10-70%

50% **12.950** verð áður 25.900

**63.920** áður 79.900

**23.920** áður 29.900

**23.920** áður 29.900

**19.920** áður 24.900

**12.720** áður 15.900

**55.920** áður 69.900

**39.920** áður 49.900

Valdir púðar **800& 1.500**

Könnur frá ***294** — 40%

Kerti frá ***395** — 3 fyrir 2

Teppi frá ***2.995** — 50%

Ljós ***7.992** áður 9.990 — 20%

Box ***3.992** — 20%

Krukkur ***4.792**

Hjörtu frá ***312** — 20%

*Verð með reiknuðum afslætti

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

ÍRIS

the PIER

## ÚTSÖLULOK Á JÓLAVÖRUM

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

## 40 ára afmæli
**Guðmundur Elías Knudsen**
balletdansari og leikari
verður 40 ára í dag,
fimmtudaginn 23. janúar.





## 94 ára afmæli
Sama dag verður amma hans,
**Guðmunda Elíasdóttir**
söngkona, 94 ára.

Þau halda upp á afmælin saman,
við fjölskyldan förum út að
borða saman.




**ÁNÆGÐ MEÐ VERÐLAUNIN** Pálína skólastjóri og drengirnir Ísak Einarsson, Styrmir Einarsson, Stefán Freyr Jónsson og Gissur Gunnarsson.
MYND/SIGURÐUR GUNNARSSON

# Fengu fyrstu verðlaun fyrir hugmyndir sínar

Ritgerðir nemenda Grunnskólans í Hofgarði í Öræfum voru metnar til fyrstu verðlauna af Landsbyggðarvinum. Þær lýstu hugmyndum um nýjungar og framfarir í heimabyggðinni.

„Við fengum að heyra það að okkar framlag hefði verið skemmtilegt,“ segir Pálína Þorsteinsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Hofgarði í Öræfum, en skólinn hlaut fyrstu verðlaun í verkefni Landsbyggðarvina sem gekk út á hugmyndavinnu til styrktar heimabyggð. Yfirskrift verkefnisins er Heimabyggðin mín.

Fjórir drengir í skólanum tóku þátt og skrifuðu ritgerðir um kosti sinnar sveitar og hvað orðið gæti henni til frekari framdráttar. Þeir tóku við bókaverðlaunum úr hendi Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra um síðustu helgi á fjölmennri samkomu Landsbyggðarvina og voru að vonum kampakátir. Ásgerður Gylfadóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar, brunaði líka í bæinn til að vera viðstödd.

„Okkar menn uppskera fyrir að leggja sig fram og hafa haft úthald í að ljúka verkefninu,“ segir Pálína. „Nú eigum við eftir að vinna það enn betur og sýna það dómnefnd sem fer um landið og skoðar útfærsluna hjá hverjum og einum skóla. Þá getur einhver allt annar skóli orðið sigurvegari.“

Þetta er í annað sinn sem Grunnskólinn í Hofgarði tekur þátt í verkefninu Heimabyggðin mín hjá Landsbyggðarvinum. Hitt var skólaárið 2007-8. Þá vann hann einnig til verðlauna.

gun@frettabladid.is

## Umsögn dómnefndar

Hér eru settar fram athyglisverðar skemmtilegar (frumlegar) tillögur, af öllum fjórum þátttakendum. Þeir skynja sterkt vaxandi ferðamennsku á svæðinu og mikilvægi þess að skapa í sveitinni tækifæri sem gætu orðið til að lengja dvalartíma gesta með því að bjóða upp á aukna, vandaða fræðslu um svæðið og lifnaðarhætti fólksins þar. Þá er einnig fjallað um sérhæfða garða sem byggja mætti upp í Öræfum til afþreyingar fyrir fólkið sem þar býr og gesti sem að garði ber. Allt stórar hugmyndir og vel fram settar.

Hugmyndirnar eru jafnframt vel til þess fallnar að þeir félagar móti þær áfram í sameiningu og felli þær ef til vill saman að einhverju leyti.


†



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,
**OTTI VILBERGUR SVEINBJÖRNSSON**
**Norðurgötu 8, Seyðisfirði,**
sem andaðist á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði fimmtudaginn 16. janúar, verður jarðsunginn frá Seyðisfjarðarkirkju mánudaginn 27. janúar kl. 14.

**Guðrún Hrefna Vilbergsdóttir** **Jóhann Pétur Hansson**
**Símon Hrafn Vilbergsson** **Inga Arna Heimisdóttir**
**Tómas Lárus Vilbergsson** **Hafdís Ármann Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**HULDA GUNNARSDÓTTIR**
**fædd að Gerðarbakka í Garði,**
andaðist 22. janúar 2014. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**F.h. aðstandenda,**
**Pálmi Ingólfsson og Guðrún Ingólfsdóttir**

†



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,
**KAREN ALDA GUNNARSDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**
lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 19. janúar. Útförin fer fram frá Leirárkirkju laugardaginn 25. janúar kl. 14.

**Gunnar Þór Heiðarsson** **Hildur Þorvaldsdóttir**
**Heiðar Þór Gunnarsson** **Sigrún Waage**
**Þorvaldur H. Gunnarsson** **Sigrún Jóhannesdóttir**
**Róbert Gunnarsson**
**barnabarnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, afi og langafi,
**SIGMUNDUR EIRÍKSSON**
**pípulagningameistari,**
**Sléttahrauni 15, Hafnarfirði,**
lést á bráðadeild Landspítalans í Fossvogi fimmtudaginn 16. janúar. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 27. janúar klukkan 15.00.

**Margrét Sigurðardóttir**
**Sigríður Lilja Sigmundsdóttir**
**Sigurður Sigmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**LYDÍA ÞORKELSSON**
**Hamrahlíð 29, Reykjavík,**
lést sunnudaginn 12. janúar á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 24. janúar kl. 13.00.

**Oddur Carl Einarsson** **Sigríður Elín Sigfúsdóttir**
**Rannveig Alma Einarsdóttir** **Ellert Kristján Steindórsson**
**Gunnlaug Helga Einarsdóttir** **Helgi Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**RAGNHEIÐAR HALLGRÍMSDÓTTUR**
**hjúkrunarheimilinu Eir,**
**áður Háaleitisbraut 16, Reykjavík.**
Við viljum þakka sérstaklega starfsfólki 3-N á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Björg Pjetursdóttir**
**Magnús Pétursson** **Júlíanna H. Friðjónsdóttir**
**Guðfinna Pjetursdóttir** **Guðmann Bjarnason**
**ömmubörn og langömmubörn.**

†



Kæru ættingjar og vinir.
Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, afa og langafa,
**KRISTINS GUÐJÓNSSONAR**
Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir umhyggju og alúð.

**Tryggvi Anton Kristinsson**
**Snorri Lorentz Kristinsson** **Anna Gréta Arngrímsdóttir**
**Reynir Kristinsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Ingvi Guðjón Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir, amma og systir,
**KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR**
**Blönduhlíð 24,**
lést á Landspítalanum 15. janúar. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 28. janúar kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sigríðar Heiðberg í síma 567-2909.

**Guðjón Einarsson**
**Eiríkur Guðjónsson Wulcan** **Anna Wulcan**
**Anna Þ. Guðjónsdóttir**
**Kristín Eiríksdóttir** **Steinar Bragi Guðmundsson**
**Oddbergur Eiríksson**
**Ingibjörg Eiríksdóttir**



†

Ástkær eiginmaður minn, sálufélagi, faðir,
tengdafaðir, afi og tengdasonur,
**JÓHANN JAKOB SIGURLAUGSSON**
lést á heimili sínu aðfaranótt 6. janúar síðastliðins. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra þeirra sem hafa sýnt fjölskyldunni hlýhug á þessum erfiðu tímum.

**Jóanna Atladóttir**
**Þórður Jóhannsson** **Sædís Dúadóttir Landmark**
**Sigríður Jóhannsdóttir**
**Þóra Jóhannsdóttir**
**Þóra Sigurjónsdóttir**



## VÍKINGUR HEIÐAR MEÐ SINFÓ

Víkingur Heiðar leikur Brahms nefnast tónleikar sem haldnir verða í Eldborgarsal Hörpu í kvöld kl. 19.30 og annað kvöld. Það telst jafnan til tíðinda þegar Víkingur Heiðar leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands en í þetta sinn tekst Víkingur á við 1. píanókonsert Brahms sem frumflutti konsertinn aðeins 26 ára gamall.

TÆKIFÆRISGJAFIR
Margar gerðir iittala
Mikið af flottum tilboðum

Tékk KRISTALL www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


OLANG
FYRIR DÖMUR OG HERRA
Verð:24.000.-
OC ICE GRIP SYSTEM
NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM
Parísar TÍZKAN BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

ÚTSALA
50% afsláttur

Litir: ljósir og svartir
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



# ÁTTU ERFITT MEÐ AÐ HALDA ÞÉR VAKANDI?

**GENGUR VEL** *Í skammdeginu getur verið erfitt að rífa sig fram úr rúminu á morgnana. Énaxín er koffínlaus orkugjafi sem auðveldar þér að vakna, bætir svefninn, eykur gleðina og kynhvötina. Énaxín er sannkölluð orkubomba.*

Dimmir vetrardagar hafa oft í för með sér orkuleysi, og leiða. Virku jurtirnar í Enaxíni eru burnirót, shisandra og damiana sem hjálpa til við að létta lundina, gefa orku og auka kynhvötina.



**ORKUBOMBA Í SKAMMDEGINU**

Énaxin kemur í mixtúru- og töfluformi og inniheldur hvort tveggja jurtaþykkni úr burnirót, (arctic root), shisandra og damiana sem allar hafa nærandi áhrif á taugakerfið og veita orku án þess að valda andvöku. Að margra mati bætir inntaka Énaxíns svefninn. Énaxin er án koffíns og hentar því öllum aldri. Énaxin hefur verið ein mest selda heilsuvaran í Danmörku sl. tíu ár.

Til þess að tryggja skjót áhrif er best að byrja á mixtúrunni og taka 25 ml á dag í 16 daga. Gott er svo að halda við áhrifunum með því að taka inn töflurnar – 90 töflur eru í glasinu. Í töflunum eru að auki öll helstu vítamín og steinefni sem styrkja ónæmiskerfið fyrir pestir vetrarins.

***Þessi frábæra vara fæst í apótekum og heilsubúðum. Allar frekari upplýsingar eru á www.gengurvel.is***



Rýmum
til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!

Fimm stjörnu verslun
Komdu og gerðu ævintýralega góð kaup!
20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.
*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# VÍNSÝNING VÍNSMAKKARANS

**VÍNSMAKKARINN KYNNIR** *Vínsmakkarinn, vín- og ölstofa að Laugavegi 73, verður með vínsýningu annan hvern fimmtudag í janúar og febrúar. Staðurinn er þekktur fyrir skemmtilegt og hlýlegt andrúmsloft en þar má einnig gæða sér á ljúffengum smáréttum.*

Þetta verður mjög skemmtilegur viðburður," segir Stefán Guðjónsson vínsmakkari sem stendur fyrir sýningunum á Vínsmakkaranum, huggulegum stað í kjallaranum á Laugavegi 73. Staðurinn er þekktur fyrir skemmtilegt og hlýlegt andrúmsloft þar sem fólk getur sest niður í rólegheitum og spjallað saman yfir góðu vín- eða bjórglasi.

„Vínsýningin fer þannig fram að fólk getur mætt hvenær sem er milli klukkan 20 og 22 til að smakka gott úrval af einstökum vínum og/eða góðum bjór," lýsir Stefán, en boðið verður upp á sex til átta tegundir af gæðavíni og bjór. „Sum vínin fást í Vínbúðinni en önnur eru ekki komin í sölu."

Gestir geta keypt „glas" á 2.100 krónur og Stefán leiðir þá í gegnum tegundirnar sem í boði eru. Í lok kvölds er hægt að fá sér meira af uppáhaldsdrykknum á góðu verði. „Í framhaldinu verða svo þau vín og bjórinn sem voru kynnt seld á hagstæðu verði næstu tvær vikurnar," segir Stefán.

Fyrsta sýning Vínsmakkarans fer fram fimmtudaginn 23. janúar. Þar verður kynnt Villa Maria frá Nýja-Sjálandi. „Villa Maria er einn fremsti vínframleiðandi Nýja-Sjálands. Smakkað verður allt frá freyðivínum upp í stórkostleg Sauvignon Blanc og Pinot Noir," segir Stefán og bendir á að Vínsmakkarinn leggi mikla áherslu á gott úrval af léttvíni og bjór á góðu verði. Einnig er gott úrval af viskíi, gini og ýmsu öðru.

### OSTABAKKAR SLÁ Í GEGN

Vínsmakkarinn býður upp á ýmsa smárétti sem passa vel með víni og bjór. „Þess má geta að sælkerabakkinn, sem inniheldur úrval af ostum, kryddpylsum og fylltum ólífum, hefur svo sannarlega slegið í gegn," segir Stefán, sem rekur Vínsmakkarann og hefur auk þess til margra ára verið einn fremsti vínþjónn Íslands. Stefán hefur verið veitingastjóri á mörgum af bestu veitingahúsum Íslands og í dag vinnur hann sem veitingastjóri á 101 hóteli ásamt því að eiga Vínsmakkarann. Þess má geta að Stefán rekur Vín- og bjórskóla Vínsmakkarans samhliða vín- og ölstofunni.

*Hægt er að nálgast meiri upplýsingar á Facebook og og á www.smakkarinn.is.*

### BYRJAR 23. JANÚAR

Fyrsta sýning Vínsmakkarans fer fram fimmtudaginn 23. janúar. Þar verður kynnt Villa Maria frá Nýja-Sjálandi. „Villa Maria er einn fremsti vínframleiðandi Nýja-Sjálands. Smakkað verður allt frá freyðivínum upp í stórkostleg Sauvignon Blanc og Pinot Noir," segir Stefán.

**VÍNIN SEM VERÐA SMÖKKUÐ Á FYRSTU VÍNSÝNINGUNNI ERU:**

Villa Maria Private Bin lightly sparkling Sauvignon blanc.
Villa Maria Private Bin Sauvignon blanc Organic.
Villa Maria Private Bin East Coast Chardonnay.
Villa Maria Private Bin East Coast Pinot Grigio.
Villa Maria Grahams Single vineyard Sauvignon blanc.
Villa Maria Private Bin Syrah Hawkes bay.
Villa Maria Reserve Pinot Noir.
Villa Maria Reserve Gimlett Gravels. Merlot/Cabernet Sauvignon.



**SKEMMTILEGUR VIÐBURÐUR** „Vertu með okkur frá byrjun og upplifðu öðruvísi, lærdómsríkt, viðburðaríkt og skemmtilegt kvöld," segir Stefán Guðjónsson, einn fremsti vínþjónn Íslands. MYND/GVA

# MENNINGARHEIMAR MÆTAST

**TÍSKA** *Tískuhönnuðurinn Stella Jean heldur áfram að heilla tískuheiminn með skemmtilega skræpóttum flíkum. Á dögunum sýndi hún haustlínu sína fyrir karlmenn og þar ægði saman mynstrum úr hinum ýmsu áttum. Skræpótt mynstur frá hinum ólíku löndum geta vel unnið saman," segir tískuhönnuðurinn Stella Jean, sem er þekkt fyrir að brúa bilið milli menningarheima í hönnun sinni. Á tískusýningu hennar á Pitti Uomo 85 í Flórens á Ítalíu sýndi hún karlmannafatalínu sína fyrir haustið 2014. Dálæti Jean á fjölmenningu var augljós í flíkunum sem voru litríkar og mikið mynstraðar. Mynstrin voru þó smágerðari en hún hefur notað í kvenfatnaðinn. Innblásturinn að mynstrunum sótti hún allt frá Bretlandi og til Afríku.*













**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447


ENN MEIRI LÆKKUN
50-70%
AFSLÁTTUR
af öllum útsöluvörum
20% VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
FRAM Á SUNNUDAG
evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
DOROTHY PERKINS

# Nýjar vörur í hverri viku
Alltaf eitthvað nýtt og spennandi



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is






# SÓTTI INNBLÁSTUR Í ÍSLANDSHEIMSÓKN

**TÍSKA** *Japanski fatahönnuðurinn Yusuke Takahashi heillaðist af náttúru Íslands á ferðalagi. Það skilaði sér í nýjustu herralínu hans fyrir Issey Miyake.*

Nýjasta herralína Issey Miyake er innblásin af Íslandi en línan var sýnd í París nú á dögunum. Hönnuður línunnar, Yusuke Takahashi, sótti Ísland heim og heillaðist af íslenskri náttúru.

Í línunni má sjá liti rennandi hrauns og eldgosa birtast í munstruðum jökkum, buxum og stuttbuxum, og hrjúfar strendur íslenskra fjarða birtast í gróft skornum slám sem ná nánast niður í gólf. Glampa norðurljósanna mátti einnig sjá í úlpum og jökkum úr efni sem endurkastar ljósi og litum og notaði Takahashi efnið einnig í jakkaföt með klassísku sniði.

Takahashi sagðist hafa viljað gera línuna nútímalega og glæsilega og leitað meðal annars í hefðbundin bresk snið, en vildi jafnframt koma stórbrotinni náttúru Íslands til skila. ■ rat





Verðhrun á ÚTSÖLU




Kjólar 50-70% afsláttur
allar útsölubuxur kr. 3.900.-
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is


# LITRÍKIR KJÓLAR FREKAR EN SVARTIR

*Yfirburðir litla, svarta kjólsins í kjólakaupum kvenna virðast vera að líða undir lok.*



Litli, svarti kjóllinn er löngu orðið þekkt hugtak í tískuheiminum og hver kona sögð þurfa að eiga einn slíkan. Ef kona mætti í þannig dressi í partí átti það varla að geta klikkað. Staða litla, svarta kjólsins í fataskápum kvenna virðist þó eitthvað vera að færast innar í skápinn. Samkvæmt nýlegri frétt í The Guardian kaupa konur hann síður á netsíðum, að minnsta kosti kaupa þær hann í minni mæli en þær gera í búðum.

Í innkaupakörfur netverslananna fara frekar mynstraðir og litaglaðir kjólar af því að þeir vekja athygli þegar rennt er yfir tölvuskjáinn. Svartir kjólar hins vegar virðast vera flatir í tölvunni.

Verslunin Matchesfashion selur mynstraða og litaða kjóla helmingi betur en svarta kjóla. Asos selur litaglöðu dressin sextíu prósent betur en svörtu kjólana. Stærsti hluti sölu þessara verslana fer fram á netinu. „Mynstur eru alltaf lykilatriði í hönnun Asos af því að mynstraðar flíkur eru meira aðlaðandi fyrir augað þegar þær eru skoðaðar á netinu,“ segir Jacqui Markham, yfirmaður hönnunardeildar kvenfatnaðar hjá Asos.






Flottar þessar !
3 litir.
Stærð 34 - 46
Verð 13.900 kr.
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

# NÝIR BÍLAR

FIMMTUDAGUR 23. JANÚAR 2014




# SALA PALLBÍLA AFTUR MÖGULEG?

## Regluverk frá Evrópusambandinu hefur verið innleitt hér með strangari og ítarlegri hætti en þörf er á.

Sala pallbíla hefur legið niðri hérlendis sökum þess að reglur Í Bandaríkjunum og Evrópu varðandi mengunarstaðla, þyngd og aðrar upplýsingar eru ekki samræmdar og falla ekki að regluverki Evrópusambandsins. Það hefur orðið til þess að sala þeirra hefur engin verið á undanförnum 10 mánuðum, hún hefur einfaldlega verið ólögleg, þó svo hér á Íslandi sé ekkert sem kveði á um að fara þurfi eftir því. Nú gæti verið að rofa til í þessum efnum og aftur opnist fyrir sölu pallbíla frá Bandaríkjunum. Hjá Samgöngustofu er nú unnið að reglugerðarbreytingu sem gerir ráð fyrir rýmkun á heimildum til innflutnings á bílum frá Bandaríkjunum. Breytingarnar eru nú til umfjöllunar hjá innanríkisráðuneytinu og gætu komið til framkvæmda á næstunni. Sala pallbíla var í miklum blóma fyrir hrun og þeir voru og eru reyndar enn algeng sjón á götunum. Ekki hefur verið flutt inn mikið af pallbílum síðan þá, en þörfin fer vaxandi því margir hafa sannarlega þörf fyrir svo sterkbyggða bíla með mikla flutnings- og dráttargetu.

### Ofinnleiðing á regluverki

Á morgunverðafundi Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins 14. janúar sl. hélt Ingimar Baldvinsson, eigandi IB bíla á Selfossi, erindi og sagði að mörg dæmi væru um að regluverk frá Evrópusambandinu væri innleitt hér á landi í gegnum EES-samninginn með strangari og ítarlegri hætti en þörf er á. Þannig hefði verið tilhneiging til þess að miða við lægstu mörk þegar vikmörk eru gefin í regluverkinu. Það hefði leitt til hindrana í viðskiptum á milli Íslands og Bandaríkjanna, ekki bara hvað varðar bíla. Slík ofinnleiðing á regluverki frá Evrópusambandinu færi gjarnan sjálfvirkt fram og án þess að hafðar væru í huga aðstæður á Íslandi. Þessu þyrfti að breyta.

### Uppsöfnuð þörf og margar pantanir

Brimborg á mikið undir að sala pallbíla verði leyfð aftur, en vinsælasti pallbíllinn bæði hérlendis og í Bandaríkjunum var og er Ford F-línan. Forstjóri Brimborgar, Egill Jóhannsson, segir að hjá Brimborg liggi fyrir margar pantanir í pallbíla af Ford gerð og um leið og innflutningur þeirra verði lögleyfður verði margir bílar pantaðir, enda uppsöfnuð mikil þörf fyrir slíka bíla hér á landi. Egill segir að þeir henti mörgum kaupendum einkar vel, bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Pallbílar hafa kosti sem aðrir bílar uppfylla ekki og þeir séu einkar hentugir til dráttar á aftanívögnum. Þarfir hestafólks eru gott dæmi um það. Egill segir ennfremur að miklar breytingar hafi orðið á pallbílum á undanförnum árum. Þeir séu ekki lengur eins eyðslufrekir og áður og gott dæmi um það sé ný gerð Ford F-150-bílsins, sem léttist um 320 kg milli kynslóða og fengið einkar eyðslugrannar vélar, en eyðsla hans er aðeins 7,8 lítrar.

### Einstaklingar og fyrirtæki bíða

IB bílar á Selfossi voru líkt og Brimborg innflytjendur pallbíla áður en reglur gerðu innflutning þeirra ógerlegan. Ingimar Baldvinsson, eigandi IB bíla, fagnar fyrirhuguðum breytingum á regluverkinu hérlendis og segir að hann bíði í ofvæni, sem og margir áhugasamir kaupendur. Þar á meðal eru nokkrar stofnanir eins og Rarik og Landsnet, sem hafa mikla þörf fyrir slíka bíla. Ingimar hefur þegar pantað nokkra bíla sem eru á leið til landsins en hann elur þá von í brjósti að reglubreytingin komi til framkvæmda öðru hvorum megin við næstu mánaðamót. Ingimar segir að með þessari breytingu verði komið í veg fyrir fáheyrða neyslustýringu, en langt sé reyndar í land að skrefið sé stigið til fulls í þeim efnum. Enn sé bílkaupendum þrýst til kaupa á smáum bílum, afllitlum og helst beinskiptum, sem alls ekki henta öllum.




ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN

olís

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858

AUGLÝSING: LEXUS KYNNIR

# SPORTLEG HÖNNUN OG HNÖKRALAUST HANDBRAGÐ LEXUS IS 300H

Lexus IS 300h er þriðja kynslóð IS-línunnar og fyrsti bíllinn í línunni sem búinn er hybrid-tækninni.

Aðaleinkennismerki IS 300h er sportleg hönnun og hnökralaust handbragð enda hefur hann verið lofaður fyrir hönnunina og unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga," segir Arnar Gíslason, sölustjóri Lexus á Íslandi.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri týpunni, IS 250. „Bíllinn er nú orðinn enn sportlegri, var lengdur aðeins svo meira fótarými er fyrir aftursætisfarþega. Í bílnum er ný 2,5 lítra vél og ný CVT sjálfskipting. Þá var fjöðruninni breytt," segir Arnar en auk þess var notuð ný leysitækni við suðu á yfirbyggingu sem gerir hana mjög sterka. „Þar sem yfirbyggingin er stífari gerir það bílinn rásfastari í akstri," útskýrir hann.







### Hreint afl og lítil mengun

Lexus IS 300h er búinn annarri kynslóð af Lexus Hybrid Drive-vél. „Hún skilar hreinu afli, framúrskarandi eldsneytisnýtingu og lítilli mengun í útblæstri, og raunar engri í EV-stillingu, það er þegar bíllinn er eingöngu knúinn rafmagni," lýsir Arnar en hybrid-kerfið samanstendur af 2,5 lítra bensínvél og 650 V rafmótor sem skilar 223 hestöflum. „Við höfum haft gríðargóða reynslu af hybrid-tækninni hér," segir Arnar og bendir á að Lexus sé fyrsti lúxusbílaframleiðandinn sem bjóði upp á þessa tækni í sinni vörulínu.

Hægt er að velja milli þriggja stillinga. ECO þar sem eldsneytið er nýtt sem allra best til að minnka útblástur, EV þar sem rafmagn er notað eingöngu og svo SPORT þar sem kallað er fram meira afl bæði frá vél og rafmótor. „Þá urrar skemmtilega í honum," segir Arnar.

### Lítil eyðsla

Lexus IS 300h kom best út í nýlegri prófun á eyðslu fimm lúxusbíla. Hann komst lengst á bensínlítranum en keppinautarnir voru Mercedes Benz C220 CDI, Audi A6 2.0 TDI, BMW 320d og Audi A4 TDIe. „Meðaleyðsla í blönduðum akstri er 4,3 lítrar og útblástur aðeins 99 grömm sem er einstakt með bíl í þessum stærðarflokki," segir Arnar en bíllinn sér sjálfur um að hlaða sig í akstri og því þarf aldrei að stinga honum í samband. IS 300h er með stiglausa sjálfskiptingu en með sportskiptingu í stýri sem gerir ökumanni kleift að skipta sjálfur um gír.

### Framúrskarandi öryggi

„Lexus IS 300h varð efstur í sínum flokki í Euro Ncap með framúrskarandi einkunn hvað varðar öryggi," segir Arnar en í bílnum eru átta öryggisloftpúðar og höggdeyfandi vélarhlíf sem lyftist upp við ákeyrslu til að draga úr áverkum ef ekið er á gangandi vegfaranda. Bíllinn er með öfluga VDIM-stöðugleikastýringu og spólvörn sem veita ökumanni mikið öryggi, til að mynda í hálku.

### Vel útbúinn

Miðað við lúxusbíl er byrjunarverð grunnútgáfunnar ekki hátt, 6.990.000 krónur. Eins og aðrir Lexus-bílar er hann vel útbúinn að grunni til en möguleiki er að fá hann í nokkrum útfærslum EXE, EXE+, Sport-útfærslu eða Luxury og þá með mismunandi búnaði.

„Að sjálfsögðu er hægt að fá bílinn með Íslandskorti og WiFi-tengingu til að komast inná netið," segir Arnar og bendir á að fimm ára ábyrgð er á IS 300h líkt og öðrum nýjum Lexus-bílum. „Síðan hvet ég fólk til að koma og reynsluaka."



Lexus IS 300h varð efstur í sínum flokki í Euro Ncap-öryggisprófinu og er auk þess afar umhverfisvænn með aðeins 99 g $CO_2$ útblástur. MYND/GVA

## LEXUS IS 300H

**Vél** 2,5 lítra L4, VVT-i ásamt 650 V rafmótor
**$CO_2$ blandaður akstur (g/km)** 99
**Blandaður akstur (l/100km)** 4,3
**Hröðun 0-100 km/klst** 8,3
**Hestöfl** 223

**LEXUS IS 300H KEMUR Í NOKKRUM ÚTGÁFUM**

| | |
|---|---|
| IS 300h | 6.990.000 kr. |
| IS 300h Exe | 7.740.000 kr. |
| IS 300h Exe + | 8.490.000 kr. |
| IS 300h Luxury | 8.990.000 kr. |
| IS 300h F Sport | 9.040.000 kr. |

**Nánari upplýsingar má nálgast á www.lexus.is**




Þeir eru vígalegir Mini-bílarnir en fátt í þeim er upprunnið frá framleiðanda Mini.

## Sigurvegari Dakar er í raun ekki Mini heldur samsuða margra

Í efstu þremur sætunum í nýliðnu Dakar-ralli voru Mini-bílar, en Mini er í eigu BMW. Staðreyndin er nú sú að svo til ekkert í þessum þremur bílum er að finna í hefðbundnum Mini-bílum, nema yfirbygginguna. Undirvagn bílsins er smíðaður af keppnisliðinu sem sannarlega vann Dakar, X-Raid ásamt Heggemann Autosport frá Þýskalandi. Vélin í bílnum er fengin frá BMW og er 3,0 lítra dísilvél sem ekki finnst í neinum Mini-bíl, heldur í BMW-bílum. Bremsur og kúpling eru fengnar frá AP Racing og mismunadrifið er frá Xtrac. Þessar staðreyndir er X-Raid ekkert að fela og kemur þetta allt saman fram á heimasíðu liðsins. Í raun er sá Mini sem vann Dakar-rallið nú afleiða BMW X3-bílsins sem keppti í þessari sömu keppni fyrir nokkrum árum. Eini marktæki munurinn er að bílinn hefur fengið yfirbyggingu frá Mini. Því má segja að að þessar æfingar BMW hafi eingöngu verið gerðar til að auka hróður Mini og markaðsöflin hafi tekið völdin.



NASCAR kappaksturinn er sá vinsælasti í Bandaríkjunum

# EIGANDI NASCAR-LIÐS MEÐ LIÐ Í FORMÚLU 1

Stærsta ökukeppni Bandaríkjanna er NASCAR-mótaröðin og eigandi eins keppnisliðs þar, Gene Haas, hefur nú hug á því að senda lið í Formúlu 1 keppninni keppnistímabilið 2015 og 2016.

Haas hefur tíma fram til 10. febrúar að ákveða sig og sækja formlega um keppnisleyfi. Það verður síðan 28. febrúar sem þau keppnislið sem taka þátt það keppnistímabilið verða formlega kynnt. Því hefur Gene Haas ekki langan tíma til að taka endanlega ákvörðun, en mjög dýrt er að taka þátt í keppninni og eins gott að vera kominn með fjársterka aðila með sér og auglýsendur. Bílatímaritið Auto Motor und Sport greindi frá þessu í vikunni og samkvæmt heimildarmanni blaðsins gætu keppnisbílar Haas verið með Ferrari-vélar. Auk þess er líklegt að Günther Steiner, fyrrverandi tæknistjóri Red Bull-liðsins, verði liðsstjóri.



BÍLAR www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins Finnur Thorlacius finnurth@365.is
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbirgir@365.is Sími 5125432
Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY




40 %
GÆÐALÁN TOYOTA

**GÆÐALÁN TOYOTA**
**Í SAMSTARFI VIÐ ERGO**

Fáðu **40%** af verði nýrrar Toyotu að láni **án vaxta** í allt að **þrjú ár**.

Toyota kynnir til sögunnar nýja og kröftuga útgáfu af Land Cruiser 150. Þetta er hinn eini sanni konungur íslenskra þjóðvega, tignarlegri en nokkru sinni fyrr. Hann gleður augað og býr yfir tæknilegum nýjungum sem lyfta hverri ökuferð á æðra plan. Komdu og sjáðu hvernig landið liggur hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**Verð frá 9.920.000 kr.**

5
5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

**TOYOTA LAND CRUISER 150**

3,0 L. DÍSILVÉL, 190 HESTÖFL
Fjórhjóladrif

Eyðsla 8,2 l./100 km
í bl. akstri

Mengun 217 g/km CO2
Hröðun 11,7 sek.
Hámarkshraði 175 km/klst
Verð 9.920.000 kr.
Umboð Toyota á Íslandi

- Lítið afl
- Aksturseiginleikar
- Lágstemmd innrétting

- Torfærugeta
- Stærð
- Búnaður



# TRAUSTUR ÞJARKUR SEM FYRR

## Litlar breytingar en þó allar góðar og áfram má búast við að Land Cruiser höfði mjög til landans.

**TOYOTA LAND CRUISER 150**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Litlar breytingar hafa orðið á Íslandsbílnum en þó allar góðar og áfram má búast við að Land Cruiser höfði mjög til landans.

Það vekur alltaf athygli er breytingar verða á þeim jeppa sem Íslendingar hafa tekið hvað mestu ástfóstri við, Toyota Land Cruiser. Hann kemur nú andlitslyftur af árgerð 2014 en það skal strax áréttað að breytingarnar eru hvorki mjög sýnilegar né miklar. Ógn og býsn eru til af Land Cruiser á Íslandi og helgast það af tvennu: Hann hefur selst feikilega vel í gegnum árin og hann endist von úr viti. Ef til vill er það hans helsti kostur og ástæða þess að Íslendingar hafa kosið hann umfram jeppa í lúxusflokki sem eru þó á sambærilegu verði. Annar mjög stór kostur við Land Cruiser er að hann er enn byggður á grind og því hægt að breyta honum, hækka og setja undir stærri dekk. Það á við um fáa jeppa í dag en er okkur Íslendingum mikilvægt. Þannig hefur það verið öll þau 62 ár sem Land Cruiser hefur verið framleiddur, en fáar bílgerðir eiga lengri og farsælli sögu en samtals hefur Land Cruiser selst í yfir fimm milljónum eintaka.

### Lítil útlitsbreyting

Að utanverðu er það helst framendinn sem breyst hefur á bílnum og bæði grillið og framljósin hafa stækkað og standa þau eftirtektarvert langt út úr bílnum. Framstuðarinn er líka heilmikið breyttur. Mesta breytingin er þó fólgin í nýrri og flottari innréttingu þó svo hún ná ekki fegurð innréttinga lúxusjeppanna. Innrétting bílsins, sem hefur fengið nokkra yfirhalningu, er enn þá frekar látlaus og sterkleg og á ansi langt í keppinautana hvað fríðleika varðar. Allt er frekar klossað og nútíminn virðist ekki enn genginn í garð hjá hönnuðum hennar. Allt það nauðsynlegast er þó að finna þar, allt svínvirkar og virðist sem fyrr jafn vel smíðað. Sætin eru góð og auðvelt að finna góða akstursstöðu og útsýnið úr bílnum er alveg frábært. Rými í aftursæti er líka mjög gott og sætin þar ágæt. Farangursrýmið í bílnum er einn af stærstu kostum hans og hann flytur heil ósköp ef aftursætin er lögð niður. Það kom hressilega á óvart hvað hljómkerfi bílsins er gott með sína níu hátalara og gott var að stjórna því á stórum upplýsingaskjánum. Þar er einnig að finna mjög fínt upplýsingakerfi bílsins sem heitir nú Toyota Touch 2.

### Ekki mikið afl

Sama 3,0 lítra dísilvélin er í bílnum, 190 hestafla, sem fæst bæði með 6-gíra beinskiptingu og 5-þrepa sjálfskiptingu. Bílinn má einnig fá með 4,0 lítra og sex strokka bensínvél sem er 249 hestöfl. Dísilvélin sem flestir velja mengar nú 9% minna en áður þótt hestaflatalan sé sú sama. Bíllinn er á 17 tommu álfelgum og VX útgáfan á 18 tommu álfelgum. Land Cruiser er vel búinn bíll tæknilega og drifbúnaðurinn mjög góður sem fyrr. Fyrir vikið er hann mjög seigur torfærubíll eins og Íslendingar þekkja svo vel. Þar á hann sér vart jafningja þó svo bílar Land Rover séu harðir samkeppnisaðilar þar. Bíllinn er með sítengdu fjórhjóladrifi, stöðugleikastýringu, góðri spólvörn og vökvastýrðum hemlum. Allt virkar þetta með miklum sóma og því verður einkar fyrirhafnarlítið að aka bílnum þó svo færðin sé erfið. Í Land Cruiser eru nú komnar fjórar myndavélar sem gefa ökumanni fullkomna yfirsýn yfir umhverfi bílsins sem oft kemur sér vel á svo stórum bíl. Bíllinn er líka með stöðugleikastýringu fyrir aftanívagna sem skynjar hvort eftirvagninn sveigist til og lagar bíllinn sig eftir því. Þetta kerfi á eftir koma mörgum vel hér á landi þar sem títt er að eigendur bílsins noti hann til dráttar.

### Ágætur í akstri en ekki fimur

Akstur Land Cruiser er ánægjulegur þótt fyrir því finnist hversu stór og þungur bíllinn er. Hann er enn með nokkuð groddalegar hreyfingar, en engu að síður finnur ökumaður fyrir miklu öryggi við akstur hans. Land Cruiser á langt í land í fimi í samanburði við margan jeppann, en hann er einfaldlega ekki hugsaður sem sportjeppi, hann er frekar traust vinnutæki, alger þjarkur sem skilar fólki á áfangastað hvernig sem færðin er án þess að bila á leiðinni. Það kunna Íslendingar að meta og þess vegna selst hann svo vel. Vélin telst langt því frá öflug fyrir svo stóran bíl en góð sjálfskiptingin í bílnum hjálpar þó til. Það er erfitt að flýta sér mjög á þessum bíl en hugg-un harmi gegn að vita að maður kemst ávallt á áfangastað. Eitt af því sem alltaf hefur talist til mikilla kosta Land Cruiser er hversu góður bíllinn er í endursölu og hann heldur virði sínu ótrúlega vel og selst á háu verði þó svo um eldri gerðir hans sé að ræða. Bíllinn er jú ódrepandi og því eru svo margir enn þá á götunum og safna enn þá háum tölum á akstursmælinn. Land Cruiser er því alltaf góð kaup, en sannarlega ekki bíll sem höfðar til þeirra sem kjósa akstursgetu umfram annað. Verð Land Cruiser í sinni ódýrustu útgáfu er 9.920.000 og þar slær hann við flestum öðrum jeppum en Land Rover Discovery kostar um 1.400.000 krónum meira og Audi Q7 ríflega þremur milljónum meira. Verðlækkun á nýjum BMW X5 gerir það að verkum að hann stendur Land Cruiser næst í verði og er nú um hálfri milljón dýrari.





**INNRÉTTINGIN**
**Innrétting bílsins hefur tekið framförum en á ennþá nokkuð í land í samanburði við lúxusjeppana.**



**STÓRT SKOTT**
**Einn af stærstu kostum Land Cruiser er gríðarstórt farangursrýmið og þar slær hann flestum við.**






KIA
The Power to Surprise

Kia Sorento er einhver áhugaverðasti og hagkvæmasti kosturinn í jeppakaupum.
Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð á nýjum Kia Sorento,** svo hún gildir til ársins 2021.

**Nokkrir kostir Kia Sorento:**

- **197 hestafla dísilvél, eyðir frá 6,7 l/100 km**
- **Sex þrepa sjálfskipting**
- **LED-ljós að framan**
- **Frábærir akstурseiginleikar**
- **Fáanlegur með bakkmyndavél**
- **Mjög rúmgóður**
- **Fáanlegur sjö sæta**

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

Sorento Classic 2,2 dísil
**Verð frá 7.450.777 kr.**
Aðeins **66.743 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo

*M.v. 3.500.000 kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,55% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,09%. Nánari upplýsingar á ergo.is

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

## Chrysler formlega undir Fiat

Í vikunni varð bandaríski bílaframleiðandinn Chrysler formlega að dótturfyrirtæki Fiat. Fiat hefur hægt og rólega frá árinu 2009 tryggt sér öll hlutabréfin í Chrysler og þurfti að punga út 510 milljörðum króna í byrjun ársins til að klára kaupin. Forstjóri Fiat, Sergio Marchionne, gaf út við þetta tækifæri að hann myndi að minnsta kosti verða í starfi forstjóra til ársins 2016 og fylgja eftir sameiningu fyrirtækjanna. Marchionne hefur látið hafa eftir sér að höfuðstöðvar Fiat verði ekki endilega áfram á Ítalíu og er talið fullt eins líklegt að þær verði fluttar til Bandaríkjanna og þá líklega til New York.



Volvo horfir björtum augum til þessa árs í ljósi velgengninnar undanfarið.

## Volvo sneri tapi í hagnað

Rekstraráætlanir Volvo fyrir síðasta ár kváðu hvorki á um tap né hagnað. Því var það mikið gleðiefni fyrir Hakan Samuelsson að tilkynna það að Volvo hagnaðist á árinu. Fyrri hluta ársins var Volvo rekið með tapi, en sá seinni gerði meira en að bæta það upp. Tapið á fyrri helmingnum nam 10,3 milljörðum króna. Gríðarlegur vöxtur í sölu Volvo-bíla í Kína á seinni helmingi ársins er það sem helst skýrir þennan viðsnúning. Þar jókst salan um 46% og heildarsala Volvo-bíla var 427.840 bílar, 1,4% meira en árið á undan.

| | 2 | | 1 | | | | | 7 |
| | | | | | 4 | | | 8 |
| 1 | | 4 | 5 | | | | 3 | 6 |
| 3 | 5 | | | | | | | 9 |
| | 9 | 8 | 2 | 7 | | 4 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 7 | |
| | | | | | | 8 | | 5 |
| 4 | | | 6 | | | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | | | | 3 | | 7 | |
| | | 5 | | 9 | | | 3 | |
| | | | 4 | | 8 | | 2 | |
| 7 | | | | | 6 | 4 | | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | | 4 | | | 9 | 2 |
| 8 | | | | | | | | |
| 5 | | 1 | 9 | | | | | |
| 9 | 6 | 2 | 1 | | 7 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 3 | 4 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 3 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 |
| 5 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 4 | 9 | 7 | 8 |
| 4 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 9 |
| 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 | 5 | 2 | 8 |
| 4 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 2 | 5 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 3 | 6 | 8 | 1 | 9 |
| 1 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 3 | 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 9 | 2 | 1 | 6 | 8 | 7 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 2 | 6 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 5 | 3 | 1 | 2 |
| 9 | 3 | 1 | 2 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Heimurinn mun kynnast friði þegar kraftur ástarinnar yfirgnæfir ást á völdum.“

*Jimi Hendrix*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** plat, **6. 49, 8.** ferðalag, **9.** Móðurlíf, **11.** komast, **12.** bolur, **14.** eftirsjá, **16.** fisk, **17.** þjóta, **18.** tugur, **20.** tveir eins, **21.** þurrka út.

**LÓÐRÉTT 1.** kvenflík, **3.** frá, **4.** aftóku, **5.** yfirbragð, **7.** nennuleysi, **10.** guð, **13.** frjó, **15.** uxi, **16.** beita, **19.** kringum.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** il, **8.** för, **9.** leg, **11.** ná, **12.** stofn, **14.** iðrun, **16.** ál, **17.** æða, **18.** tíu, **20.** uu, **21.** afmá.

**LÓÐRÉTT: 1.** pils, **3.** af, **4.** bönnuðu, **5.** brá, **7.** letilíf, **10.** goð, **13.** fræ, **15.** naut, **16.** áta, **19.** um.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ólafur Gísli Jónsson (1.871) vann afar óvæntan sigur á landsliðskonunni Lenku Ptácníková (2.245) í 5. umferð Skákþings Reykjavíkur.**

**Svartur á leik**



**42...Hdh8!** Hvítur er óverjandi mát í nokkrum leikjum. **43. Hxf3 Rxf3+** og svartur vann enda hróki yfir. Fljótvirkara hefði reyndar verið 43... Hh1+ 42. Kg2 H8h2+ 45. Kg3 Hh3+ 46. Kg2 Rxf3 ásamt 47...Re1#. Sjötta umferð fór fram í gærkveldi. **www.skak.is** Vornámskeið Skákskólans hefjast á laugardag.


NÝR 16BLS
BÆKLINGUR
SKOÐAÐU ÖLLU HEITUSTU TILBOÐIN Á NETINU
16BLS
NETBÆKLINGUR
SMELLTU ÞÉR Á NETIÐ OG SKOÐAÐU ÖLL HEITUSTU TILBOÐIN
FYRIRTÆKI
Glæsilegt og öflugt fyrirtækjasvið Tölvuteks
Microsoft Partner
Responsible
xerox
TÖLVUTEK
ÓTRÚLEG TILBOÐ
ÓTRÚLEG NÝ TILBOÐ Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUNUM LANDSINS
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
NÝ VERSLUN
ÓTRÚLEGT TILBOÐ
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI
UPPFÆRÐU MEÐ STÆL
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

# Þetta er lítið og sætt ljóð um vongleði

Anton Helgi Jónsson skáld hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör, í árlegri ljóðasamkeppni Kópavogsbæjar, fyrir ljóð sitt: Horfurnar um miðja vikuna, sem þykir ort af snerpu og þrótti. Verðlaunin voru afhent í Salnum á þriðjudaginn. Um 300 ljóð bárust í keppnina að þessu sinni.

„Þetta er lítið sætt ljóð um vongleði – eða það að reyna að halda áfram – til dæmis þó maður sé kominn á miðjan aldur,“ segir Anton Helgi Jónsson skáld um ljóð sitt Horfurnar um miðja vikuna. Fyrir það hlaut hann á þriðjudaginn Ljóðstaf Jóns úr Vör, viðurkenningu sem Kópavogsbær veitir í árlegri ljóðasamkeppni til heiðurs skáldinu Jóni úr Vör. „Þegar ég orti þetta ljóð var ég ekki að hugsa um sjálfan mig en verð að viðurkenna að þegar ég fékk tilkynninguna um verðlaunin þá fann ég að þetta er í rauninni mjög persónulegt ljóð. Það er persónuleg tjáning í því,“ segir Anton Helgi og upplýsir að ljóðið sé í bók sem sé á síðustu metrunum hjá honum og komi út á þessu ári. „Í henni eru borgarljóð og ljóð um alls konar fólk,“ segir hann. „Ég hef mikið lagt mig fram um það í minni ljóðagerð að láta alls konar persónur stíga fram.“

Um þrjú hundruð ljóð bárust í keppnina að þessu sinni en hún hefur þann tilgang að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist. Í öðru sæti í ár varð Adolf Friðriksson fornleifafræðingur með ljóð sitt Háaloft og Uggi Jónsson, skáld og þýðandi, varð í því þriðja með ljóð sitt Mávarnir.

Anton Helgi ávarpaði samkomuna í Salnum eftir að hafa tekið við viðurkenningunni og sagði það mikinn heiður að taka við verðlaunum sem kennd væru við Jón úr Vör. „Ef Jón væri staddur hérna myndi ég segja: Takk fyrir ljóðin þín, þau gáfu mér rétta tóninn þegar ég var unglingur, takk.“ Anton Helgi hefur gefið út sjö ljóðabækur og eina skáldsögu og á fjörutíu ára útgáfuafmæli á þessu ári. Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars um ljóð hans að það hafi vakið athygli allra dómnefndarmanna við fyrsta lestur. „Ljóðið er ort af snerpu og þrótti af skáldi sem hefur nútímalegt ljóðmál fullkomlega á valdi sínu.“

Anton Helgi er þrettándi handhafi Ljóðstafsins. Hann er sá eini sem hefur nú hlotið hann tvívegis, fyrra skiptið var árið 2009.

gun@frettabladid.is

## ➜ Horfurnar um miðja vikuna

Það er bara miðvikudagur
enn getur allt gerst
enn er von

enn má finna rétta taktinn
finna sinn hljóm
jafnvel finna sig í góðu lagi

allt getur gerst
meðan enn leynist bílskúr
baka til í hausnum á mér
og band
sem djöflast frameftir.



**SKÁLDIÐ** Anton Helgi er borgarskáld sem leggur sig fram um það í sinni ljóðagerð að láta alls konar persónur stíga fram.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Úr ávarpi skáldsins

Ég gæti líka tileinkað ljóðið sjálfum mér tólf ára. Þá um vorið fékk ég hæstu einkunn í mínum bekk í leikfimi. Það kom mörgum á óvart, ekki síst mér sjálfum.

Ég var enginn knattspyrnudrengur eins og sumir bekkjarfélagar mínir sem æfðu ekki bara fótbolta heldur líka frjálsar og voru svo góðir að það var næstum því óþarfi fyrir þá að mæta í leikfimisprófið. Ég fór til kennarans til að fá að vita hvers vegna ég hefði orðið hæstur. Ég komst ekki alltaf yfir hestinn, sagði ég við hann, og ég gat ekki alltaf klifrað upp kaðalinn. Þá sagði leikfimiskennarinn: Þetta er alveg rétt hjá þér, stundum gast þú ekki alveg allt, en þú varst sá eini sem reyndir alltaf.



# Á gólfi hefðarfólks undir þaki verkafólks

Katrín Sigurðardóttir er í Hafnarhúsinu að vinna að uppsetningu verksins sem var á Feneyjatvíæringnum 2013. Sýning á því verður opnuð nú á laugardag.

„Verkið gengur út frá þeirri grundvallarstaðhæfingu að gólf séu óhreyfanleg, en snýr þessari staðhæfingu upp í andstæðu sína vegna þess að þetta er gólf sem hreyfist,“ segir myndlistarkonan Katrín Sigurðardóttir um listaverkið sem hún var með á Feneyjatvíæringnum. Þar var það í gömlu þvottahúsi, nú er hún að setja það upp í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Það er ekki bara gólf, heldur teikna útlínur þess 18. aldar hallarskála. „Þessu hallargólfi hefðarfólksins er stungið inn í byggingar sem allar hafa raunverulega fortíð sem athafnasvæði verkafólks, þannig að þegar maður gengur á verkinu er maður á gólfi hefðarfólksins en undir þaki verkafólksins,“ segir listakonan. Verkið er á neðri hæð Hafnarhússins, tekur yfir A-salinn og hluta af portinu. Katrín segir rýmra um það hér en var í Feneyjum og segir marga eiga heiðurinn að því að flytja verkið milli landanna. „Ég hef sjálf verið að mestu leyti upptekin við að teikna og skipuleggja uppsetninguna hér vegna þess að það er svo mikið öðruvísi en á Ítalíu.“

Katrín býr og starfar bæði hér á landi og í New York en segir fólk í sinni starfsgrein gjarnan að vinna þar sem verkefnin séu. „Mín verk eru að jafnaði byggð inn í rýmið og eru því staðbundin og gerð þeirra er þá líka staðbundin,“ útskýrir hún. En opnaði þátttaka hennar í Feneyjatvíæringnum henni ekki einhverjar dyr?

„Jú, sannarlega. Það var mjög góð aðsókn að sýningunni allan tímann. Til Feneyja kemur margt fólk sem starfar í faginu. Verkið mitt vakti athygli og mér hefur verið boðið á þó nokkuð margar sýningar í framhaldinu. Listasafn Reykjavíkur gaf líka út fallegan bækling sem var á sýningunni úti og hann hefur stuðlað að góðri alþjóðlegri kynningu á verkinu og mér.“

gun@frettabladid.is



LISTAKONAN „Þessu hallargólfi hefðarfólksins er stungið inn í byggingar sem allar hafa raunverulega fortíð sem athafnasvæði verkafólks,“ segir Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MIKLABORG

Við leitum að ...

Sérbýli með lítilli aukaíbúð og bílskúr í Kópavogi, Garðabæ eða Hafnarfirði.

Eignin má þarfnast einhverra lagfæringa.
Verð allt að 50 milljónum.
Sveigjanlegur afhendingartími.

Nánari upplýsingar veitir
Svan G. Guðlaugsson, Sölufulltrúi
svan@miklaborg.is sími: : 697-9300

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -





MIKLABORG

Við leitum að ...

Hæð í vestubæ Reykjavíkur eða Seltjarnarnesi.

Þarf að vera minnst 3-4 svefnherbergi og rúmgóðar stofur.
Eigandi býður upp á rúman afhendingartíma.
Verð allt að 55 milljónir.

Nánari upplýsingar veitir
Svan G. Guðlaugsson, Sölufulltrúi
svan@miklaborg.is sími: : 697-9300

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -







# Afmæli Verdis endurtekið

**Fimm stjarna Verdi-sýning Óp-hópsins og Vonarstrætisleikhússins verður endurtekin í Salnum á morgun, föstudaginn 24. janúar. Þar er efnt til veislu í tilefni af 200 ára afmæli tónskáldsins.**

Óp-hópurinn, í samstarfi við Vonarstrætisleikhúsið, flytur efni sýningar sem var afmælisveisla tónskáldsins Verdis á liðnu ári, í Salnum á morgun, föstudag, klukkan 20. Þar bregður Randver Þorláksson sér í gervi Verdis og býður til veislu og rifjar upp hitt og þetta frá ævi sinni milli þess sem flutt eru atriði úr verkum skáldsins.

Sveinn Einarsson leikstýrir sýningunni og Antonia Hevesi bregður sér í gervi hljómsveitarinnar með aðstoð flygilsins. Söngvarar eru Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, Egill Árni Pálsson tenór, Erla Björg Káradóttir sópran, Hörn Hrafnsdóttir mezzósópran, Jóhanna Héðinsdóttir mezzósópran, Rósalind Gísladóttir sópran og Valdimar Hilmarsson barítón. Um lýsingu sér Páll Ragnarsson.

Sýningin fékk fimm stjörnur í Fréttablaðinu þegar hún var frumflutt í nóvember.

- gun



**ÓP-HÓPURINN** Þetta fólk sló í gegn í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 23. JANÚAR 2014**

## Kynningar

**19.00** Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands verða haldnar 5. og 6. febrúar 2014. Næstkomandi fimmtudag, þann 23. janúar, mun Röskva kynna framboðslista sína til Stúdentaráðs og sviðsráða á Harlem. Listarnir eru með glæsilegasta móti í ár og stúdentar ættu ekki að vera sviknir af því frambærilega fólki sem skipar lista Röskvu. Kynnar kvöldsins verða varaformaðurinn, Bjarni Þóroddsson, ásamt formanninum Jönu Salóme Ingibjargar Jósepsdóttur. Fjörið byrjar kl. 19.00 með gleðistund á barnum og listakynningin hefst stundvíslega 20.00. Eftir listakynningu hefst karaókí á Harlem, en það er fjör sem enginn vill missa af!

**21.00** Vaka býður fólki að fagna með með sér í kvöld. Þá verður formleg opnun á Kosningamiðstöðinni sem er staðsett á Geirsgötu 11. Petta er á besta stað í bænum í einu mesta „up and coming" hverfi Reykjavíkur. Það verður popquiz-stuð á okkur og hefst það klukkan 21.00 – þeir fjölmörgu sem mættu í fyrra ættu að þekkja það að þetta er mögulega skemmtilegasti viðburður ársins. Sigurliðið verður verðlaunað hressilega! Að popquizi loknu skulum við skemmta okkur rækilega saman, skála og dansa.

## Pub Quiz

**21.00** Pub-quiz verður á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, fimmtudaginn 24. janúar kl. 21.00. Pálmi Hjalta stjórnar og tekur nokkur lög fyrir gesti eftir keppni!

## Tónlist

**19.30** Víkingur leikur Brahms. Það telst jafnan til tíðinda þegar Víkingur Heiðar leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í þetta sinn tekst Víkingur á við 1. píanókonsert Brahms sem frumflutti konsertinn aðeins 26 ára gamall. Öll þrjú tónverkin á efnisskránni eiga það sameiginlegt að vera samin af ungum mönnum um tvítugt og að allir bjuggu þeir í lengri eða skemmri tíma í Vínarborg. Píanókonsert Brahms er hans fyrsta stóra hljómsveitarverk, eins konar sinfónía fyrir píanó og hljómsveit. Tónleikarnir fara fram í Eldborgarsalnum í Hörpu.



**21.00** Útgáfufögnuður fyrir plötuna Journey með Bistro Boy á Bravó Laugavegi 22. kl. 21.

**21.00** Hits&Tits nota Youtube svo það er best að athuga sjálfur hvort lagið sé til í karaókíútgáfu þar. Síðast komust mun færri að en vildu og því hvetjum við ykkur til þess að mæta snemma. Herlegheitin hefjast klukkan 21.00 og fara fram á Harlem.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Lesa má í stöðu kvenna út frá legsteinunum í garðinum

**Hólavallakirkjugarður átti 175 ára afmæli í nóvember. Hann á sér merka sögu sem Heimir Janusarson og Sólveig Ólafsdóttir rekja.**

Félag þjóðfræðinga á Íslandi býður upp á ókeypis leiðsögn um Hólavallakirkjugarð í dag klukkan 16. Heimir Janusarson og Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur ganga um garðinn og segja frá tilurð hans. „Áður en Hólavallakirkjugarður var tekinn í notkun árið 1838 var Víkurgarðurinn eini kirkjugarður Reykvíkinga í tæp þúsund ár,“ segir Heimir.

Í nóvember síðastliðnum átti Hólavallakirkjugarður 175 ára afmæli. „Í bókinni Minningamörk í Hólavallagarði lýsir Björn Th. Björnsson ófögru ástandi Víkurgarðs síðustu ár hans. Í hvert skipti sem var tekin gröf komu upp kistubrot og bein, því garðurinn var yfirfullur. Fátæklingar fengu kistubrotin sem eldivið, og svartur reykur er sagður hafi komið upp úr skorsteinum fátæklinga.“

Gengið verður að gröf Guðrúnar sem var fyrst manna grafin í garðinum eftir að garðurinn hafði verið tilbúinn í nokkurn tíma. „Enginn vildi vera grafinn fyrstur í garðinum vegna þeirrar þjóðtrúar að sá fyrsti sem yrði grafinn myndi ekki rotna heldur vera vökumaður yfir garðinum.“ Einnig þótti mikilvægt að vanda valið á þeim sem yrði fyrst grafinn. „Það þótti ekki nógu fínt að jarðsetja þar fyrst vinnumann eða vinnukonu.“

Mikil saga birtist í kirkjugarðinum, sem Heimir og Sólveig koma til með að segja frá. „Svarnir andstæðingar í pólitík frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar liggja þarna í nánast einfaldri röð. Stöðu kvenna má lesa í út frá legsteinunum. Konur eru titlaðar apótekarafrúr, læknisfrúr, og ein er „ekkja“. Spænska veikin hafði áhrif á skipulag kirkjugarðsins, og þarna er leiði Steinunnar á Sjöundá. Við segjum frá þessu öllu í göngunni.“

Mæting er við Þjóðminjasafnið klukkan 16. Gangan stendur þangað til klukkan 17.30. Mælst er til þess að fólk sé vel klætt. Aðgangur er ókeypis.



**MERK SAGA** Heimir Janusarson, umsjónarmaður Hólavallakirkjugarðs, og Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur. MYND/GUNNAR V. ANDRÉSSON.



**FJÖR Á FIMMTUDEGI** Skúli blúsar sig í gang í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/JULIA STAPLES

## Ástin og lífið innblásturinn

Skúli mennski heldur tónleika á Hlemmursquare hotel/hostel í kvöld klukkan átta. Er þetta liður í tónleikaröð á staðnum alla fimmtudaga og er frítt inn.

Skúli mennski hefur fengist við tónlist af fullum hug frá árinu 2010. Á þeim tíma hefur hann gefið út plöturnar Skúli mennski og hljómsveitin Grjót, Búgí!, Blúsinn í fangið og nú síðast tónleikaplötuna Tónleikar á Café Rosenberg. Eins hefur hann verið iðinn við tónleikahald og meðal annars komið fram á Blúshátíð Reykjavíkur, Blúshátíð Bjögga Gísla, Melodica Acoustic Festival, Aldrei fór ég suður og Gærunni. Skúli hefur sótt innblástur í ástina og lífið, ameríska þjóðlagatónlist, blús og barlíf. **- lkg**

## Skosk hátíð haldin á Kex

Kex Hostel mun halda sína árlegu skosku menningarhátíð í þriðja sinn helgina 23. til 25. janúar næstkomandi, í samstarfi við Vífilfell og Icelandair.

Burns-nótt er haldin ár hvert í Skotlandi hinn 25. janúar, á afmælisdegi þjóðskáldsins Roberts Burns. Kex Hostel hefur boðið skoska sekkjapípuleikaranum Barnaby Brown til landsins í því tilefni. Einnig munu hljómsveitirnar Conquering Animal Sound og Sacred Paws koma fram á hátíðinni ásamt Benna Hemm Hemm og Snorra Helgasyni. Veitingastaður Kex Hostels býður upp á sérstakan Burns-matseðil í kringum hátíðina. **- glp**





LYFJA
– Lífið heil

www.lyfja.is

# Nicotinell getur auðveldað þér að hætta eða draga úr reykingum

Það að draga smám saman úr reykingum er mjúka leiðin í átt að reykleysi. Að draga úr reykingum getur verið rétta aðferðin fyrir reykingafólk sem á erfitt með að horfast í augu við að kveðja sígarettuna strax fyrir fullt og allt.

Nicotinell lyfjatyggigúmmí draga úr reykingaþörfinni og veita reykingafólki tækifæri til að ná stjórn á reykingamynstrinu, þannig að það geti verið reyklaust t.d. á vinnustað, í heimsóknum, í bílnum o.s.frv.

20% AFSLÁTTUR*




Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

* 20% afsláttur af öllum pakkningastærðum og styrkleikum af Spearmint, Icemint og Mint. Gildir til 31. Janúar 2014.

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

**Lágmúla**
**Laugavegi**
**Nýbýlavegi**
**Smáralind**
**Smáratorgi**
**Borgarnesi**
**Grundarfirði**
**Stykkishólmi**
**Búðardal**
**Patreksfirði**
**Ísafirði**
**Blönduósi**
**Hvammstanga**
**Skagaströnd**
**Sauðárkróki**
**Húsavík**
**Þórshöfn**
**Egilsstöðum**
**Seyðisfirði**
**Neskaupstað**
**Eskifirði**
**Reyðarfirði**
**Höfn**
**Laugarási**
**Selfossi**
**Grindavík**
**Keflavík**



## TÓNNINN GEFINN

Lilja Katrín Gunnarsdóttir

# Maður sem þarf að vera dularfullur

Heimildarmyndin 20,000 Days on Earth um tónlistarmanninn Nick Cave var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í vikunni. Tja, það er kannski ekki alveg lýsandi að kalla myndina heimildarmynd þar sem mikið af aðstæðunum er búið til og Nick spinnur af fingrum fram til að gera persónu sína enn dularfyllri en hún var fyrir–ef það er hægt.



Nick segir í nýlegu viðtali við Rolling Stone að hann og kvikmyndagerðarmennirnir Iain Forsyth og Jane Pollard hafi skoðað ógrynni af heimildarmyndum um tónlistarmenn til að sjá hvað þau ættu að forðast. Því þegar allt kemur til alls eru slíkar heimildarmyndir mjög keimlíkar og vekja engan sérstakan áhuga hjá áhorfandanum.

Nick vildi ekki að ráðist yrði inn í líf hans með þeim hætti sem sést í hefðbundnum heimildarmyndum um músíkanta. Það plan virðist hafa virkað því myndin hefur nú þegar fengið afbragðsdóma og kallar Andrew O'Hehir hjá Salon hana til dæmis fallega og ásækna mynd af Nick Cave.

Ég get ekki beðið eftir að sjá þessa dularfullu heimildarmynd. Ég er nefnilega svo ánægð að fá ekki að vita of mikið um Nick og hans persónulega líf. Þrátt fyrir það nær myndin að vera mjög einlæg á einhvern furðulegan hátt eins og segir í gagnrýni um hana. En Nick er maður sem þarf að vera dularfullur. Það er ástæðan fyrir því að ég allavega vil alltaf meira frá honum.

Þetta er maður sem ég hef dýrkað og dáð í fjöldamörg ár og það eina sem ég sé eftir er að hafa ekki fæðst sirka tíu árum fyrr svo ég hefði getað tilbeðið hann strax í byrjun ferilsins sem hófst með The Birthday Party í byrjun níunda áratugar síðustu aldar.

Þið megið allavega bóka það að þegar þessi svokallaða heimildarmynd lendir á Íslandi verð ég fyrst til að bíða í röð eftir miðum, rétt eins og ég gerði fyrir tónleikana á Hótel Íslandi hér um árið.

## Í spilaranum







**White Signal** – White Signal
**Billy Joel** – The Complete Albums Collection
**Angel Haze** – Dirty Gold (Deluxe)



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR** Hljómsveitin Mammút fagnar útgáfu plötunnar Komdu til mín svarta systir undir lok mánaðarins. MYND/RONJA MOGENSEN

# Fagna loksins margverðlaunaðri plötu

Hljómsveitin Mammút fagnar útgáfu hljómplötunnar Komdu til mín svarta systir í Gamla Bíói undir lok mánaðarins. Sveitin stefnir á fleiri tónleika í kjölfarið.

„Stundum seinkar hlutunum bara svona hjá okkur en okkur langaði að hafa tónleikana í Gamla Bíói og þessi dagsetning hentaði best," segir Katrína Mogensen, söngkona hljómsveitarinnar Mammúts. Sveitin fagnar útgáfu nýjustu plötu sinnar, Komdu til mín svarta systir, í Gamla Bíói hinn 30. janúar næstkomandi.

Platan hefur verið áberandi á árslistum og var meðal annars kosin besta plata ársins 2013 að mati Fréttablaðsins, Fréttatímans og Rásar 2 ásamt því að vera valin ein af sjö verðlaunaplötum Kraums tónlistarsjóðs.

„Þetta kom á óvart, við vissum ekki að þetta myndi fara alveg í þessa átt, maður veit aldrei hvað gerist þegar maður gefur út nýja plötu," segir Katrína.

Þá hlýtur platan sjö tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna, fyrir lagahöfund ársins, lag ársins, tónlistarflytjanda ársins, textahöfund ársins, söngkonu ársins og hljómplötu ársins.

Platan var tekin upp á Kóngsbakka á Snæfellsnesi og þar sá Axel Flex Árnason um upptökustjórnun. Hún var svo hljóðblönduð og kláruð í Orgelsmiðjunni þar sem Magnús Öder sá um upptökustjórn. Skömmu áður en platan kom út fékk sveitin gullplötu fyrir plötuna Karkari en hún kom út fyrir um fimm árum.

Hljómsveitin Mammút er stofnuð í Þróttheimum árið 2003 og hefur jafnt og þétt stimplað sig inn sem ein af fremstu rokksveitum þjóðarinnar og hefur skapað sér sinn hljóm og stíl.

„Hljómurinn okkar verður einhvern veginn til þegar hljómsveitin er svona mikið saman og spilar mikið saman. Maður heyrir kannski ekki sinn eigin hljóm en við höfum náð að mynda einhvern karakter úr okkar hljómi," útskýrir Katrína.

Æfir hljómsveitin mikið að jafnaði? „Við tökum svona æfingatarnir, þar sem við æfum rosalega mikið. Þetta kemur í skömmtum, stundum æfum við mjög stíft eins og þegar við erum að æfa fyrir plötu og eitthvert prógramm en svo koma tímar þar sem við erum bara að spila og einbeita okkur að öðru en að æfa."

> **Þetta kom á óvart, við vissum ekki að þetta myndi fara alveg í þessa átt, maður veit aldrei hvað gerist þegar maður gefur út nýja plötu.**
>
> *Katrína Mogensen*

Hljómsveitin semur tónlistina saman og á hver meðlimur alltaf eitthvað í laginu. „Yfirleitt kemur einhver einn með grunn að lagi og við sníðum hann svo til saman."

Sveitin leggur mikið í útgáfutónleikana. „Við ætlum allavega að hlúa vel að þessum tónleikum," segir Katrína og bætir við að sveitin stefni á fleiri tónleika í kjölfarið.

Hljómsveitin æfir nú stíft fyrir tónleikana sem fram fara í Gamla Bíói 30. janúar. Katrína bætir við að sveitin ætli að spila lög af öllum plötunum en jafnframt að taka alla nýjustu plötuna í heild sinni. Miðasala er hafin á midi.is og kostar 2.900 krónur inn.

gunnarleo@frettabladid.is


FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
BYGG
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

TIL LEIGU – Dugguvogur 8 – Reykjavík.




Til leigu 910 fm. gott geymslu- eða lagerhúsnæði með mikilli lofthæð og góðri skrifstofuaðstöðu að Dugguvogi 8 í Reykjavík. Góð innkeyrsluhurð. Möguleiki á að breyta húsnæðinu eftir þörfum leigutaka.

Upplýsingar hjá Fjárfestingu Fasteignasölu í síma 562-4250 og hjá Gylfa í síma 693-7300


## 16.1.2014 → 22.1.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Pharrell | *Happy* |
| 2 | ▲ | Avicii | *Hey Brother* |
| 3 | ▶ | Kaleo | *Automobile* |
| 4 | ▲ | Steindi jr / StopWaitGo | *Springum út* |
| 5 | ▼ | Of Monsters And Men | *Silhouettes* |
| 6 | ▲ | Mammút | *Blóðberg* |
| 7 | ▲ | A Great Big World / Christina Aguilera | *Say Something* |
| 8 | ▼ | Ellie Goulding | *How Long Will I Love You* |
| 9 | ▼ | Nýdönsk / John Grant | *Sweet World* |
| 10 | ▲ | Pitbull / Kesha | *Timber* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Skálmöld og Sinfó | *Skálmöld og Sinfó* |
| 2 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 3 | ▼ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 4 | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt 61* |
| 5 | ▲ | John Grant | *Pale Green Ghosts* |
| 6 | ▼ | Ýmsir | *Árið er* |
| 7 | ▲ | Baggalútur | *Mamma þarf að djamma* |
| 8 | ▼ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 9 | ▶ | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| 10 | ▲ | Emilíana Torrini | *Tookah* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# Finnst þér súrt að þreyja þorrann?




# 1.495,-/stk.

**Þorrabakkar með súrmeti eða nýmeti**
Einnig hægt að taka með heim

**Þorrabakki með súrmeti:**
Hákarl
Harðfiskur
Hrútspungar
Lyfrapylsa
Blóðmör
Sviðasulta
Lundabaggi
Hangikjöt
Marineruð síld
Rúgbrauðssneið
Rófustappa

**Þorrabakki með nýmeti:**
Hákarl
Harðfiskur
Sviðasulta
Hangikjöt
Marineruð síld
Karrý síld
Saltkjöt
Rúgbrauðssneið
Rófustappa
Baunasalat

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2014

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Mariska Hargitay er fimmtug í dag**

Hún er hvað þekktust fyrir leik í sjónvarpsþáttunum Law & Order: Special Victims Unit.

# Myndirnar sem skiluðu afar litlu í kassann

Vefsíðan Mental Floss hefur tekið saman lista yfir kvikmyndir sem hafa þénað minna en 400 dollara.

Vefsíðan Mental Floss hefur tekið saman lista yfir þær kvikmyndir í sögunni sem hafa þénað minna en fjögur hundruð dollara, 46.500 krónur. Hafa þessar myndir farið svo lágt að flestir vita ekki einu sinni að þær eru til.

Í fyrsta sæti á þessum vafasama lista er myndin ZYZZYX Road frá árinu 2006 sem skilaði aðeins þrjátíu dollurum í kassann, tæplega 3.500 krónum. Aðalhlutverkin í þeirri mynd voru í höndum Tom Sizemore og Katherine Heigl.

Í öðru sæti er myndin Storage 24 frá síðasta ári sem þénaði aðeins meira, 72 dollara, rúmlega átta þúsund krónur. Í því þriðja er Dog Eat Dog frá árinu 2009 með áttatíu dollara í hagnað, 9.300 krónur. Vera hennar á listanum er undarleg því hún vann til ýmissa verðlauna og fékk fleiri tilnefningar á kvikmyndahátíðum um heim allan. - lkg




**ENGIN VELGENGNI** ZYZZYX Road þénaði nánast ekkert.

### ➜ Aðrar myndir á listanum

- **The Objective** (2009) - $95 millj.
- **The Ghastly Love of Johnny X** (2012) - $117 millj.
- **Pretty Village, Pretty Flame** (1998) - $211 millj.
- **Playback** (2012) - $264 millj.
- **Intervention** (2007) - $279 millj.
- **Trojan War** (1997) - $309 millj.
- **The Marsh** (2007) - $336 millj.

## FRUMSÝNINGAR
**Andstæður mætast í bíó**

### Ellismellir og eltingarleikur

**Last Vegas, gamanmynd**

Þeir Paddy, Archie, Sam og Billy hafa í gegnum árin brallað mikið saman og mynduðu á æskuárunum gengi sem engum var óhætt að abbast upp á. Hins vegar var eitt sem þeir höfðu alltaf ætlað að gera en komu aldrei í verk og það var að skella sér saman til gleðiborgarinnar Las Vegas og mála bæinn rauðan. Það tækifæri kemur hins vegar þegar Billy tilkynnir hinum þremur að hann hyggist loksins kvænast og býður þeim að koma með sér til Vegas að fagna tímamótunum og halda ærlegt steggjapartí.

Stórleikararnir Robert De Niro, Morgan Freeman, Kevin Kline og Michael Douglas leika æskuvinina fjóra.

**Jack Ryan: Shadow Recruit, hasarmynd**

Þegar Jack Ryan kemst á snoðir um áform Rússa nokkurs, Victors Cherevin, um að lama efnahag Bandaríkjanna og heimsins alls með úthugsuðum hryðjuverkaárásum ákveður hann að fara til Rússlands, mæta óþokkanum augliti til auglitis og freista þess að koma í veg fyrir að áætlun hans nái fram að ganga.

Þetta er sannkölluð hættuför þar sem Jack á viðbrögðum sínum og þjálfun lífið að þakka, en verkefni hans verður ekki auðveldara þegar hann kemst að því að eignkona hans, Cathy Ryan, hefur án hans vitundar einnig ákveðið að fara til Rússlands í þeirri von að geta hjálpað til.



Chris Pine leikur Jack Ryan en meðal annarra leikara eru Keira Knightley, Kevin Costner og Colm Feore.

# Fjárfestirinn sem raðar inn tilnefningum til Óskarsins

Megan Ellison er nafn sem vafalaust fáir kannast við hér á landi. Hún er fjárfestirinn á bak við margar af bestu myndum síðasta árs, þar á meðal American Hustle og Her. Megan er 27 ára og á mikilli uppleið.

Megan Ellison er orðið eitt þekktasta nafnið í Hollywood og einn eftirsóttasti fjárfestirinn vestan hafs. Hún er aðeins 27 ára gömul en hefur á síðustu þremur árum sett peninga í kvikmyndir sem hafa samtals fengið 35 Óskarstilnefningar. Sautján af tilnefningunum 35 komu í hús nú fyrir stuttu þegar tilnefningarnar til Óskarsverðlaunanna voru tilkynntar, fyrir myndirnar American Hustle, Her og The Grandmaster sem allar voru fjármagnaðar af Megan.



**EFTIRSÓTT**
Það er slegist um Megan.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Megan er dóttir milljarðamæringsins Larrys Ellison, framkvæmdastjóra Oracle. Samkvæmt tímaritinu Forbes eru auðævi föður hennar metin á 42 milljarða Bandaríkjadala sem gerir hann að þriðja ríkasta manni Ameríku. Mennirnir sem ná að skáka honum eru Warren Buffett, framkvæmdastjóri Berkshire Hathaway, og Bill Gates, stofnandi Microsoft. Megan er því hluti af hópi ungra frumkvöðla vestan hafs sem eru með ansi djúpa vasa og er hún óhrædd við að taka mikla áhættu. Góð dæmi um það eru myndirnar Zero Dark Thirty og The Master sem stóru myndverin höfnuðu. Þessar tvær myndir gerðu það að verkum að Megan og fyrirtæki hennar, Annapurna Pictures, varð eitt það eftirsóttasta í kvikmyndabransanum.

The Master, Zero Dark Thirty og American Hustle eru allar myndir með miðlungsháan framleiðslukostnað á Hollywood-kvarðanum, í kringum fjörutíu milljónir Bandaríkjadala, tæplega fjóra og hálfan milljarð króna. Þær hafa samt sem áður skilað samtals 290 milljónum dollara í miðasölutekjur á heimsvísu, tæplega fjörutíu milljörðum króna.

Það eru ekki aðeins framleiðendur sem eru sólgnir í peninga Megan heldur vilja handritshöfundar og leikstjórar ólmir vinna með þessari kjarnakonu þar sem hún dembir sér í þau verkefni sem hún tekur sér fyrir hendur af fullum krafti.



**SIGURFÖR** Hér með leikurum í American Hustle.

Þá hefur Megan ákveðið að endurvekja eina vinsælustu bíóseríu í sögu Hollywood – The Terminator. Hún borgaði tuttugu milljónir Bandaríkjadala, rúma tvo milljarða króna, árið 2012 til að tryggja sér réttinn að myndum um Tortímandann í framtíðinni og að Arnold Schwarzenegger myndi leika hann eins og hann gerði áður.

Megan er afar annt um að vernda einkalíf sitt og gaf engin viðtöl þegar í ljós kom að myndir hennar hefðu hlotið sautján tilnefningar til Óskarsverðlaunanna. Það eina sem hún gerði var að tísta eftirfarandi: „17.“

liljakatrin@frettabladid.is





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

Félag Fasteignasala
vísir


ÚTSALA
HÚSASMIÐJUNNAR
LÝKUR UM HELGINA
50% AFSLÁTTUR!
Vatnskarafla og 18 glös
VERÐ ÁÐUR 6.999
NÚ 3.000 kr.
þú sparar: 3.999 kr
30% AFSLÁTTUR!
Vetrarúlpa True North
VERÐ ÁÐUR 19.998
NÚ 13.999 kr
þú sparar: 5.999 kr
40% AFSLÁTTUR!
Topplyklasett 1/2" 23 stk 8-32 mm
VERÐ ÁÐUR 13.695
NÚ 7.995 kr.
þú sparar: 5.700 kr
40% AFSLÁTTUR!
Juðari Blac&Decker135W
VERÐ ÁÐUR 8.949
NÚ 5.395 kr.
þú sparar: 4.400 kr
RÝMINGAR SALA Á LJÓSUM
30-50% AFSLÁTTUR! FIMMTUDAG - SUNNUDAGS
ÚTSALA & LAGERHREINSUN á völdum vörum Í BLÓMAVALI
20-50% afsláttur
ORKIDEA 1.390 kr 1.990
LUKTIR
30% afsláttur
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956
*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

# Góðir grannar gera það gott

Sjónvarpsþættirnir Neighbours, eða Nágrannar, hafa verið sýndir í áströlsku sjónvarpi síðan árið 1985. Þættirnir fjalla um skin og skúrir í lífi íbúa við Ramsay-götu og styttist í það að serían nái þeim stórmerka áfanga að verða sjö þúsund þættir. Margar stjörnur hafa sprottið úr þáttunum og ákvað Fréttablaðið að taka saman hvaða frægu andlit byrjuðu feril sinn í þessari vinsælu sápuóperu.



## Kylie Minogue

**Hvern lék hún?**
**Charlene Mitchell**

Kylie byrjaði í Nágrönnum árið 1986 og varð sú yngsta til að hljóta Gold Logie-verðlaunin sem vinsælasta sjónvarpskonan en það voru áhorfendur sem kusu.



## Margot Robbie

**Hvern lék hún?**
**Donnu Freeman**

Margot naut vinsælda meðal aðdáenda Nágranna þegar hún byrjaði í þáttunum árið 2008 og hlaut meðal annars nokkrar tilnefningar til ástrólsku Logie-sjónvarpsverðlaunanna.



## Jason Donovan

**Hvern lék hann?**
**Scott Robinson**

Jason fékk hlutverk í þáttunum árið 1986 og hlaut sín fyrstu Logie-verðlaun ári seinna sem hæfileikaríkasti nýliðinn. Hann hætti árið 1989 en var beðinn um að koma aftur árið 2010. Hann hafnaði því.



## Liam Hemsworth

**Hvern lék hann?**
**Josh Taylor**

Liam stoppaði stutt við í Grönnum á árunum 2007 til 2008 en bróðir hans, Luke, hafði leikið í þáttunum um tíma.



## Russell Crowe

**Hvern lék hann?**
**Kenny Larkin**

Russell lék í fjórum þáttum af Nágrönnum árið 1987 en hans biðu stærri hlutir eins og alþjóð veit.



## Guy Pearce

**Hvern lék hann?**
**Mike Young**

Guy var góður granni á árunum 1986 til 1989 og lék í rúmlega fjögur hundruð þáttum. En Hollywood kallaði og Guy svaraði því kalli.




### → Þessi léku líka í Nágrönnum

Alan Dale
lék **Jim Robinson** (1985-1993)

Holly Valance
lék **Felicity Scully** (1999-2005)

Delta Goodrem
lék **Ninu Tucker** (2002-2005)

David Walliams
lék **Lou Todd** (2007)



## Jesse Spencer

**Hvern lék hann?**
**Billy Kennedy**

Jesse lék í Neighbours á árunum 1995 til 2005. Hann fékk tilnefningu til Logie-verðlaunanna 1998 og 1999 sem vinsælasti leikarinn. Í kjölfarið fékk hann hlutverk í þáttunum House og Chicago Fire.

## Natalie Imbruglia

**Hvern lék hún?**
**Beth Brennan**

Natalie byrjaði í Nágrönnum árið 1992 og lék alls í 147 þáttum áður en hún sneri sér að tónlistinni.

EIRÍKUR
HAUKSSON

EYÞÓR INGI
GUNNLAUGSSON

STEFÁN
JAKOBSSON

# LED ZEPPELIN

## HEIÐURSTÓNLEIKAR | HARPA ELDBORG 21.03.2014

Heiðurstónleikar Led Zeppelin í **Hörpu**, **föstudaginn 21. mars kl. 20**. Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Á þessum heiðurstónleikum verða spiluð bestu lög þessarar rafmögnuðu hljómsveitar.

Sérstakir gestir eru Birgir Haraldsson söngvari Gildrunnar og Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari.

Tónlistarstjóri er Þórir Úlfarsson.

## AF HVERJUM SELDUM MIÐA RENNA 500 KR. TIL STYRKTAR MOTTUMARS

Miðasala er á **harpa.is**, **midi.is** eða í **síma 528 5050**.

HARPA

DÆGURFLUGAN

MOTTU
MARS

Brandenburg

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| BELIVE | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VENUS I FELDI | KL. 8 | 7 |
| EYJAFJALLAJÖKULL | KL. 6 - 8 | 7 |
| ÉG UM MIG OG MÖMMU | KL. 10 | 12 |
| EINN Á BÁTI | KL. 6 | L |
| SAMÞYKKTUR TIL ÆTTLEIÐINGAR | KL. 10 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 5.40 | L |
| 47 RONIN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 5:50 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 5:50 | 16 |
| 47 RONIN 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |
| THE HOBBIT 2 3D | KL. 10.15 | 12 |

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 47 RONIN 3D | 8, 10:30 | 12 |
| LONE SURVIVOR | 10:30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 | 6 2D | L |
| HOBBIT 2 3D | 5:30, 9 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:30 | 7 |




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| 12 YEARS A SLAVE VIP | KL. 5:20 - 8 | |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:30 - 8:30 - 10:20 | |
| AMERICAN HUSTLE VIP | KL. 10:40 | |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 8:20 - 10:20 | |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 7:20 | |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ísl.tal 3D | KL. 6 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ísl.tal 2D | KL. 5:20 | L |
| FROSINN ísl.tal 2D | KL. 5:40 | L |

EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:10 - 8 - 10:20 | |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 10:50 | |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5 - 8:30 - 10:20 | |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ísl.tal 3D | KL. 5:50 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:15 - 9 - 10:15 | |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 6 | |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | |
| LONE SURVIVOR | KL. 10:45 | |
| 47 RONIN | KL. 8 | |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:25 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 7:15 - 10 | |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10 | |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 8:30 | |
| FROSINN ísl.tal 2D | KL. 5 | L |

SAMbio.is


# Víbrandi afturendi Miley Cyrus

BAKÞANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar



**ÞAÐ** sem gerðist í Smáralind síðdegis sunnudaginn fimmta janúar var yfirlýsing. Unga fólkið var að segja okkur sem hlustuðum á Ladda á vínyl og drukkum Ískóla að byltingin væri handan við hornið og að hún yrði fönguð á sex sekúndna myndband á Vine-síðu Jerome Jarre.

**BYLTINGIN** verður ekki blóðug. Við þurfum ekki einu sinni að kalla hana byltingu. Kynslóðaskipti er nær lagi og þau eru óumflýjanleg. Það sem gerir væntanleg kynslóðaskipti merkilegri en þau síðustu er að nú mætir á svæðið kynslóð sem er tilbúin að byrja upp á nýtt. Til fjandans með pappírsmiðla, línulega sjónvarpsdagskrá og Spaugstofuna — þau vilja nýtt upphaf. Þau nenna ekki einu sinni að nota Facebook vegna þess að ég og hinir steingervingarnir erum þar að rífast um nasisma.

**ÞESSI** kynslóð hefur aldrei heyrt um dagblöð. Hún veit ekki einu sinni að það er hægt að nota pappír annars staðar en klofvega á klósetti. Hún skoðar ekki hefðbundna fréttamiðla — fjandinn hafi það, hún hefur ekki lesið neitt sem er lengra en 140 slaga tíst á Twitter. Þessi tiltekna bylting borðar ekki börn — hún er gerð af börnum sem hugsa á svo miklu róttækari hátt en kynslóðin þar á undan, sem trúir enn að gamaldags draslið sem hún notar sé ómissandi.

**SEM** dæmi um kraftinn sem leysist úr læðingi við kynslóðaskiptin þá tók Vine-stjörnurnar tvær aðeins sex sekúndur að troða fleiri ungmennum inn í Smáralind en jólin og janúarútsölurnar til samans. Þessar sex sekúndur höfðuðu betur til framtíðarneytenda þjóðarinnar en allar heilsíðuauglýsingar síðasta árs. Þessir strákar búa yfir meiri mætti en rúmast í öllum fjárhagsáætlunum sem hafa verið settar saman á Íslandi síðasta áratuginn.

**VIÐ** sem fæddumst á síðustu öld þurfum samt ekki að leggja niður störf. Við eigum eflaust nokkur góð ár eftir sem við getum nýtt í að rífast á Facebook, hamstra magnesíum og góna á víbrandi afturenda Miley Cyrus, eins og risaeðlurnar sem störðu vanmáttugar á loftsteininn sem tortímdi þeim.

# Gunnar Nelson æfir af kappi á Írlandi fyrir risabardaga

Okkar maður, Gunnar Nelson, er staddur á Írlandi þar sem hann æfir fyrir bardagann gegn Rússanum Omari Akhmedov sem fer fram 8. mars. Hann kemur heim í næstu viku og heldur áfram æfingum hér á landi.

„Hann fór út til Írlands í byrjun janúar og var þá aðallega að fara þangað til að skipta um umhverfi og til að æfa með John Kavanagh,“ segir Haraldur Dean Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars Nelsons. Gunnar er nú í æfingaferð á Írlandi og æfir þar hjá þjálfaranum sínum, John Kavanagh. „John var að opna nýtt gym í Dublin og því kærkomið fyrir Gunna og breyta til og fara út,“ bætir Haraldur við.

Gunnar æfir að minnsta kosti tvisvar sinnum á dag, þá yfirleitt í hádeginu og svo aftur seinni partinn. Þar æfir hann undir leiðsögn þjálfara síns, en einnig er Conor McGregor, sem er einnig keppandi í UFC, að æfa með Gunnari. „John er líka aðalþjálfari McGregors. Mér skilst að þeir félagar hafi verið á sex tíma æfingu fyrir nokkrum dögum, þeir eru miklir pælarar báðir.“

Haraldur hittir son sinn í München á mánudag, þar sem Gunnar kemur fram á íþróttavörusýningu. Þeir koma svo báðir til Íslands á fimmtudaginn og þá halda æfingar áfram hér á landi. „Hingað til lands koma Írar sem æfa með Gunna og svo kemur John Kavanagh hingað um miðjan febrúar og tekur lokasprettinn með Gunnari,“ útskýrir Haraldur.

Bardagi Gunnars fer fram í London þann 8. mars næstkomandi þar sem hann keppir á móti rússneska Sambó-meistaranum Omari Akhmedov.

gunnarleo@frettabladid.is








**KAPPSEMI** Mynd frá bardaga Gunnars gegn Jorge Santiago á síðasta ári. NORDICPHOTOS/GETTY



**STÍFAR ÆFINGAR** Gunnar Nelson ásamt æfingafélaga á Írlandi. MYND/EINKASAFN



**GAMAN SAMAN** Gunnar Nelson og Conor McGregor. MYND/EINKASAFN


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




20% þú sparar 3,550
Dagljós, vekur þig með sólarupprás LUM-NBCTE
Verð áður: 17,750 kr. **14,200 kr.**


20% þú sparar 750
Töskuvog SOE-661722
Verð áður: 3,750 kr. **3,000 kr.**


40% þú sparar 5.180
Fótaspa með hita HOM-ELMFS250
Verð áður: 12,950 kr. **7,770 kr.**


33% þú sparar 18.473
Nuddsæti Shiatsu MAX HOM-CBS1000
Verð áður: 55,980 kr. **37,507 kr.**


20% þú sparar 1.190
IMAK gigtarhanskar activ IMA-A2018
Verð áður: 5,950 kr. **4,760 kr.**


20% þú sparar 750
Sjálfvirkur dósaopnari MEC-21081
Verð áður: 3.750 kr. **3.000 kr.**


50% þú sparar 2.975
Stuðningspúði milli fóta HOM-OTLEGA
Verð áður: 5.950 kr. **2.975 kr.**


30% þú sparar 2.085
Fótavermir SOE-68022
Verð áður: 6,950 kr. **4,865 kr.**

> Verslaðu á vefnum > Frí sending að 20 kg > 1 árs skilaréttur

Eirberg

# Útsala 20%–50%

Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is


30% þú sparar 2.925
Hitapúði Vario herðar og bak SOE-680129
Verð áður: 9,750 kr. **6,825 kr.**


25% þú sparar 4.937
Rakatæki U200 AOS-U200
Verð áður: 19.750 kr. **14.813 kr.**


20% þú sparar 5.950
Veggfest lofthreinsitæki 16 m² AIR-F40H
Verð áður: 29.750 kr. **23.800 kr.**
*Allt Airfree - 20% afsláttur - **frá 19.800 kr.***


25% þú sparar 7.462
Raka- og lofthreinsitæki Hvítt AOS-E2441WHI
Verð áður: 29,850 kr. **22,388 kr.**
*Öll rakatæki - 25% afsláttur - **frá 6.338 kr.***


30% þú sparar 2.925
Stirio sjálfvirkur hrærir MEC-27320
Verð áður: 9.750 kr. **6.825 kr.**


30% þú sparar 5.085
FOSCAM barnagæsla FOS-FI8907WH
Verð áður: 16,950 kr. **11,865 kr.**


20% þú sparar 1.950
Baðvog balance Active shape SOE-63333
Verð áður: 9,750 kr. **7,800 kr.**


Afsláttur 100.000
Rafskutlur á einstöku tilboði PRI-R130RED
Verð áður 595.000 kr. **495.000 kr.**
*Rafskutlur í úrvali - **verð frá 199.200 kr.***

Yfir 200 vörunúmer á útsölunni – Vörur sem efla heilsu og auka lífsgæði

## Aron getur orðið bestur í heimi



**HANDBOLTI** Rene Toft Hansen, varnartröll og leikmaður danska landsliðsins, hefur mikla trú á Aroni Pálmarssyni, liðsfélaga sínum hjá Kiel í Þýskalandi.

„Hann er frábær leikstjórnandi – ótrúlega góður leikmaður,“ sagði Toft Hansen í samtali við danska fjölmiðla í gær.

„Hann hefur spilað í fimm ár í Kiel en er samt yngsti leikmaðurinn í liðinu og spilar sem slíkur sem sá reynslumesti. Hann er ótrúlega mikilvægur fyrir okkur í Kiel sem og í íslenska landsliðinu,“ sagði Toft Hansen.

„Hann getur framkvæmt ótrúleg skot og skýtur að markinu úr ómögulegum stöðum. Ég er nokkuð viss um að innan fárra ára verði hann valinn besti handboltamaður heims.“ - esá

## Væri frábært að ná fimmta sæti á Evrópumeistaramóti

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson leikstjórnandi skoraði þrjú mörk fyrir Ísland gegn Dönum í gær en viðurkenndi að við ofurefli hefði verið að etja að þessu sinni. „Við töpuðum fyrir betra liði. Við getum samt sjálfum okkur um kennt því við fórum illa með mörg góð færi. Við spiluðum ágætlega á köflum en Danirnir voru fljótir að refsa fyrir hver mistök sem við gerðum,“ sagði Snorri Steinn.

Jannick Green átti stórleik í marki Dana en það kom Snorra ekki á óvart. „Ég þekki hann ágætlega og vissi að hann vildi stimpla sig vel inn fyrst hann fékk tækifærið. Þeir eiga tvo sterka menn í hverri stöðu og þó svo að einhverjir hafi hvílt í leiknum kom það ekki að sök.“

Ísland mætir Póllandi í leik um fimmta sætið á EM klukkan 15.00 á morgun. Snorri telur að leikmenn muni gíra sig upp fyrir þann leik. „Það voru litlar væntingar gerðar til liðsins fyrir mót en við vorum ákveðnir í að gera vel. Það væri frábært að ná fimmta sæti enda margir að stíga sitt fyrsta skref á stórmóti. Við viljum kveðja á góðan máta og munum gera allt sem við getum til þess.“ - esá, hbg



SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON

## ÚRSLIT

**EM 2014 Í DANMÖRKU**

**MILLIRIÐILL 1**

**MAKEDÓNÍA - SPÁNN 22-33 (12-15)**
**AUSTURRÍKI - UNGVERJAL. 25-24 (9-13)**
**DANMÖRK - ÍSLAND 32-23 (17-13)**

**Mörk Danmerkur (skot):** Mads Mensah Larsen 8 (9), Jesper Nöddesbo 4 (5), Kasper Söndergaard Sarup 3 (3), Lasse Svan Hansen 3 (3), Anders Eggert 3/1 (4/1), Bo Spellerberg 3 (5), Thomas Mogensen 3 (5), Henrik Möllgaard 3 (6), Michael V. Knudsen 1 (1), Klaus Thomsen 1 (2), Hans Lindberg (1), Mads Christiansen (1).

**Varin skot:** Jannick Green 23/1 (45/4, 51%), Niklas Landin (1/1).

**Hraðaupphlaup:** 7 (Mensah 2, Nöddesbo 2, Svan 1, Eggert 1, Thomsen 1)

**Fiskuð víti:** 1 (Mensah)

**Utan vallar:** 2 mínútur.

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 10/4 (17/6), Aron Pálmarsson 3 (7), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (7), Snorri Steinn Guðjónsson 3 (8), Arnór Þór Gunnarsson 1 (1), Vignir Svavarsson 1 (2), Ólafur Guðmundsson 1 (4), Rúnar Kárason 1 (6), Róbert Gunnarsson (1), Gunnar Steinn Jónsson (2).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 9 (35/1, 26%), Aron Rafn Eðvarðsson 2 (8, 25%).

**Hraðaupphlaup:** 5 (Guðjón 3, Snorri 1, Ólafur 1)

**Fiskuð víti:** 6 (Róbert 3, Vignir 2, Gunnar 1)

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Dómarar:** Thierry Dentz, Frakklandi og Denis Reibel, Frakklandi

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | 5 | 5 | 0 | 0 | 153-125 | 10 |
| Spánn | 5 | 4 | 0 | 1 | 156-135 | 8 |
| Ísland | 5 | 2 | 1 | 2 | 140-146 | 5 |
| Ungverjaland | 5 | 1 | 1 | 3 | 133-139 | 3 |
| Makedónía | 5 | 1 | 0 | 4 | 117-143 | 2 |
| Austurríki | 5 | 1 | 0 | 4 | 129-140 | 2 |

**MILLIRIÐILL 2**

**RÚSSLAND - HV. RÚSSLAND 39-33 (23-17)**
**FRAKKLAND - SVÍÞJÓÐ 28-30 (16-14)**
**PÓLLAND - KRÓATÍA 28-31 (15-14)**

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 5 | 4 | 0 | 1 | 157-140 | 8 |
| Króatía | 5 | 4 | 0 | 1 | 147-126 | 8 |
| Pólland | 5 | 3 | 0 | 2 | 145-136 | 6 |
| Svíþjóð | 5 | 3 | 0 | 2 | 138-137 | 6 |
| Rússland | 5 | 1 | 0 | 4 | 141-154 | 2 |
| Hvíta-Rússland | 5 | 0 | 0 | 5 | 137-172 | 0 |

**LEIKUR UM 5. SÆTIÐ**

**Ísland - Pólland fös. kl. 15.00**

**UNDANANÚRSLIT**

**Frakkland - Spánn fös. kl. 17.30**
**Danmörk - Króatía fös. kl. 20.00**



**SVEKKTIR** Pólverjar voru niðurlútir eftir tapið gegn Króatíu í Árósum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Strákarnir mæta Póllandi

**HANDBOLTI** Króatía hafði betur gegn Póllandi í hreinum úrslitaleik í milliriðli 2 um hvort liðið fylgdi Frökkum í undanúrslitin. Það þýðir að Ísland leikur gegn Póllandi um fimmta sætið á EM í Herning í Danmörku klukkan 15.00 á morgun.

Frakkland mætir Spáni í fyrri undanúrslitaviðureigninni á morgun en heimamenn leika svo gegn Króötum í síðari leiknum. - esá

# Leikur glötuðu tækifæranna

Danir völtuðu yfir Ísland í leik sem skipti engu máli. Strákarnir okkar voru sjálfum sér verstir í leiknum. Klúðruðu aragrúa frábærra færa og leyfðu frábæru liði Dana síðan að keyra yfir þá.

**Henry Birgir Gunnarsson**
henry@frettabladid.is
**Daníel Rúnarsson**
danielr@365.is
Frá EM í Álaborg



**HANDBOLTI** Strákarnir okkar voru teknir í bakaríið, 32-23, af stórkostlegu handboltaliði Dana í Boxen í Herning í gær. Eftir flotta spilamennsku framan af molnaði undan leik okkar manna sem síðan fengu vænan skell.

Það var ljóst fyrir leikinn að hann yrði aðeins upp á stoltið. Sigur Austurríkis á Ungverjum í leiknum á undan gerði það að verkum að Ísland spilar um fimmta sætið í mótinu.

Danir gátu leyft sér þann munað að byrja með Mikkel Hansen og Niklas Landin á bekknum. Danir eiga þó tvo góða menn í hverja stöðu þannig að fjarvera þeirra breytti engu. Mads Mensah leysti Hansen af hólmi og skoraði fjögur fyrstu mörk leiksins. Jannick Green var ótrúlegur í markinu og varði sextán skot í fyrri hálfleik eða tíu fleiri en kollegar hans á hinum enda gólfsins.

### Skytturnar skoruðu að vild

Varnarleikur Íslands lungann úr fyrri hálfleik var nákvæmlega enginn. Það var ekkert stigið út í skytturnar sem skoruðu nánast að vild. Danir tóku hraða miðju hvað eftir annað, fóru upp og lúðruðu boltanum í markið.

Sóknarleikur íslenska liðsins var aftur á móti mjög góður. Strákarnir áttu flott svör við framliggjandi vörn Dana. Komu sér í góð færi en nýttu færi sín alveg skelfilega. Ísland var fjórum mörkum undir í hálfleik, 17-13, þökk sé öllum glötuðu dauðafærunum, slakri vörn og lítilli markvörslu.

Danir voru ekkert á því að slaka á klónni í síðari hálfleik. Það hefðu verið alger vörusvik við þá 14 þúsund áhorfendur sem héldu enn og aftur uppi frábærri stemningu í Boxinu. Strákarnir okkar voru ekki eins klókir að opna dönsku vörnina í síðari hálfleik og náðu á löngum kafla varla skoti á markið. Sóknarleikurinn varð pínlegur á kafla.



**STRÍÐSÖSKUR** Róbert Gunnarsson í baráttu við tvo danska leikmenn á línunni í gær. Strákarnir lentu í miklu basli með Jannick Green, frábæran markvörð Dana, í Herning í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Þjóðhátíð hjá Dönum

Þegar síðari hálfleikur var tæplega hálfnaður var munurinn orðinn níu mörk, 26-19. Þá var Aroni landsliðsþjálfara nóg boðið og hann tók leikhlé. Það var aftur á móti þjóðhátíð hjá áhorfendum sem sungu ættjarðarsöngva og tóku „bylgjuna“ svo mínútum skipti. Leikhléið breytti engu, Danir héldu áfram að gleðja fólkið í stúkunni og unnu sanngjarnan stórsigur.

### Hressileg áminning

Þó svo Ísland hafi staðið sig frábærlega á EM þá var þessi leikur hressileg áminning um hvað liðið á langt í þau allra bestu. Ísland er svo sannarlega á meðal bestu handknattleiksþjóða heimsins en í augnablikinu nokkrum skrefum á eftir þeim allra bestu.

Ísland teflir líka fram ungu liði á þessu móti. Það er enginn Alexander, Arnór Atla og svo er Aron Pálmarsson að spila á hálfum hraða. Á móti kemur að við erum að eignast fleiri frambærilega handboltamenn, hópurinn er að stækka og Aron svo sannarlega á réttri leið með liðið. Að spila um fimmta sæti á EM eftir allt sem á undan er gengið er stórkostlegur árangur.

# Skandall að tapa svona stórt fyrir Dönum

Aron Pálmarsson segir að íslenska landsliðið hafi einfaldlega spilað illa.

**HANDBOLTI** „Það var við ofurefli að etja í dag,“ sagði Aron Pálmarsson eftir að Ísland tapaði fyrir Danmörku í gær, 32-23, í lokaleik milliriðlakeppninnar í Herning. Eftir ágæta byrjun stungu Danir af í síðari hálfleik og sáu til þess að okkar menn ættu ekki afturkvæmt.

„Við spiluðum einfaldlega illa og þetta var hundleiðinlegur leikur. Það var frábær stemning í höllinni enda áhorfendur í miklu stuði. Í leiknum féll allt þeim í hag en engu að síður tel ég að það hafi verið algjör skandall að tapa svona stórt fyrir þeim.“

Strákarnir voru vel inni í leiknum í fyrri hálfleik en létu markvörðinn Jannick Green leika sig grátt. Hann varði sextán skot í fyrri hálfleik og alls 23 skot í leiknum.

„Við tókum margar slæmar ákvarðanir í fyrri hálfleik sem fóru illa með okkur. Ég og fleiri tókum til að mynda skot að óþörfu og fleira þannig lagað. Við hefðum átt að gera miklu betur.“

Hann segir að Ísland hafi einfaldlega hitt á slæman leik. „Við vorum bara lélegir, sérstaklega í seinni hálfleik. Sóknarleikurinn var skelfilegur – varnarleikurinn ekkert spes og þá kom markvarslan ekki með. Þá var þetta mjög erfitt.“

Ísland mætir Póllandi í leik um fimmta sætið í Herning á morgun. „Við getum glaðst yfir því enda væri fimmta sætið frábær árangur. Það er líka ágætt að fá einn leik til viðbótar svo fólk muni ekki bara eftir skítaleik eins og þessum.“

Aron skoraði þrjú mörk í leiknum í gær en spilaði lítið í síðari hálfleik. - esá, hbg



**TEKINN FÖSTUM TÖKUM** Henrik Möllgaard passar hér upp á Aron Pálmarsson í leik Íslands og Danmerkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**964 ÞRISTAR** Páll Axel Vilbergsson hefur spilað fyrir tvö félög í úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ef ekki í kvöld þá kemur þetta bara seinna

## Páll Axel Vilbergsson getur bætt metið yfir flestar þriggja stiga körfur í úrvalsdeild karla í körfubolta

**KÖRFUBOLTI** Páll Axel Vilbergsson getur í kvöld orðið sá leikmaður sem hefur skorað flestar þriggja stiga körfur í sögu úrvalsdeildar karla. Hann vantar einn þrist til að jafna met Guðjóns Skúlasonar sem er búinn að vera í efsta sæti listans í marga áratugi. Guðjón skoraði 965 þrista í 409 leikjum en Páll Axel er kominn með 964 þrista í 378 leikjum.

„Ég er kominn í aðeins nýtt hlutverk þarna í Borgarnesi og fyrir okkur snýst þetta bara um að bæta leik liðsins og safna stigum. Ég má ekkert vera að því að velta þessu eitthvað fyrir mér,“ segir Páll Axel um metið en hann er nú orðinn spilandi aðstoðarþjálfari liðsins.

Páll Axel er samt líklegur til að bæta metið strax í kvöld, því hann skoraði sjö þrista í síðasta leik, er með 3,2 þrista að meðaltali í leik á tímabilinu og hefur skorað tvær eða fleiri þriggja stiga körfur í níu af tíu deildarleikjum sínum í vetur.

„Ég er búinn að segja það við einhverja að ef heilsan leyfir þá ætla ég mér spila í fimm ár í viðbót. Ef ég næ ekki að skora tvær þriggja stiga körfur á næstu fimm árum þá er ég bara lélegur og ætti bara að hætta þessu,“ segir Páll Axel í léttum tón. Hann er nýorðinn 36 ára.

„Ef þetta kemur ekki á morgun (í kvöld) þá kemur þetta bara seinna. Ég get ekki látið eltingaleik við eitthvert met þvælast fyrir því að Skallagrímur nái góðum úrslitum,“ segir Páll Axel.

Skallagrímur vann góðan sigur í Stykkishólmi í síðustu umferð en liðið tekur á móti Stjörnunni í Fjósinu í Borgarnesi í kvöld.

„Það var góður liðsbragur á þessu hjá okkur í Hólminum og við erum loksins komnir með amerískan leikmann sem er mjög góður,“ segir Páll Axel en hann og Benjamin Smith skoruðu saman 79 stig og 14 þrista í leiknum. „Við byrjuðum tímabilið illa og það er búið að ganga illa. Núna þurfum við bara að safna stigum,“ sagði Páll Axel um framhaldið. **- óój**



**GAMLI FYRIRLIÐINN** Bjarni var lykilmaður í Íslandsmeistaraliði KR í sumar en er nú þjálfari Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bjarni mætir KR í kvöld

**FÓTBOLTI** Reykjavíkurmótið í knattspyrnu er í fullum gangi og eru tveir leikir á dagskrá í kvöld. Þeirra á meðal er viðureign Fram og KR sem er merkileg fyrir þær sakir að Bjarni Guðjónsson, sem tók við þjálfun Fram í haust, mætir sínu gamla félagi í fyrsta sinn eftir að hann lagði skóna á hilluna að loknu tímabilinu í sumar.

Bjarni hefur gert miklar breytingar á leikmannahópi Fram en liðið byrjaði undirbúningstímabilið með því að vinna Leikni, 2-0, í fyrsta leik Reykjavíkurmótsins fyrr í mánuðinum.

Leikur Fram og KR, sem er í A-riðli, hefst í Egilshöll klukkan 19.00. Að honum loknum hefst viðureign Fjölnis og ÍR. **- esá**



**NÓG AÐ GERA** Andy Johnston, þjálfari Keflavíkur, stýrir svokölluðu Icelandairliði í báðum stjörnuleikjunum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stjörnulið KKÍ valin í gær

**KÖRFUBOLTI** Í gær voru endanlegir leikmannahópar fyrir stjörnuleikshátíð KKÍ kynntir en leikirnir fara fram í Schenker-höllinni að Ásvöllum í Hafnarfirði á laugardaginn. Leikið verður bæði í karla- og kvennaflokki.

Keflavík á flesta leikmenn í karlaflokki eða fjóra talsins en alls taka leikmenn úr tíu liðum þátt í leiknum. Snæfell á flesta leikmenn kvennamegin eða fimm talsins en þar eiga öll átta lið fulltrúa í liðunum. Hópana má sjá alla á íþróttavef Vísis.

Auk hefðbundinna stjörnuleikja verður einnig keppt í þriggja stiga keppni auk þess sem karlarnir taka þátt í troðslukeppni. Hátíðin hefst klukkan 13.00 á laugardag. **- esá**

MENU

M/S GULLFOSS

Hátíðarmatseðill í tilefni
100 ára afmælis Eimskipafélags Íslands

GULLFOSS Á 1919

Árið 1919 flutti Eimskipafélag Íslands höfuðstöðvar sínar að Pósthússtræti 2 þar sem veitingastaðurinn 1919 er nú til húsa. Í tilefni aldarafmælis félagsins bjóðum við upp á dýrindis matseðil að hætti fyrsta farþega- og millilandaskips Eimskipafélagsins, m/s Gullfoss.

Afmælismatseðill til 2. febrúar

5.950 kr.

Forréttur
Saltfiskur í rúgbrauðsraspi
borinn fram með dillkremi ásamt súrsuðum rauðlauk

Aðalréttur
Hægeldaðir lambaskankar
bornir fram með kartöflumús og rauðvínssósu

Eftirréttur
Vanillu crème brûlée með ananas sorbet

Kaffi/te innifalið

Borðapantanir í síma 599 1050



JANÚAR

1919 RESTAURANT AND LOUNGE

Radisson BLU 1919 Hótel · sími 599 1050

Pósthússtræti 2 · 101 Reykjavík

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.05
**Heilsugengið**

Vandaður og fróðlegur íslenskur þáttur sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Pátturinn er í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.



### Nigellissima
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Hin þekkta Nigella Lawson sýnir okkur hversu auðvelt það getur verið að laða fram töfra ítalskrar matargerðar úr því hráefni sem fæst í heimabyggð. Vandaðir þættir frá BBC.



### Tekinn
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.15** Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk'd með Ashton Kutcher. Auddi hrekkir þjóðþekkta einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar.



### The Biggest Loser – Ísland
**SKJÁR EINN KL. 20.40** Stærsta framleiðsla sem SkjárEinn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir.

### X-ið 977 kl. 07.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA

Í FULLU FJÖRI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

**Stillanleg heilsurúm í sérflokki!**
20%-35% afsláttur



Þráðlaus fjarstýring
**Fæst í mörgum stærðum.**

**C&J STILLANLEGT**
með Infinity heilsudýnu
**Verðdæmi** 2x90x200 cm
Fullt verð kr. 581.800 **ÚTSÖLUVERÐ KR. 465.440**

**Vandaðar dúnsængur**
20-30% afsláttur
140x200 verð frá
**kr. 19.900**

QUILTS OF DENMARK®



**Tempur® Original heilsukoddi!**
50% afsláttur
Útsöluverð
**kr. 8.950**
Verð kr. 17.900

ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSALA
Takmarkað magn

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Allir aðrir Tempur® heilsukoddar **25% afsláttur**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566
**Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16**


### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In the Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Nashville**
**11.50** **Suits**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Love and Other Drugs**
**14.55** **The O.C**
**15.40** **Hundagengið**
**16.05** **Ofurhetjusérsveitin**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.40** **The Michael J. Fox Show** *(11:22)*
**20.05** **Heilsugengið** Vandaður og fróðlegur íslenskur þáttur sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.
**20.30** **Masterchef USA** *(4:25)* Stórskemmtilegur matreiðluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**21.10** **The Blacklist** *(12:20)*
**21.55** **Person of Interest** *(1:23)* Önnur þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.40** **NCIS. Los Angeles** *(22:24)*
**23.25** **The Tunnel**
**00.15** **Breathless**
**01.00** **The Cell 2**
**02.35** **Spaugstofan**
**03.00** **Banshee**
**03.50** **Love and Other Drugs**
**05.40** **Heilsugengið**

### SPORT
*besta sætið*

**07.00** **Man. Utd. - Sunderland**
**13.05** **Spænsku mörkin**
**13.35** **Betis - Real Madrid**
**15.15** **Kynning á liðum** Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum.
**15.45** **Man. Utd. - Sunderland**
**17.25** **Sportspjallið**
**18.05** **World's Strongest Man 2013**
**19.00** **Fjórgangur** Bein útsending
**22.00** **World's strongest man 1984**
**23.00** **New York - Brooklyn**

### SPORT 2
*enski boltinn*

**12.10** **Liverpool - Aston Villa**
**13.50** **Chelsea - Man. Utd.**
**15.30** **Messan**
**16.55** **Swansea - Tottenham**
**18.35** **Man. City - Cardiff**
**20.15** **Premier League World**
**20.45** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.40** **Football League Show**
**22.10** **Arsenal - Fulham**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

### STÖÐ 3

**17.25** **Top 20 Funniest**
**18.05** **How To Make It in America**
**18.30** **Game tíví**
**19.00** **Ben and Kate**
**19.25** **1600 Penn**
**19.45** **American Idol** *(3:37)*
**21.10** **Shameless** *(8:12)*
**22.05** **The Tudors** *(10:10)*
**23.00** **Grimm** *(10:22)* Önnur þáttaröðin um persónur úr ævintýrum Grimmbræðra sem hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**23.45** **Strike Back**
**00.30** **Ben and Kate**
**00.50** **1600 Penn**
**01.10** **American Idol**
**02.35** **Shameless**
**03.30** **The Tudors**
**04.30** **Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin

**07.00** Skógardýrið Húgó **07.23** Elías **07.34** UKI **07.39** Ævintýraferðin **07.52** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.46** Hvellur keppnisbíll **09.56** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Ofurhundurinn Krypto **10.43** Latibær **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Skógardýrið Húgó **11.23** Elías **11.34** UKI **11.39** Ævintýraferðin **11.52** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.46** Hvellur keppnisbíll **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Ofurhundurinn Krypto **14.43** Latibær **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Skógardýrið Húgó **15.23** Elías **15.34** UKI **15.39** Ævintýraferðin **15.52** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.46** Hvellur keppnisbíll **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Ofurhundurinn Krypto **18.43** Latibær **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Pláneta 51 **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**06.12** **Tónlistarmyndbönd**
**17.50** **Strákarnir**
**18.20** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Grey's Anatomy** *(9:24)*
**20.45** **Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**21.15** **Tekinn**
**21.40** **The Drew Carey Show** *(20:24)*
**22.00** **Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**22.30** **Game of Thrones**
**23.25** **Hæðin**
**00.15** **Twenty Four**
**01.00** **Touch of Frost**
**02.45** **Hið blómlega bú**
**03.25** **Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**03.45** **Tekinn**
**04.15** **The Drew Carey Show**
**04.40** **Curb Your Enthusiasm**
**05.06** **Game of Thrones**
**05.56** **Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ

**10.20** **Hemingway and Gellhorn**
**12.50** **Airheads**
**14.25** **Tower Heist**
**16.10** **Hemingway and Gellhorn**
**18.40** **Airheads**
**20.15** **Tower Heist**
**22.00** **Sleeping with The Enemy**
**23.40** **Abduction**
**01.25** **The Dept**
**03.15** **Sleeping with The Enemy**

### RÚV

**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Franklín**
**17.42** **Grettir**
**17.55** **Stundin okkar**
**18.25** **Táknmálsfréttir**
**18.35** **Melissa og Joey**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.05** **Nigellissima** *(1:6) (Nigellissima)* Hin þekkta Nigella Lawson sýnir okkur hversu auðvelt það getur verið að laða fram töfra ítalskrar matargerðar úr því hráefni sem fæst í heimabyggð. Vandaðir þættir frá BBC.
**20.40** **Frankie** *(1:6)* Ljúf og skondin þáttaröð frá BBC um hjúkrungarfræðinginn Frankie sem tekst á við ýmsar áskoranir í starfi sínu, en er staðráðin í að gera heiminn örlítið betri á hverjum degi.
**21.35** **Best í Brooklyn** *(1:13) (Brooklyn Nine-Nine)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Glæpahneigð** *(6:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.00** **Erfingjarnir** *(3:10) (Arvingerne)*
**00.05** **Kastljós**
**00.25** **Fréttir**
**00.35** **Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.45** **90210**
**17.35** **Dr. Phil**
**18.20** **Parenthood**
**19.10** **Cheers**
**19.35** **Trophy Wife**
**20.00** **Svali&Svavar** *(3:10)* Þeir félagar Svali og Svavar hafa brallað ýmislegt í gegnum árin. Svali hefur örlítið minni smekk fyrir lífsins lystisemdum en Svavar en að sama skapi fer ekki mikið fyrir hreyfiþörf hjá Svavari.
**20.40** **The Biggest Loser - Ísland** *(1:11)* Stærsta framleiðsla sem SkjárEinn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir
**21.40** **Scandal** *(2:22)*
**22.30** **Happy Endings** *(21:22)*
**22.55** **Parks & Recreation**
**23.20** **CSI**
**00.10** **Franklin & Bash**
**01.00** **Excused**
**01.25** **Necessary Roughness**
**02.15** **Blue Bloods**
**03.05** **Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.15** PGA Tour 2014 **11.15** Feherty **12.00** PGA Tour 2014 - Highlights **12.55** PGA Tour 2014 **15.55** Feherty **16.40** Golfskóli Birgis Leifs **17.05** Golfskóli Birgis Leifs **17.30** Inside The PGA Tour 2014 **17.55** Herminator Invitational **18.30** Herminator Invitational **19.10** Feherty **19.35** Inside The PGA Tour 2014**20.00** PGA Tour 2014

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

next

# ÚTSALA

# 20% VIÐBÓTAR-AFSLÁTTUR*

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

# 40-60% AFSLÁTTUR

* Viðbótarafsláttur reiknast af afsláttarverði vöru. Dæmi: Verð kr. 5.000 x 60% afsláttur = verð kr. 2.000 x 20% viðbótarafsláttur = verð alls kr. 1.600

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

Fylgstu með okkur á Facebook

OPIÐ

| | |
|---|---|
| mán. - mið. | 10:00 - 18:30 |
| fimmtudaga | 10:00 - 21:00 |
| föstudaga | 10:00 - 19:00 |
| laugadaga | 10:00 - 18:00 |
| sunnudaga | 13:00 - 18:00 |

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

## DRYKKURINN



**„Fresca þykir mér einstaklega smart og góður drykkur, þá sérstaklega þegar ég er í bíó.“**

Arnaldur Ernst
leikari

# Flúrar bæði pabba og mömmu

Aðalborg Birta Sigurðardóttir húðflúrnemi fann sig í flúrinu en ekki í skólanum.

„Það er í raun leiðinlegt hvað það eru miklu fleiri strákar í þessu en stelpur. Ég held samt að stelpur séu alveg jafn mikið fyrir þetta,“ segir Aðalborg Birta Sigurðardóttir, en hún er 21 árs gamall húðflúrnemi á Húðflúrstofu Norðurlands.

Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á því að teikna og mála en fann sig ekki í skóla.

„Ég fann mig aldrei í skóla því ég vildi bara teikna. Mamma sem er lögfræðingur og fín frú, kom til mín einn daginn og sagðist hafa hugsað þetta út og inn og sagði mér að fara læra að flúra. Það kom mér pínu á óvart en hún styður mig í öllu saman,“ útskýrir Aðalborg Birta.

Hún segist jafnframt ætla að flúra móður sína og föður á næstunni. „Mamma er komin með hugmynd að flúri og pabbi ætlar líka að fá sér flúr hjá mér.“

Hana langaði mikið til þess að fara til Taílands að læra flúrun en það var mjög kostnaðarsamt. „Það er boðið upp á svona nám víðs vegar en það kostar alltaf slatta,“ segir Aðalborg Birta, sem er mjög sátt við sig á Húðflúrstofu Norðurlands.

Í húðflúrgerð má ekkert klikka. „Þetta er mjög erfitt og mun erfiðara en ég hélt, en Jón Óli er frábær kennari.“

Aðalborg Birta er komin með læksíðu á Facebook og náði sér í yfir sex hundruð læk á tæpum sólarhring. „Ég er ótrúlega ánægð og þakklát með viðtökurnar.“

- glp



**FAGURKERI OG FLÚRARI** Aðalborg Birta Sigurðardóttir, húðflúrnemi á Húðflúrstofu Norðurlands. MYND/EINKASAFN




# Barðist um réttinn að Svani Guðbergs

„Það gerðist eitthvað þegar ég las þessa bók sem varð til þess að mig langaði að gera bíómyndir,“ segir Ása Helga Hjörleifsdóttir um mynd eftir bókinni Svaninn eftir Guðberg Bergsson. Myndin var valin á Berlinale Co-production.

Mynd sem Ása Helga Hjörleifsdóttir hyggst gera eftir bókinni Svaninum eftir Guðberg Bergsson var valin á Berlinale Co-production-markaðinn.

„Vonandi leiðir þetta til þess að við getum farið í tökur fljótlega,“ segir Ása Helga. Vintage Pictures framleiðir myndina. Handritið er tilbúið, en markaðurinn gerir Ásu kleift að kynna sig fyrir hugsanlegum meðframleiðendum að myndinni. „Berlinale Co-production er einn stærsti kvikmyndamarkaður í Vesturheimi. Það væri óskandi að við nældum okkur í útlenska meðframleiðendur á þessum markaði.“

Ásu hefur lengi langað að gera kvikmynd eftir þessari bók. „Það gerðist eitthvað þegar ég las þessa bók sem varð til þess að mig langaði að gera bíómyndir. Þessa baksögu gat ég notað í sumar þegar ég var að berjast fyrir réttinum til þess að gera myndina.“

Ása Helga þurfti að keppa um réttinn að bókinni við aðra kvikmyndagerðarmenn. „Núna síðast sóttust erlendir kvikmyndagerðarmenn eftir réttinum, en ég naut trausts Guðbergs fyrir þessu verkefni. Hann hefur verið mér hliðhollur frá upphafi. Ég hef unnið að handritinu frá því ég var að læra kvikmyndagerð við Columbia-háskólann.“

Ása Helga segir að líklega hafi Guðbergur tengt sig við eitthvað í handriti hennar. „Það er ekki síst existensíalisminn í bókinni sem heillaði mig og ég reyni að halda honum í handritinu. Annar þráður í bókinni hans sem ég reyni að miðla í handritinu eru ákveðnar hliðstæður í náttúru mannsins og í náttúrunni umhverfis manninn.“

„Ég ætla mér að nýta möguleika kvikmyndaformsins. Í sögunni er mikið af innri einræðum hjá aðalpersónunni sem er níu ára barn. Það er krefjandi að breyta því í myndmál, en ég hef ýmsar hugmyndir.“



**KEPPNISMANNESKJA** Ása Helga Hjörleifsdóttir lærði kvikmyndagerð við Columbia-Háskólann í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Alls eru 39 verkefni alls staðar að úr heiminum valin á Berlinale. Þar af eru tíu myndir sem eru fyrstu myndir leikstjóra í fullri lengd. Svanurinn verður fyrsta kvikmynd Ásu í fullri lengd, en hún hefur áður gert stuttmyndina Ástarsögu. „Af þessum tíu eru þrjár valdar sem þykja sérstaklega efnilegar. Ég fékk að vita það í gær að Svanurinn er ein af þeim. Ástarsaga hefur hjálpað mér við að sanna mig sem leikstjóri, hún hefur farið víða og fengið mörg verðlaun, og hún hefur vafalaust hjálpað óbeint til við að koma Svaninum inn á hátíðina.“

ugla@frettabladid.is

# Landsliðið leikur Led Zeppelin

Tónleikar til heiðurs einni virtustu rokksveit sögunnar haldnir í mars.

„Þessi tónlist er í miklu uppáhaldi hjá mér og ég held það sé ansi erfitt að finna manneskju sem fílar ekki Led Zeppelin,“ segir Smári Hrólfsson, einn eigenda viðburðafyrirtækisins Dægurflugunnar, sem skipuleggur tónleika til heiðurs Led Zeppelin í Eldborgarsal Hörpu 21. mars.

Hljómsveitin sem ætlar að setja sig í spor Zeppelin er sett saman af Þóri Úlfarssyni tónlistarstjóra og er valinn maður hverju rúmi.

„Við ákváðum að halda þessa tónleika eftir velgengni ELO-heiðurstónleikanna sem voru á síðasta ári.“ Dægurflugan leggur fimm hundruð krónur af hverjum miða til Mottumars. „Við viljum bara styrkja gott málefni.“

„Allir sem koma að þessu hafa brennandi áhuga á tónlist Zeppelin þannig að allir leggja sig sérstaklega mikið fram,“ bætir Smári við.



**EIRÍKUR HAUKSSON**

Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Sveitin er meðal vinsælustu listamanna heims og hafa selst um þrjú hundruð milljón plötur á heimsvísu.

Á þessum tónleikum verða spiluð bestu lög þessarar frábæru hljómsveitar. Um sönginn sjá rokkararnir Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Stefán Jakobsson.

Miðasala hefst í dag klukkan 12 á hádegi.

- glp

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

# FRÁBÆR KAUPAUKI!

2x2 lítrar




Þú kaupir 2 l af Coca-Cola og færð 2 l af Coca-Cola zero með í kaupunum

**297 kr. stk.**

Coca-Cola 2 lítrar

Hámark 4 Coke zero á mann á meðan birgðir endast!

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**Seleste** umgjarðir beint frá Þýskalandi
á **50% afslætti**
prooptik gleraugu


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bomban snýr aftur



Skemmtiþátturinn Spurningabomban snýr aftur á Stöð 2 annað kvöld en stjórnandinn **Logi Bergmann** snýr að sjálfsögðu aftur í sitt hlutverk. Þátturinn verður með hefðbundnu sniði nema að Logi mun bjóða áhorfendum upp á áður óséð atriði úr hæfileikakeppninni Ísland Got Talent sem fer í loftið á sunnudag. Logi er þögull sem gröfin um hvað gerist í atriðinu en heimildir Fréttablaðsins herma að þar fari sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal á kostum.

- lkg

### Björk segir brandara

**Björk Vilhelmsdóttir** sló á létta strengi á síðasta borgarstjórnarfundi. Hún var í pontu að ræða um nýja stefnu borgarinnar í málefnum utangarðsmanna og taldi til öll þau hagsmunasamtök sem komu fram með sjónarmið sín við gerð stefnunnar. Í lok ræðunnar sagði hún: „Eini aðilinn sem ekki var fenginn til að segja umsögn var **Einar Örn Benediktsson**, sem verður að teljast furðulegt því hann var umboðsmaður Utangarðsmanna í mörg ár.“ Brandari Bjarkar uppskar glott og hlátur borgarfulltrúa en Einar Örn, sem er borgarfulltrúi Besta flokksins, var umboðsmaður hljómsveitarinnar um árabil.

- ebg



## Mest lesið VÍSIR

1. Pepsi svínaði á Íslendingi: Fékk tvo boli fyrir alþjóðlega auglýsingu
2. Stórglæsilegar léttklæddar á Húsavík
3. Átta ára drengur lést eftir að hafa bjargað fjölskyldu sinni úr eldsvoða
4. Björn Bragi verður umsjónamaður HM-stofunnar næsta sumar
5. Veðjað um næsta útvarpsstjóra
6. Fundu risastóran demant í Suður-Afríku




Facebook.com/veromodaiceland
Instagram @veromodaiceland



DELL
The power to do more

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-3502

# Viltu losna við aukakílóin?

Dell Latitude E7440 – Létt og öflug fartölva fyrir kröfuharða.



**Þjónustuábyrgð Dell (DBS)**
Þessari vél fylgir „Dell Branded Services“ sem tryggir betri og fljótari þjónustu.

**Hámarks fjárfesting**
Nýtir sömu tengikví og spennubreyta og áður.

intel inside CORE i7

**1,6 kg**
Fislétt og fáguð, vegur ekki nema 1600 grömm.

**21 mm**
Ótrúlega nett og 33% þynnri en forveri sinn.

**16 GB**
Sérlega öflug og hraðvirk, allt að 16GB vinnsluminni.

**13 klst.**
Rafhlaðan endist í allt að 13 tíma. Fer m.a. eftir stillingum.

Hringdu í síma **440 9010** eða sendu póst á **sala@advania.is** og fáðu upplýsingar um þessa frábæru vél.

**Velkomin í verslanir okkar:**

**Guðrúnartún 10, Reykjavík**
Opið mán. til fös. frá 8 til 18
Lau. frá 12 til 16

**Tryggvabraut 10, Akureyri**
Opið mán. til fös. frá 8 til 17

advania.is

advania
Welcome to IT

Intel, merki Intel, Intel Core og Core inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.